

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

Markaðsstofa Vestfjarða



Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála hafa frá árinu 2016 staðið sameiginlega að gerð áfangastaðaáætlana fyrir alla landshluta í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna sem fara með verkefnisstjórn áætlanagerðarinnar á sínum svæðum.

Áfangastaðaáætlun Vestfjarða var unnin af Markaðsstofu Vestfjarða fyrir Ferðamálastofu.

Efnisyfirlit

1	Samantekt.....	9
2	Áfangastaðaáætlanir	15
2.1	Hlutverk og gildi áfangastaðaáætlana.....	15
2.2	Vestfirðir	16
2.3	Uppbygging og framkvæmd áætlunargerðar á svæðinu.....	17
3	Stöðugreining	20
3.1	Staða ferðapjónustu á svæðinu	20
3.1.1	Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur - Starfsleyfi í gildi 2017	20
3.1.2	Gistipjónusta	21
3.1.2.1	Gistinætur á Vestfjörðum.....	23
3.1.2.2	Gestakomur á Vestfjörðum.....	26
3.1.3	Veitingapjónusta	27
3.1.4	Matvara.....	27
3.1.5	Upplýsingamiðstöðvar og gestastofur.....	27
3.1.6	Dægradvöl og upplifun.....	27
3.1.7	Viðburðir	29
3.1.8	Vegir og vegslóðar.....	30
3.1.8.1	Umferðatölur á Vestfjörðum.....	30
3.1.9	Útivistastígar og gönguleiðir.....	32
3.1.10	Áningarstaðir og bílastæði	33
3.1.11	Almenningssamgöngur.....	33
3.1.12	Bílaleigur.....	34
3.1.13	Leigubílar.....	34
3.1.14	Bifreiðaverkstæði	34
3.1.15	Bensínstöðvar	34
3.1.16	Flug og flugvöllir.....	35
3.1.16.1	Flugfarþegarfjöldi á Vestfjörðum	35
3.1.17	Hafnir og bátaástaða.....	36
3.1.17.1	Fjöldi koma skemmtiferðaskipa til Vestfjarða og farþegar	36
3.1.18	Landbúnaður, veiðar og náttúrunytjar	37
3.1.19	Friðlýst svæði og fólkvangur.....	38
3.1.20	Minjar.....	38
3.1.21	Menntun og rannsóknir.....	38
3.1.22	Iðnaður og efnistaka.....	38
3.1.23	Vatnsvirkjanir og jarðhiti.....	39
3.1.24	Umhverfis og sorpmál.....	39

3.1.25	Öryggismál.....	39
3.2	Markaðsgreining	42
3.2.1	Þjóðerni.....	42
3.2.2	Áhugasvið ferðamanna.....	44
3.3	Ímynd svæðis og aðdráttarafl	46
3.4	Mat á framlagi ferðapjónustu til svæðisins	47
3.5	Mat á áhrifum ferðapjónustu á svæðinu.....	50
3.5.1	Fjöldi ferðamanna,	51
3.5.2	Eyðsla ferðamanna.....	51
3.5.3	Umferð og umferðatölur	51
3.5.4	Álag á staði í umhverfinu.....	51
3.5.5	Áningarstaðir	55
3.5.6	Staðbundin þjónusta og aðstaða.....	56
3.5.7	Skemmtiferðaskip	56
3.6	Stefnumótun og markaðsmál.....	60
3.6.1	Stefnumótun.....	60
3.6.1.1	Áætlanir á landsvísu	60
3.6.1.2	Skipulag sveitafélaga á Vestfjörðum	62
3.6.1.3	Svæðiskipulag.....	63
3.6.1.4	EarthCheck.....	64
3.6.1.5	Ferðamálasamtök Vestfjarða	65
3.6.2	Markaðsmál	66
3.7	SVÓT-greining	69
3.8	PESTLE-greining.....	70
3.9	GAP-greining.....	73
3.10	Helstu áskoranir.....	74
4	Framtíðarmarkmið.....	76
4.1	Framtíðarsýn	76
4.2	Tengsl við aðra áætlunargerð	76
4.3	Meginmarkmið.....	76
4.4	Starfsmarkmið.....	77
5	Stefna og aðgerðaáætlun	79
5.1	Hvernig ferðapjónustu viljum við?.....	79
5.2	Helstu markaðir	79
5.3	Möguleikar svæðisins.....	82
5.4	Lágmörkun neikvæðra áhrifa.....	83
5.5	Aðgerðaáætlun	84

5.5.1	Vestfirðir allir	84
5.5.2	Norðursvæði	91
5.5.3	Suðursvæði	99
5.5.4	Strandir og Reykhólar	106
6	Mælikvarðar.....	112
7	Kostnaður, mannaflí og úrræði.....	116
8	Lokaorð.....	117
9	Heimildaskrá.....	118

Myndir

Mynd 1. - Sveitafélagaskipting á Vestfjörðum. Mynd: Stjórnarráð Íslands.....	16
Mynd 2. - Skipurit áfangastaðaáætlunar á Vestfjörðum.	17
Mynd 3. - Ferðaþjónustgreingar 2015. Mynd: Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.	20
Mynd 4. - Gistinætur á Vestfjörðum, dreifing innan árs.....	24
Mynd 5. - Meðalnýting rúma eftir sérstökum mánuðum.	25
Mynd 6. - Gestakomur á Vestfirði 2010-2016.....	26
Mynd 7. - Gestakomur á landvísu 2010-2016.....	26
Mynd 8. - Flokkun þjóðvega. Mynd: Vegagerðin.	30
Mynd 9. - Staðsetningar mælinga. Mynd: Vegagerðin.....	30
Mynd 10. - Ársdagsumferð á völdum stöðum.....	31
Mynd 11. - Sumardagsumferð á völdum stöðum.....	31
Mynd 12. - Vetrardagsumferð á völdum stöðum.....	31
Mynd 13. - Fjöldi bifreiða sem ók til Rauðasands og Látrabjarg sumarið 2016. Mynd: Rögnvaldur og Gyða.....	32
Mynd 14. – Áningastaðir á Vestfjörðum. Mynd: Vegagerðin.....	33
Mynd 15. - Almenningsamgöngur sumar 2017. Mynd: publictransport.is.	33
Mynd 16. - Flugvellir með áætlunarflug á Vestfjörðum.....	35
Mynd 17. - Þróun farþegarfjölda á flugvöllum á Vestfjörðum.	35
Mynd 18. - Fjöldi fiskiskipta eftir landssvæðum 2016. Mynd: Hagstofan.	36
Mynd 19. - Fjöldi komu skemmtiferðaskipa Ísafjarðarhöfn 2012-2017.	37
Mynd 20. - Fjöldi farþegar skemmtiferðaskipa Ísafjarðarhöfn 2012-2017.....	37
Mynd 21. - Silfurvottun sveitafélagana 2017.....	39
Mynd 22. - Heilbrigðisumdæmi Vesfjarða og Vesturlands. Mynd: Stjórnarráð Íslands.	40
Mynd 23. - Staðsetning björgunarsveita á Vestfjörðum. Mynd: Landsbjörg.	40
Mynd 24. - Þjóðerni þeirra sem gistu á Vestfjörðum á árinu 2016.	42
Mynd 25. - Þjóðerni gesta - gestakomur 2016.....	42
Mynd 26. - Þjóðerni gesta út frá gistinóttum.....	43
Mynd 27. - Þjóðerni gesta út frá gestakomum.....	43
Mynd 28. - Áhugasvið ferðamanna.....	44
Mynd 29. - Það sem hafði mest áhrif á ferð til Vestfjarða.	44
Mynd 30. - Rekstrar- og efnahagsyfirlit og efnahagur.	48
Mynd 31. - Áhrif Vestfirskra ferðaþjónustu.	49
Mynd 32. - Troðningar ofan Ritugjár, mynd tekin í júní 2013. Mynd: Umhverfisstofnun.....	53
Mynd 33. - Troðningar ofan við Ritugjár, mynd tekin í ágúst 2017. Mynd: Umhverfisstofnun.....	53
Mynd 34. - Tímabundin salernisaðstaða. Mynd: Vegagerðin.	55
Mynd 35. - Skemmtiferðaskip við Látrabjarg. Mynd: Jón Pétursson af RÚV.is.....	58

Mynd 36. - Áhrifaþættir samkeppnishæfni ferðaþjónustu.....	67
Mynd 37. - SVÓT greining áfangastaðarins Vestfirðir.....	69
Mynd 38 - Þróun líftíma ferðmannastaða, Butler 1980.	71
Mynd 39. - Lykilorð lífsglaða heimsborgarans.....	79
Mynd 40. - Lykilorð sjálfstæða landkönnuðarins.....	80
Mynd 41. - Lykilorð makindalega menningarvitans.....	80
Mynd 42. - Hvaða þættir hver markhópur setur í forgang. Mynd: Íslandsstofa.....	81
Mynd 43. - Hlutdeild ferðmanna eftir hverjum markhóp. Mynd: Íslandsstofa.....	81

Töflur

Tafla 1. - Gististaðir miðað við flokkun Ferðamálastofu.....	21
Tafla 2. - Gistinætur 2012-2016, allar tegundir gististaða.....	23
Tafla 3. – Hlutfallsleg fjölgun gistingu 2012-2016.	23
Tafla 4. - Hlutfall gistingu, allar tegundir og tjaldsvæði.....	24
Tafla 5. - Framboð rúma og meðalnýting 2012-2016, á öllum tegundum gistingu.	24
Tafla 6. - Hlutdeild í gistingu 2010-2016.....	25
Tafla 7. - Hlutdeild í gistingu, án höfuðborgarsvæðisins.....	25
Tafla 8. - Fastir viðburðir yfir árið á Vestfjörðum.	29
Tafla 9. - Mat á áhrifum ferðapjónustunnar á Vestfjörðum.....	50

I Samantekt

Eins og alþjóð veit hefur ferðaþjónustan á Íslandi vaxið mikið síðustu ár og er nú orðin stærsta atvinnugrein á Íslandi. Einn helsti ábati ferðaþjónustu eru gjaldeyrstekjur, þá sérstaklega í dreifbýli á þeim tímum árs sem helst er þörf á að skapa atvinnutækifæri og lífsviðurværi fyrir íbúa.

Samfara fjölgun ferðamanna eykst þörfin á að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu og tryggja að jákvæð áhrif hennar skili sér til samfélaganna. Það þarf því að huga að áfangastaðnum, skoða hann og skipuleggja. Áfangastaður ferðamanna er hins vegar ekki einfalt hugtak og eins og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála segir þá er hugtakið frekar teygjanlegt og tilfinningarlegt (2007). Á svipuðum nótum er umfjöllun Edwards H. Huijbens og Gunnars Þórs Jóhannessonar í bókinni Ferðamál á Íslandi (2013) sem segir að það séu til margar skilgreiningar á hvað áfangastaður sé en í breiðustu merkingu sé hann sá staður eða svæði sem áhrifa ferðaþjónustu gætir. Áfangastaður getur verið svo mismunandi í augum fólks, bæði tilfinningalega og hvernig hann er markaðssettur, ef hann er þá markaðssettur. Edward og Gunnar halda áfram og koma með dýpri útskýringu; „Áfangastaður er, þegar allt kemur til alls, skapaður með tengslum og athöfnum fólks og er í sífelltri mótun. Hann ræðst af aðgengi ferðafólks og þeirri aðstöðu sem heimafólk skapar um það sem báðir aðilar meta sem aðráttarafi“.

Áfangastaðir finna fyrir bæði jákvæðum og neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu sem undirstrikar mikilvægi þess að ferðaþjónusta sé þróuð og henni stýrt á ábyrgan hátt svo jákvæð áhrif séu hámarks. Ferðaþjónusta tengist fjölmörgum ólíkum greinum og því þarf að líta á hana sem mikilvægan þátt í allri áætlanagerð og stefnumótun og samþætta við aðrar áætlanir hins opinbera.

Áfangastaðáætlun Vestfjarða er heildstæð áætlun sem hefur ferðaþjónustu sem meginpunkt. Markmið hennar er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélagsins, um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki. Í áætluninni er horft á ferðaþjónustu út frá víðu sjónarhorni og tekið tillit til margra ólíkra aðila sem eiga hagsmuna að gæta í þróun áfangastaðarins. Áætlunin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfisins og reynir að skapa jafnvægi á milli. Hún gerir íbúum kleift að ákveða hvernig þeir vilja að ferðaþjónusta þróist með tilliti til áhrifa á efnahag og samfélag þeirra og hvaða skref skuli taka í átt að því marki.

Það er hins vegar mikilvægt að hafa það hugfast á áfangastaðáætlun er lifandi skjal sem ætti að vera uppfært og endurskoðað reglulega.

Ferðaþjónustan á Vestfjörðum

Fyrir Vestfirðir skiptir ferðaþjónustan gríðarlegu miklu máli. Líflegra samfélag og aukin þjónusta fyrir íbúa er einungis brot af mörgu sem ferðaþjónustan skapar í verðmætum fyrir Vestfirði. Ferðaþjónustan skapar líka mörg atvinnutækifæri og eins og kemur fram í kafla 3.4 má leiða líkur á því að ferðaþjónustan skili a.m.k. 3,2 milljörðum í verðmætum í heild sinni innan Vestfjarða. Árið 2016 voru 153.623 gestakomur á Vestfirði sem sköpuðu 1.6 gistinótt. Miðað við landið í heild hafa Vestfirðir 3,3% hlutdeild af heildar gestakomum yfir landið árið 2016. Fjölgun gistinátta frá 2012-2016 var 84% sem segir mikið um þá aukningu ferðamanna sem hefur átt sér stað á Vestfjörðum (sjá kafla 3.1.2.2 Gestakomur á Vestfjörðum). Hlutur erlendra ferðamanna er stærri en Íslendinga þegar kemur að þjóðerni en mest kom af Þjóðverjum og Bandaríkjamönnum árið 2016 út frá gestakomum.

Unnin hefur verið greining á stöðu ferðaþjónustunnar á svæðinu þar sem farið er yfir helstu þætti sem tengjast henni á beinan eða óbeinan hátt og er farið nánar í það í kafla 3.1. Dæmi má nefna að 11 ferðaskrifstofur og 47 ferðaskipuleggiendur voru skráðir með leyfi á Vestfjörðum 1. september 2017. 89 gististaðir þar af 15 hótél og 40 gistiheimili voru einnig skráð og 78 staðir með veitingaþjónustu. Undir flokknum afþreying í gagnagrunni Ferðamálastofu eru 45 aðilar skráðir á Vestfjörðum í hina ýmsu undirflokk. 39 aðilar eru síðan skráðir flokknum söfn og sýningar. Þjónustan hefur aukist síðust ár og nýir aðilar að koma inn með meiri afþreyingu. Stutt ferðamannatímabil hefur hins vegar háð ferðaþjónustunni á Vestfjörðum. Þar helst í hendur dreifing ferðamanna um landið, erfiðar samgöngur á sumum svæðum og að ekki er næg þjónusta og afþreying í boði á veturna.

Í stöðugreiningunna er einnig farið yfir hina ýmsu flokka eins og sundstaði og heitar laugar, minjar, viðburði á Vestfjörðum, áningarstaði Vegagerðarinnar, vegi og umferðatölur sem og flugvelli og flugtölur og hvaða almenningssamgöngum eru í boði. Jafnframt er komið inn á öryggismál á Vestfjörðum og umhverfis og sorpmál en sveitafélögin á Vestfjörðum hafa silfurvottun umhverfisvottunarsamtakana Earth Check.

Aðdráttarafl og ímynd Vestfjarða hafa ávallt verið tengd einsök náttúra en markaðssetning byggir mikið á þeim þáttum. Í stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu 2016-2020 var aftur staðfest sú sérstaða og þau einkenni sem dregin voru fram í fyrri stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða (Ferðamálasamtök Vestfjarða, 2016).

Þar kemur fram að einn af aðalkostum svæðisins sé nálægðin við náttúruna, en skilgreining sérstöðu Vestfjarða er grunnforsenda þess að byggja upp samkeppnisforskot svæðisins. Þau lykilatriði sem voru dregin eru fram er:

- Nálægð við einstaka náttúru: Friðlönd, fossar, fjöll, firðir, hreinleiki og dýralíf
- Einstök friðsæld: Afskekkt, fámenni, rólegheit, víðátta og kyrrð
- Öðruvísi upplifun: Við erum ævintýragjörn, sjálfbær, skapandi, menningarleg og dularfull

Áskoranir

Ein helsta áskorun Vestfjarða þegar kemur að ferðaþjónustu eru samgöngur. Þó svo að út frá vissum markaðslegum hugmyndum að Vestfirðir teljist til jaðarsvæða og hughrif um kyrrð og fámenni séu sölulegar fyrir ákveðna markhópa, eru samgöngur erfiðar yfir meirihluta ársins. Að komast á milli áfangastaða er grundvöllur ferðalagsins og samgöngur eitt af lykilatriðunum þegar kemur að uppbyggingu ferðaþjónustu (Gunn, 2002; Edward Huijbens og Gunnar Jóhannesson, 2013). Það kemur líka fram í kafla um markaðsmál 3.6.2. hvað samgöngur hafa mikil áhrif á markaðinn og hve samgöngur eru mikil forsenda allrar ferðaþjónustu. Samgöngur eru því höfuðatriði fyrir bæði gesti og þá sem vilja byggja upp ferðaþjónustu. Vestfirðir eru utan hringvegur og eru samgöngur á milli vissra þéttbýla á svæðinu ekki verið opin eða mjög erfið yfirferðar og því verið ferðaþjónustunni og samfélaginu til vandræða. Til dæmis má nefna eins og vegur um Gufudalssveit/Teigskógur, vetrarþjónusta við Árneshrepp og nú nýjasta bið eftir Dynjandisheiði sem á ekki að byrja á fyrr en Dýrafjarðagöng verða tilbúin. Ekki á þetta bara við um samgöngur á landi en einnig hefur flugið verið erfitt og þá helst á norðanverðum Vestfjörðum. Mikið ákall er eftir nýju flugvallarstaði á norðanverðum Vestfjörðum þar sem takmarkanir eru margar við núverandi flugvöll.

Árstíðarsveiflur eru einnig stór áskorun fyrir ferðaþjónustuna. Út frá þessu má segja að með samgöngum eru helstu áskoranir ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum árstíðasveiflur, samgöngur og síðan troðningur á nokkrum stöðum yfir sumarið vegna takmarkaðra innviða.

Troðningur vegna takmarkaðra innviða kemur fram í kafla 3.5 um mat á áhrifum á svæðinu en vissir staðir eru komnir að þölmörkum þegar kemur að álagi á náttúruna. Einungis voru helstu staðir skoðaðir í þessari skýrslu en ætla má að fleiri staðir eru við það að lenda í vandræðum. Það er í viss áskorun að ná að stöðva þá þróun eða koma í veg fyrir að hún verði á öðrum stöðum. Helst ber að nefna Látrabjarg en mikil þörf er fyrir að fá framtíðarlausn á stöðu mála þar en einnig þarf að huga vel að málum á Dynjanda sem með opnun jarðgangna verður í alfararleið allt árið.

Skemmtiferðaskip

Sér kafla er um skemmtiferðaskip 3.5.7 um mat á áhrifum á svæðinu. Út frá viðhorfi íbúa er rýnt í íbúakönnun sem starfshópur um skemmtiferðaskip á vegum Ísafjarðarbæjar lét gera. Í henni kom fram að um 40% svarenda telja að farþegar skemmtiferðaskipa hafi góð áhrif á bæjarlífið og 35% telja svo ekki vera. 33% svarenda telja hæfilega mörg skip heimsækja Ísafjarðarbæ en ívið fleiri telja þau alltof mörg og riflega helmingur svarenda telja þau of mörg eða alltof mörg. Um 30% svarenda telja farþega skemmtiferðaskipa trufla sitt daglega líf og áhyggjur koma fram í könnuninni um að farþegar skemmtiferðaskipa takmarki aðgengi annarra að þjónustu auk þess sem tæplega 50% svarenda segja

farþega skemmtiferðaskipa trufla sig meira en aðrir ferðamenn. Það kom heim og saman við könnun Eyrúnar Jenný Bjarnadóttur um upplifun heimamanna (2018) en þar kom fram að Vestfirðingar verða oft varir við ferðamenn í sínu daglega lífi og oftast nær án þess að þeir valdi miklum truflunum. Svo virðist sem íbúar á Vestfjörðum finni fyrir álagi vegna komu skemmtiferðaskipa á Ísafjörð.

Skoðuð var upplifun ferðamanna sem almennt var talin jákvæð en einnig skýrsla Edwards Huijbens og Kristins Bergs Gunnarssonar, Skemmtiferðaskip á Íslandi (2014) út frá samfélagsleg- og efnahagslegum áhrifum, það kemur fram hjá þeim að 50-60% af farþegum skemmtiferðaskipa til Vestfjarða fara í skoðunarferðir og kaupa t.d. minjagrip, mat og kaffi. Meðaleyðsla er um 12-15 þús. kr. á farþegar og að 30-40% áhafnar fer í land með meðaleyðslu upp á 2.000 kr á mann (miðað við árið 2013). Þar er áætlað að þjónusta næst höfninni og í göngufæri njóti góðs af og að skemmtiferðaskipafarþegar nýti sér hana. Það ýtir undir hærri þjónustustig og jákvæða bæjarmenningu. Einnig kemur fram að út frá áhrifum annari tegund ferðabjónustu að hætta er á vinsælir ferðamannastaðir sem farþegar skemmtiferðaskipa sækja hvað mest í fáir yfirbrag fjölsótt ferðamannastaðar og fæli aðra farþegar frá vegna fjölda. Edward og Kristinn segja þó að hafa beri í huga að farþegar skipa koma þó í á mjög afmörkuðum tímum og staldra stutt við. Það er ekki fyrr brugðist verður við umhverfisálagi af þessum gestafjölda að yfirbragð þessara staða gæti breyst, sömuleiðis ef ekkert verður að gert og ásýnd staða eyðileggist af álaginu.

Ísafjarðarhöfn hefur markaðssett höfnina sem áfangastað fyrir skemmtiferðaskip í rúmlega 20 ár og á þeim tíma hefur ferðabjónusta byggst upp í kringum þennan hóp farþega. Til móts við samfélagsleg og umhverfisleg áhrif vegna skipakoma þarf því að meta þá efnahagslegu þætti sem felast í að rúmlega helmingur af tekjum Ísafjarðarhafnar er vegna skipa og umtalsverður fjöldi ferðabjóna hefur tekjur af skipunum.

Farið er síðan í málefni landtöku við friðland Hornstranda, við Dynjanda og Látrabjarg en borið hefur á komum skemmtiferðaskipa þar við og hleypt fólki í land.

SVÓT greining

Innan áfangastaðaáætlunar eru notaðar nokkrar almennar greingar er eins og SVÓT, GAP og PESTLE.

SVÓT greining var unnin af svæðisráði áfangastaðaáætlunar en hún kemur fram með góða mynd á stöðu mála.

	Jákvæð	Neikvæð
Innra umhverfi og í núinu	<p>Styrkleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"> Náttúrufegurð Fámenni Óspillt náttúra „Óbyggðin“ Kyrrðin 	<p>Veikleikar:</p> <ul style="list-style-type: none"> Vantar betra skipulag Vantar grunngerð svo sem salernisaðstöðu Samgöngur í allri sinni heildarmynd Fjarlægð frá hringvegi
Ytra umhverfi og framtíðin	<p>Tækifæri:</p> <ul style="list-style-type: none"> Eigum mikið inni, stórt svæði hlutfallslega fáir ferðamenn Fjölbreytt landslag og ólíkar perlur sem hægt er að nýta betur ef grunngerð lagast og skipulag verður betra Frumleiki í matargerð Menning og saga Vetrarferðamennska 	<p>Ógnir:</p> <ul style="list-style-type: none"> Samgöngur Lítill og hæg uppbygging, Stór skemmtiferðaskip Hátt verðlag Náttúrhamfarir (snjóflóð) Fólksfækkun Hugafar suðvesturhornsbjónustuaðila og íbúa

Styrkleikar: Náttúran er þar í aðalhlutverki þar sem orð eins og náttúrufegurð, óspillt náttúra og óbyggðin kom fram. Einnig hafa Vestfirðir mikinn styrk í fámenni og kyrrðinni.

Veikleikar: Vantar betra skipulag og til staðar er nokkur neikvæðni varðandi salernisaðstöðu og samgöngur í allri sinni heildarmynd. Veikleikinn kemur líka fram í fjarlægð frá hringvegi nr. 1.

Tækifæri: Helstu tækifæri felast í að við eigum mikið inni, stórt svæði og hlutfallslega fáir ferðamenn. Fjölbreytt landslag og ólíkar perlur sem hægt er að nýta betur ef grunngerð lagast og skipulag verður betra. Einnig leynist tækifæri í frumleika Vestfjarða í matargerð, vetrarferðamennsku og menning og sögu.

Ógnir: Helstu ógnir eru samgöngur og lítil og hæg uppbygging. Einnig stór skemmtiferðaskip, hátt verðlag og náttúrhamfarir eins og sjóflóð. Það er fólksfækkun ógn og hugarfar suðvesturhornsþjónustuaðila og íbúa.

Hvernig ferðaþjónustu á við Vestfirðir og helstu markaðir?

Ferðaþjónustu með náttúru og menningu sem helstu áherslusvið.

- Náttúruferðamennska (e. nature-based tourism)
- Sjálfbær ferðamennska (e. sustainable tourism)
- Upplifunarferðamennska (e. experience tourism)
- Menningar og arfleiðarferðamennska (e. culture and heritage tourism)
- Matarferðamennska (e. food/culinary tourism)

Stefnan er að á Vestfjörðum verði ekki massa ferðaþjónustu en megin áhersla á að byggja upp ferðaþjónustu fyrir gesti sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði.

Sjálfstæði landkönnuðurinn er sá markhópur, miðað við nýjustu markhópagreiningu Íslandsstofu, sem flestir telja að henti vestfirskri ferðaþjónustu. (2017).

Framtíðarsýn og markmiðin

Sameiginleg sýn til næstu 3ja ára;

„Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Hringvegur 2 og kerfi göngu- hjóla- og hlaupaleiða gefur gestum kost á að njóta sérkenna svæðisins, ægífagurrar náttúru og heilstæðra þorpsmynda allt árið um kring“.

Meginmarkmið með sjálfbærni að leiðarljósi:

- Uppbygging gæðaáfangastaðar
- Öflugt samstarf hagaðila sem leggur grunn að gæða ferðaþjónustu
- Samstaða um umhverfi og samfélag
- Bættar samgöngur
- Viðhald sérkennis svæðis og náttúru
- Heilsársferðaþjónusta
- Heildstæðar þorpsmyndir
- Rannsóknir, þróun og nýsköpun

Aðgerðaáætlunin

Út frá skoðun gagna og forgangsröðun hagsmunaaðila og þeirra sem mættu á opna fundi kom forgangsröðin aðgerða. Unnir voru listar útfra Vestfirðir í heild og síðan hvert svæði fyrir sig, norðursvæði, suðursvæði og Strandir og Reykhólar.

Fyrir Vestfirði sem heild

1. Hringvegur 2 - Uppbygging á öruggum samgöngum sem henta ferðaþjónustu og flutningum með áhersla á að ljúka hringvegi 2 um Vestfirði.
 - Undirbúa hringtengingu Vestfjarða sem verður til með Dýrafjarðargöngum og vegi yfir Dynjandisheiði. Efla þarf í því samhengi heilsársferðaþjónustu á svæðinu bæði með stefnumótun, vörupróun og kynningu.
2. Heilsársferðaþjónusta – Efling heilsársferðaþjónustu. Þróa og vekja athygli á og auka sölu á ferðum til Vestfjarða með sérstaka áherslu á lengingu ferðamannatímabilsins.
3. Uppbygging ferðaþjónustu í bæjarkjörnum - Uppbygging ferðaþjónustu í bæjarkjörnunum og vinna við stefnumótun ferðaþjónustu í þorpunum. Áhersla á þróun afþreyingar hvort sem er með selda afþreyingu eða sem ferðamenn geta nýtt sér sjálfir eins og hönnun á öflugum kerfi göngu,- hjóla og hlaupaleiða.
4. Skemmtiferðaskip, stjórnun, stýring og aðgengi - Rammi verður settur um stjórnun, stýringu og aðgengi skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum fyrir árið 2020.
5. Öflugt samstarf og gæði – Auka gæðavitund og samstarf ferðaþjóna og auka stafræna hæfni og að tæknilega getu ferðaþjóna.
6. Efla áhugaverði sögustaði - Efla áhugaverða sögustaði með lengri opnunartíma sem og uppbyggingu sem varðar uppsetningu sýninga og aðgengi
7. Þjónusta við ferðamannavegi- Endurskoðun á þjónustu á vegum þar sem áfangastaður er í sókn.

Hér er farið í hvern áfangastað út frá svæðiskiptingu. Hér er unnið með uppbygging áfangastaða með sín sérkenni þar sem náttúran fær að njóta sín í samlyndi við ferðamenn.

Norðursvæði

1. Dynjandi – Heildarskipulag svæðis við áfangastaðinn Dynjanda.
2. Bolafjall – Heildarskipulag Bolafjalls sem áfangastaðar.
3. Skemmtiferðaskip á Ísafirði - Skipulags-, hönnunar- og framkvæmdavinna til að móta aðkomu farþega skemmtiferðaskipa og fyrstu upplifun þegar í land er komið.
4. Hvítanes og Litlibær í Ísafjarðadjúpi – Bætt aðkoma ferðamanna að Hvítanesi og Litlabæ með áherslu á samspil náttúru og öryggis ferðamanna við þjóðveginn.
5. Hornstrandir og Jökulfirðir – Greining á núverandi stöðu og stefnumótun um þróun friðlandsins sem áfangastaðar.
6. Heildarskipulagning á Tungudal, Seljalandsdal og Hnífum - Hönnun á alhliða útivistarsvæði sem innihaldi skíða-, göngu-, hlaupa- og hjólaleiðir með útsýnisstöðum og þjónustuhúsi.
7. Minnibakki – Skálavík – Uppbygging Minnibakka og Skálavíkur sem áfangastaða með aðgengi að salernum og bættum samgöngum.
8. Hornstrandastofa – Uppbygging gestastofu á Ísafirði.

Suðursvæði

1. Látrabjarg – Unnið að framtíðarlausn með heildarskipulagningu Látrabjargs sem áfangastaðar.
2. Minjasafnið að Hnjóti – Nauðsynlegt er að byggja upp og bæta aðgengi að Minjasafninu að Hnjóti og efla það þannig sem áningarstað ferðamanna.
3. Táknafjarðarhreppur – Uppbygging áfangastaða í Táknafjarðarhreppi.
4. Rauðasandur – Heildarskipulagning Rauðasands sem heilsársáfangastaðar.
5. Garðar BA – Uppbygging áningarstaðar.
6. Listasafn Samúels í Selárdal – Áframhald á viðeigandi uppbyggingu safnsins með aðstöðu fyrir gesti, veitingar og búð. Bæta þarf aðgengi að safninu.
7. Sundlaugin í Krossholti - Uppbygging í kringum sundlaugina í Krossholti á Barðaströnd.

Strandir og Reykhólar

1. Áningarstaðir í Reykhólasveit – Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
2. Áningarstaðir í Strandabyggð - Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
3. Kaldalón – Uppbygging Kaldalóns sem áfangastaðar með tengingu við Drangajökul.
4. Árneshreppur – Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
5. Pottarnir á Drangsnesi – Uppbygging pottana á Drangsnesi sem áningarstað.
6. Heilsársvegur í Árneshrepp – Öruggar heilsársamgöngur í Árneshreppi.

Annað

Eins og sjá má þarf aðgerðir til að hámarka jákvæð áhrif og draga úr neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu á Vestfirðum. Margt gott hefur verið gert sem styður við ferðaþjónustuna á svæðinu en þörf er fyrir halda vel á spöðunum og passa upp á samfélag og náttúru. Helstu áskoranir eru samgöngur sem verður að vinna að til að Vestfirðir verða að þeim áfangastað og samfélagi sem íbúar vilja.

Til að fá dýpri og betri skilning á málefni áfangastaðarins Vestfirðir er mikilvægt að kynna sér og lesa áætlunina vel.

2 Áfangastaðaáætlanir

2.1 Hlutverk og gildi áfangastaðaáætlana

Tækifæri og áskoranir

Ferðaþjónusta er grein sem hefur vaxið hratt undanfarin ár, ekki síst á Íslandi. Ef henni er rétt stýrt getur hún skapað töluverðan hagrænan, félagslegan og umhverfislegan ábata fyrir samfélög um land allt.

Einn helsti ábati ferðaþjónustu eru gjaldeyrstekjur, þá sérstaklega í dreifbýli á þeim tímum árs sem helst er þörf á að skapa atvinnutækifæri og lífsviðurværi fyrir íbúa en ferðaþjónusta getur skapað slík tækifæri á stöðum þar sem aðrir atvinnuvegir geta það ekki. Á slíkum svæðum getur ferðaþjónusta skapað velmegun í samfélögum og haldið uppi eftirspurn eftir þekkingu og menntun sem leiðir af sér betur launaðri störf. Þá blæs hún oft lífi í menningu og listalíf svæða.

Samfara aukningu ferðamanna eykst þörfin á að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu og tryggja að jákvæð áhrif hennar skili sér til samfélaganna. Sérstaklega þarf að huga að því að með auknum áhrifum samfélagsmiðla eykst hætta á umhverfisskaða á svæðum sem eru ekki búin undir skyndilega aukningu í ásókn. Þá getur of mikil ásókn reynt á þolrif heimamanna og haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna.

Þörf fyrir heildstæða áætlanagerð

Möguleg jákvæð og neikvæð áhrif ferðaþjónustu sem eru talin hér að ofan undirstrika mikilvægi þess að ferðaþjónusta sé þróuð og henni stýrt á ábyrgan hátt svo jákvæð áhrif séu hámarks. Ferðaþjónusta tengist fjölmörgum ólíkum greinum og því þarf að líta á hana sem mikilvægan þátt í allri áætlanagerð og stefnumótun. Áfangastaðaáætlanir eru heildstæðar áætlanagerðir sem hafa ferðaþjónustu sem meginpunkt. Markmið þeirra er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélaga, um leið og mögulegum neikvæðum áhrifum er haldið í lágmarki. Mikilvægt er að þær að séu samþættar við aðrar áætlanir hins opinbera.

Hvað eru áfangastaðaáætlanir?

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg viljayfirlýsing um að hvernig skal stýra áfangastað yfir ákveðinn tíma, þar sem hlutverk mismunandi hagaðila eru skilgreind, þar sem fram kemur aðgerðaáætlun og hvernig auðlindum/björgum (e. resources) skal skipt. Áfangastaðaáætlun veitir íbúum áfangastaðar besta mögulega tækifæri til að gera áætlun til framtíðar um að laða að þá ferðaþjónustu sem þeir vilja og draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum.

Í áfangastaðaáætlanagerð felst að horfa á ferðaþjónustu út frá víðu sjónarhorni og taka tillit til margra ólíkra hagaðila sem eiga hagsmuna að gæta í þróun staðarins. Áætlanagerðin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfisins og reynir að skapa jafnvægi á milli og fullnægja þarfa þessara fjögurra þátta. Áfangastaðaáætlanir gera íbúum kleift að ákveða hvernig þeir vilja að ferðaþjónusta hafi áhrif á efnahag og samfélag þeirra og hvaða skref skuli taka í átt að því marki.

Það er mikilvægt að hafa það hugfast á áfangastaðaáætlun er lifandi skjal sem ætti að vera uppfært og endurskoðað reglulega.

2.2 Vestfirðir

Áætlun þessi er unnin fyrir Vestfirði.

Vestfirðir eru norðvesturhluti Íslands eða svæðið sem nær frá Gilsfirði, um Reykhólasveit, Barðaströnd og Patreksfjörð, Tálknafjörð, Arnarfjörð, Dýrafjörð, Öfundarfjörð, Súgandafjörð og Ísafjarðardjúp, Snæfjallaströnd, Jökulfirði og Hornstrandir, niður Strandir að botni Bitrufjarðar.

Níu sveitarfélög eru innan svæðisins sem nær yfir 8.898 km². Þau eru Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Reykhólahreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð, sjá mynd I.



Mynd I. - Sveitafélagaskipting á Vestfjörðum. Mynd: Stjórnarráð Íslands

Innan Vestfjarða eru sjö friðlönd eða náttúruvættir og eitt svæði í undirbúningi friðlýsingar.

Tengsl við grannsvæði

Reykhólahreppur og Strandabyggð liggja með Dalabyggð á Vesturlandi og því er virkt samband á milli verkefnastjóra á Vestfjörðum og Vesturlandi. Það er til að skipulagning sé unnin með nálægð þessara sveitafélaga í huga. Dæmi má nefna að lokið hefur verið við vinnu að svæðisskipulagi fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð.

Bitrufjörður skiptist á milli Strandabyggðar og Húnaþings vestra.

Landslag og náttúrufar

Vestfirðir er með elstu hlutum Íslands sem myndaðist fyrir 16 milljónum ára. Landslagið er mótað af jöklum ísaldar; djúpum fjörðum, jökulskálum, björgum, dölum og eyrum. Landslagið er hálent og láglendi er takmarkað og stundum aðeins mjóar ræmur meðfram fjörðum. Stærstu og dýpstu firðirnir eru Ísafjarðardjúp, Jökulfirðir og Arnarfjörður. Þar nær sjávardýpi niður fyrir 100 metra og inn af þessum fjörðum greinast minni firðir (Hafrannsóknarstofnun, e.d.). Mikið er um háa og fallega fossa sem falla fram af björgum og fjöllum.

Á Vestfjörðum má finna mikið af villtum dýrum eins og erni, refi og lunda í sínu náttúrulega umhverfi. Þar má einnig finna stærsta fuglabjarg í Evrópu og margar skemmtilegar eyjar sem iða af lífi.

Á sumrin er töluvert mikið um hval á Vestfjörðum. Þegar ferðast er um á Vestfjörðum er líka ekki ósjaldgæft að sjá seli á sundi eða að spóka sig um í fjörunum.

2.3 Uppbygging og framkvæmd áætlunargerðar á svæðinu

Unnin er ein áfangastaðaætlun fyrir allt svæðið en með fjórum aðgerðaáætlunum sem skiptast niður í Vestfirðir alla, norðursvæði, suðursvæði og Reykhólar og Strandir saman.



Mynd 2. - Skipurit áfangastaðaáætlunar á Vestfjörðum.

Svæðisráð

Svæðisráð er skipað eftir hagaðilagreiningu á viðkomandi markaðsstofusvæði og getur fjöldi fulltrúa á milli svæða verið mismunandi. Leiða markaðsstofur landshlutanna störf þeirra.

Hlutverk svæðisráða er að taka ákvörðun um hversu margar áfangastaðaáætlanir eru unnar á hverju markaðsstofusvæði og hvaða leið skuli velja við áætlunargerðina.

Í svæðisráði verkefnisins á Vestfjörðum eru sveitarstjórnarmenn frá öllum svæðum og stjórnarmenn frá FV ásamt fulltrúum frá ferðamálasamtökum Vestfjarða frá hverju svæði. Framkvæmdastjóri MV er starfsmaður verkefnisins að hluta sem verkefnastjóri.

Haldnir voru fundir með svæðisráði;

15. febrúar 2017

29. mars 2017

7. nóvember 2017

Einnig fóru fram tölvupóstssamskipti þar sem meðlimir svæðisráðsins voru settir í verkefnavinnu varðandi áfangastaðaáætlunina.

Samskipti/upplýsingagjöf svæðisráðs

Fundargerðir svæðisráðs lagðar fram til kynningar á stjórnarfundi Ferðamálasamtaka Vestfjarða á ábyrgð formanns FMSV.

Fundargerðir svæðisráðs lagðar fram til kynningar hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum á ábyrgð verkefnastjóra áfangastaðaáætlunar.

Fundargerðir svæðisráðs lagðar fram til kynningar á stjórnarfundum Fjórðungssambands Vestfirðinga á ábyrgð verkefnastjóra áfangastaðaáætlunar.

Fundargerðir svæðisráðs settar inn á vef Fjórðungssambands Vestfirðinga á ábyrgð Markaðsstofu Vestfjarða.

Fundargerðir svæðisráðs settar inn á vef Ferðamálasamtaka Vestfjarða á ábyrgð formanns FMSV.

Verkefnisstjórar áfangastaðaáætlunar – verkfærakista og vinnustofur

Verkefnisstjórar eru Magnea Garðarsdóttir (70%) og Dána Jóhannsdóttir (30%).

Verkefnisstjórar áfangastaðaáætlana sjá um áætlunargerðina sjálfa í samvinnu við vinnuhópa. Við vinnuna er stuðst við verkfærakistu frá ráðgjafa verkefnisins, Tom Buncle, sem kynnt var á vinnustofu fyrir verkefnisstjóra 14.-15. mars 2017. Tom mun síðan halda reglulega snertifundi með verkefnisstjórum í gegnum allt ferlið þar sem farið verður yfir helstu áskoranir líðandi stundar og unnið að lausnum. Verkefnisstjórar hafa þannig stuðning bæði af Tom og af hverjum öðrum, auk þess sem Ferðamálastofa, Stjórnstöð ferðamála og markaðsstofurnar koma að vinnunni.

Vinnustofur voru haldnar með Tom:

1. júní 2017

18. október 2017

5. febrúar 2018

Vinnuhópar áfangastaðaáætlunar

Vinnuhópar áfangastaðaáætlunar er sá hópur fólks sem kemur að viðkomandi svæði og drífur áfram viðkomandi áfangastaðaáætlun. Æskilegt er að í vinnuhópnum sitji breiður hópur hagaðili, bæði opinberra og einkaaðila.

Á Vestfirðum var ákveðið að vinnuhópar yrðu þeir sem mættu á opna fundi á viðkomandi svæði. Þessi hópur fólks vann að forgangsriðun aðgerða og setti fram hugmyndir um hvað skildi gera í fjórðungum.

Fundir voru haldnir;

20. nóvember 2017 á Hólmavík.

30. nóvember 2017 á Ísafirði.

22. febrúar 2018 á Patreksfirði.

Fundirnir voru auglýstir á facebook síðu Fjórðungssambands Vestfirðinga þar sem viðburður var búinn til. Auglýsing og skráning fór fram á westfjords.is. Fundirnir fóru síðan í auglýsingu á facebook síðu ferðapjóna sem og á vef og í prent útgáfu Bæjarins besta. Einnig voru auglýsingar sendar á öll sveitafélögin og þau beðin um að koma þeim áleiðis á þeirra vefsíður.

Niðurstöður fundanna voru síðan sendar á fundarmenn en einnig birtar á facebook síðum FV og ferðapjóna á Vestfirðum.

3 Stöðugreining

3.1 Staða ferðapjónustu á svæðinu

Hér er farið yfir stöðugreiningu á svæðinu, almennt og innan ferðapjónustunnar, hinir ýmsu flokkar skoðaðir sem tengjast ferðapjónustunni beint eða óbeint. Í samhengi eru flokkar skoðaðir út frá skráningu hjá Ferðamálastofu eða Sýslumanni þar sem við á.

Til að átta sig á stöðunni og samhengi er einnig sett fram þróun ferðamála frá árinu 2012-2016 á Vestfjörðum þar sem við á.

Þær heimildir koma úr ferðapjónustugreiningu sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Ferðámalasamtök Vestfjarða og Markaðsstofa Vestfjarða út árið 2015. Þar var unnin stöðgreining um stöðu vestfirskrar ferðapjónustu, mynd 3.

Hefur hluti af þeirri greiningu verið uppfærður með vinnu Áfangastaðaáætlunar og er hér með höfð til hliðsjónar (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2016).



Mynd 3. - Ferðapjónustugreingar 2015.
Mynd: Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

3.1.1 Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur - Starfsleyfi í gildi 2017

Hver sá sem skipuleggur ferð, viðburð eða afþreyingu í atvinnuskyni þarf að hafa leyfi ferðaskipuleggjenda- eða ferðapjónustuleyfi. Það sem greinir ferðaskipuleggjanda frá ferðaskrifstofu er sá að viðburður, ferð, sýning eða annað sem ferðaskipuleggjandi annast, má ekki taka lengri tíma en sólarhring. Með öðrum orðum um leið og gisting bætist við þarf ferðaskrifstofuleyfi. (Ferðamálastofa, e.d.)

Hjá Ferðamálastofu eru 11 ferðaskrifstofur skráðar með leyfi á Vestfjörðum 1. september 2017 og 47 leyfi ferðaskipuleggjenda. Tekið skal fram að inn í þessum tölum eru aðilar sem hafa útibú á Vestfjörðum en höfuðstöðvar annars staðar, ein ferðaskrifstofa og fimm ferðaskipuleggjendur (Ferðamálastofa, 2017d).

Ferðaskrifstofur

- Ein rafræn,
- Sjö í Ísafjarðabæ,
- Ein í Vesturbyggð,
- Tvær á Hólmavík.

Ferðaskipuleggjendur

- Fjórir rafrænir,
- 27 í Ísafjarðabæ og dreifbýli,
- Tveir í Bolungarvík,
- Tveir í Súðavík,
- Sjö í Vesturbyggð og einn á Tálknafirði,
- Og samtals fjórir í Reykhólahrepp, Hólmavík, Drangnesi og Árneshreppi.

3.1.2 Gistiþjónusta

Á Vestfjörðum voru 89 gististaðir skráðir þann 1. september 2017 hjá Ferðamálastofu. Af þessum 89 aðilum sem skráðir eru með gistileyfi eru nokkrir sem sjá um fleiri en einn gististað þannig að um færri ferðapjóna er að ræða.

Hjá Ferðamálastofu er hægt að skrá gististað undir nokkra flokka og eru t.d sumir gististaðir með nokkrar gerðir, t.d. bæði með gistiheimili, íbúð og svefnpokapláss.

Gististaðir miðað við flokkun Ferðamálastofu (Ferðamálastofa, 2017e);

	Norðursvæði	Suðursvæði	Strandir/ Reykhólar	Samtals
Hótel	8	3	4	15
Gistiheimili	26	7	7	40
Tjaldsvæði	12	7	8	27
Svefnpokapláss	9	6	7	22
Bændagisting	4	2	4	10
Farfuglaheimili og Hostel	2	1	3	6
Íbúðir	11	1	2	14
Sumarhús	5	2	2	9
Heimagisting	3	0	3	6
Einkagisting	0	0	0	0
Samtals svæðin	80	29	40	149

Tafla 1. - Gististaðir miðað við flokkun Ferðamálastofu.

Í nýjstu reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 1277/2016 sem tók gildi 1. janúar 2017 hafa verið gerðar breytingar á eldri reglugerð frá 2007. T.d. þarf hótél að vera með fullbúin baðherbergi með hverju herbergi og búið er að skipta upp flokknum gistiheimili í stærri og minni gistiheimili, skv. 8. og 9. grein ofangreindra laga.

Hér verður hver flokkur skoðaður betur og eru sumarhús, heimagisting og einkagisting skoðaðar saman með tilliti til Airbnb.

Hótel

15 hótél eru skráð á svæðinu en miðað við nýjstu reglugerð væru þau ekki nema sjö, og átta sem yrðu flokkuð sem stærri gistiheimili. Ástæðan fyrir því að þessi átta hótél myndu ekki skilgreinast sem hótél er sú að aðeins hluti svefnherbergja eru með fullbúnu baðherbergi. Eru þau yfirleitt einnig skráð í annan flokk hjá Ferðamálastofu, t.d. gistiheimili eða bændagisting.

Af þessum sjö fullgildu hótélum eru tvö komin með umhverfisvottun hjá Vakanum, og eru þau staðsett í Ísafjarðabæ og eru skráð sem 3. stjörnu hótél. Einnig ber að nefna að tvö önnur í Vesturbyggð eru nú þegar komin í ferli og eitt á norðurhluta Vestfjarða.

Gistiheimili og svefnpokapláss

40 gistiheimili eru skráð á Vestfjörðum hjá Ferðamálastofu. Enn sem komið er, er ekki skilgreint hvort um er að ræða minni eða stærri gistiheimili og verður því ekki farið í flokkun hér. Eitthvað er um að gistiheimili séu einnig skráð í flokkinn íbúðir. Eitt gistiheimili er komið með vottun Vakans og er það staðsett á Ísafirði.

Í flestum tilfellum eru þessi 22 svefnpokapláss í boði á gistiheimilunum.

Bændagisting og farfuglaheimili og hostel

10 bændagistingar og sex farfuglaheimili og hostel eru á Vestfjörðum. Í einhverjum tilfellum er bændagistingin einnig sögð sem gistiheimili.

Íbúðir

14 íbúðir eru skráðar á Vestfjörðum, 11 á norðursvæðinu, þar af fimm einnig skráðar sem gistiheimili.

Heimagisting og Airbnb

Heimagisting og Airbnb gisting er orðin mjög stór á Íslandi og hefur útleiga aukist verulega í gegnum síðu Airbnb. Vegna aukningar hefur orðið að gera lagabreytingar varðandi heimagistingu og reglugerð sett á til að koma á mótis við aukninguna og sporna gegn svartri atvinnustarfsemi.

Airbnb fellur að mestu undir 13.gr reglugerðar um heimagistingu nr. 1277/2016. Fram kemur á vef Sýslumanns að „Einstaklingum (ekki lögðaðilum) er heimilt að skrá heimagistingu gegn endurgjaldi á fasteign þar sem þeir eru með skráð lögheimili eða í einni annarri fasteign sem þeir hafa til persónulegra nota og er í þeirra eigu“ einnig kemur fram að ef „Einstaklingur sem hyggst bjóða heimagistingu skal tilkynna sýslumanni að hann hyggist leigja út lögheimili sitt eða eina aðra fasteign í sinni eigu (þinglýst)“ (Sýslumenn, 2017a).

Sýslumenn halda úti lista yfir skráða heimagistingu og miðað við þann lista eru sjö fasteignir skráðar á Ströndum og Reykhólahrepp, 13 á norðursvæðinu og tveir á suðursvæðinu, samtals 22 fasteignir á Vestfjörðum (Sýslumenn, 2017b).

Hjá Ferðamálastofu eru sex heimagistingar skráðar 1. september 2017.

Þegar síða Airbnb er skoðuð sést að mikið er um skráningar á herbergjum, íbúðum og heilum húsum á Vestfjörðum. Eitthvað er um að fyrirtæki í ferðaþjónustu sem eru skráð sem gistiheimili, farfuglaheimili eða annað hjá Ferðamálastofu nýti sér að auglýsa á Airbnb til að ná inn á þann markað og eru því t.d farfuglaheimili stundum skráð inn með hvert herbergi til leigu.

Skoðaðar voru auglýsingar 22. september 2017 á Airbnb (Airbnb, 2017).

- Á Ströndum og í Reykhólahreppi eru 54 auglýsingar, 18 sem auglýsa einbýlishús eða íbúðir, 15 herbergi og 21 herbergi sem eru shared, en þau herbergi eru öll innan eins hostels á svæðinu.
- Á suðursvæðinu eru 31 auglýsing, sjö hús eða íbúðir og 24 herbergi.
- Á norðursvæðinu eru 87 auglýsingar, 63 hús eða íbúðir og 24 herbergi.

Samtals á Vestfjörðum, 172 auglýsingar, 88 hús eða íbúðir, 48 herbergi og 21 herbergi shared.

Tjaldsvæði

27 tjaldsvæði eru skráð hjá Ferðamálastofu. 12 á norðursvæðinu, sjö á suður hlutanum og átta skráð á Reykhólum og Ströndum.

Mismunandi er hvaða aðstaða er í boði á hverju tjaldsvæði en öll eru þau með salernisaðstöðu eða kamar og síðan eru einhver þeirra í nágrenni sundlaugar og sturtuáðstöðu.

3.1.2.1 Gistinætur á Vestfjörðum

Árið 2016 voru á Vestfjörðum skráðar 238.242 gistinætur.

Gistinótt er hver nótt sem ferðamaður gistir á Vestfjörðum, einstaklingur sem gistir tvær nætur á Vestfjörðum samsvarar því tveim gistinóttum á Vestfjörðum, Hjón sem gista í tvær nætur eru því fjórar gistinætur o.s.frv. (Hagstofan, 2017b)

Tafla 2. sýnir gistinætur á öllum tegundum gistingar yfir tímabilið 2010-2016 en til samanburðar er hér haft landið í heild (Hagstofan, 2017b)

Tafla 2. - Gistinætur 2012-2016, allar tegundir gistaða.

Gistinætur 2012-2016					
	2012	2013	2014	2015	2016
Höfuðborgarsvæðið	1.672.379	1.938.315	2.320.208	2.841.856	3.479.697
Suðurland	648.787	795.121	986.037	1.464.168	1.788.841
Norðurland eystra	454.838	575.956	732.601	717.604	821.937
Austurland	349.102	441.989	513.439	313.827	374.279
Vesturland	238.345	286.721	322.738	431.344	474.589
Suðurnes	127.476	185.090	236.283	305.884	413.603
Vestfirðir	129.229	147.491	196.364	221.089	238.242
Norðurland vestra	131.357	175.700	182.316	174.107	217.843
Allt landið	3.751.513	4.546.383	5.489.986	6.469.879	7.809.031

Eins og sjá má þá eru Vestfirðir með næst færstar gistinætur af öllum landshlutum árið 2016 og hefur á síðust árum farið fram út Norðurlandi vestra.


Tafla 3. sýnir hlutfallslega fjölgun gistinátta milli ára 2012 og 2016. Eins og sjá má hefur orðið gríðarleg breyting í gistináttafjölda á flestum landssvæðum og Vestfirðir með 84% vöxt frá árinu 2012.

Tafla 3. – Hlutfallsleg fjölgun gistinátta 2012-2016.

Vöxtur gistinátta milli 2012-2016	
Höfuðborgarsvæði	108%
Suðurland	176%
Norðurland eystra	81%
Austurland	7%
Vesturland	99%
Suðurnes	224%
Vestfirðir	84%
Norðurland vestra	66%
Allt landið	108%

Mynd 4. sýnir gistinætur og dreifingu þeirra innan ársins á Vestfjörðum. Flestar gistinæturnar eru á tímabilinu maí – september á hverju ári og heilt yfir er fjölgun alla mánuði ársins.

Mest er aukningin á síðari hluta ársins en þessi mikla aukning í mars gæti útskýrst af því að páskar 2016 voru í lok mars mánaðar.



Mynd 4. - Gistinætur á Vestfjörðum, dreifing innan árs.

Taka má fram að þegar tölur um gistinætur eru skoðaðar má hafa í huga að 35% af öllum gistinóttum á Vestfjörðum eru á tjaldsvæðum en 65% í rúmum á gistiheimilum, hótelum og annarri tegund af gistingu. Hefur þetta aukist með hverju árinu, sjá töflu 4. (Hagstofan, 2017c).

Tafla 4. - Hlutfall gistinátta, allar tegundir og tjaldsvæði.


	2012	2013	2014	2015	2016
Gistinætur	129.229	147.491	196.364	221.089	238.242
Tjaldsvæði	29.836	44.588	66.185	72.475	84.495
Hlutfall náttu á tjaldsvæðum	23%	30%	34%	33%	35%

Þegar framboð rúma og meðalnýting er skoðuð sést eins og tafla 5. sýnir aukning á framboði frá árinu 2012 og þá sérstaklega yfir maí-september tímann. Þó hefur orðið fækkun í flokknum hótélíbúðir (Hagstofan, 2017e).

Tafla 5. - Framboð rúma og meðalnýting 2012-2016, á öllum tegundum gistingar.

Framboð rúma og meðalnýting	2012		2013		2014		2015		2016		2010-2016
	Allt árið Með.tal.	Maí-Sept Max	Allt árið Með.tal.	Maí-Sept Max	Allt árið Með.tal.	Maí-Sept Max	Allt árið Með.tal.	Maí-Sept Max	Allt árið Með.tal.	Maí-Sept Max	
	Framb	framb.	Framb	framb.	Framb	framb.	Framb	framb.	Framb	framb.	
Hótel	75	75	135	179	167	194	172	205	195	240	220%
Hótélíbúðir	185	245	28	46	118	192	160	220	123	178	-4%
Gistiheimili starfandi allt árið	348	393	324	429	318	429	357	470	384	534	109%
Sumarhótel	238	357	186	369	234	370	326	374	267	394	6%
Sumargistiheimili	88	136	86	103	85	102	91	126	130	154	-27%
Heimagisting	107	191	103	202	106	214	128	251	135	216	37%
Farfuglaheimili	68	100	76	122	84	136	79	137	80	129	-24%
Svefnpökagisting	82	82	90	100	132	142	94	142	78	102	11%
Alls	935	1579	820	1544	923	1779	1.047	1924	1.116	1947	32%

Á mynd 5. má skoða þessa meðalnýtingu út frá sumar og vetrar mánuðum.



Mynd 5. - Meðalnýting rúma eftir sérstökum mánuðum.

Þegar hlutdeild í gistingu er skoðuð sést að markaðshlutdeild Vestfirðja minnkað síðustu tvö ár á landsvísi, sjá töflu 6.

Tafla 6. - Hlutdeild í gistingu 2010-2016.

Hlutdeild	2012	2013	2014	2015	2016
Höfuðborgarsvæði	44,6%	42,6%	42,3%	43,9%	44,6%
Suðurland	17,3%	17,5%	18,0%	22,6%	22,9%
Norðurland eystra	12,1%	12,7%	13,3%	11,1%	10,5%
Austurland	9,3%	9,7%	9,4%	4,9%	4,8%
Vesturland	6,4%	6,3%	5,9%	6,7%	6,1%
Suðurnes	3,4%	4,1%	4,3%	4,7%	5,3%
Vestfirðir	3,4%	3,2%	3,6%	3,4%	3,1%
Norðurland vestra	3,5%	3,9%	3,3%	2,7%	2,8%

Hérna er einnig sett upp hlutdeild í gistingu, án höfuðborgarsvæðisins, en þar eru Vestfirðir með 5,5% hlutdeild af landsbyggðinni, tafla 7.

Tafla 7. - Hlutdeild í gistingu, án höfuðborgarsvæðisins.

Hlutdeild	2012	2013	2014	2015	2016
Suðurland	31,2%	30,5%	31,1%	40,4%	41,3%
Norðurland eystra	21,9%	22,1%	23,1%	19,8%	19,0%
Austurland	16,8%	16,9%	16,2%	8,7%	8,6%
Vesturland	11,5%	11,0%	10,2%	11,9%	11,0%
Suðurnes	6,1%	7,1%	7,5%	8,4%	9,6%
Vestfirðir	6,2%	5,7%	6,2%	6,1%	5,5%
Norðurland vestra	6,3%	6,7%	5,8%	4,8%	5,0%

3.1.2.2 Gestakomur á Vestfjörðum


Samkvæmt tölum Hagstofu voru gestakomur á Vestfirði 153.623 árið 2016.

Hver gestakoma skapaði 1,6 gistinótt árið 2016


Mikil aukning hefur orðið í gestakomum en hér eru settar fram gestakomur á gistaðum á Vestfjörðum fyrir árin 2012-2016. Mynd 6. sýnir gestakomurnar en einnig skýrir þann fjölda gesta sem skapaði gistinætur (Hagstofan, 2017d).

Hafa ber í huga að einn gestur getur verið með tvær gestakomur á Vestfjörðum t.d. ef hann gistir á tveimur gistaðum á Vestfjörðum en þá telst hann sem gestur í bæði skiptin.

Mynd 7. sýnir gestakomu á landsvísu.



Mynd 6. - Gestakomur á Vestfirði 2010-2016.



Mynd 7. - Gestakomur á landsvísu 2010-2016.

Hlutfallið er nokkuð svipað á landsbyggðinni varðandi hvað hver gestakoma skapar í hverjum landshluta. 1,6 gistinótt á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra, annars 1,3-1,5 gistinótt fyrir Suðurnes, Vesturland, Austurland, Norðurland eystra og Suðurland. Á Höfuðborgarsvæðinu er það 2,2 gistinótt á hverja gestakomu.

3.1.3 Veitingaþjónusta

Veitingaleyfi skiptast í þrjá flokka, I, II og III eftir þörfum á eftirliti og áhrifum starfsemi á umhverfi, til dæmis áfengisveitingar. Samkvæmt gögnum frá Sýslumanninum á Vestfjörðum eru;

- Sex staðir skráðir í flokk I, með engar áfengisveitingar, hinsvegar er sá flokkur ekki með skráningar skyldu og því ekki talan marktæk.
- 25 staðir skráðir í flokk II en það eru umfangslitlir áfengisstaðir.
- Í flokk III eru 26 staðir en það eru umfangsmiklir áfengisstaðir.

Þegar staðir eru bæði gististaðir og veitingastaðir þarf af skoða flokk III og IV undir gististaði en það eru gististaðir með veitingum en þó ekki áfengisveitingum og gististaðir með áfengisveitingum.

- Í flokk III eru skráðir 11 staðir.
- Í flokk IV eru 10 staðir skráðir.

Samtals 78 staðir. Upplýsingar fengnar í tölvupósti og listaðir upp af Guðrúnu Þorvaldsdóttir hjá Sýslumanninum á Vestfjörðum 14. september 2017.

Innan skráningar Ferðamálastofu eru 33 skráðir undir veitingar (Ferðamálastofa, 2017i). Eru þetta kaffihús, barir, sjoppur og lítil og meðalstór veitingahús.

Opnunartími er misjafn og eitthvað er um að þeir loki yfir háveturinn.

3.1.4 Matvara

Á Vestfjörðum er mikil matarmenning og þá sérstaklega þegar kemur að fiski og lambakjöti. Eitt fiskvinnslufyrirtæki á Vestfjörðum býður upp á sérstaka matarupplifun í samstarfi við ferðaþjónustuaðila í bæjarfélaginu. Þar er gestum boðið upp á að koma og skoða fiskvinnsluna og sjá hvernig hún gengur fyrir sig.

Átta sveitabýli bjóða upp á Beint frá býli. Þar er í boði lambakjöt, fersk og reykt, nautakjöt og á einum stað eru jurtir og sólber í aðalhlutverki (Beint frá býli, 2017).

Matvöruverslanir

12 matvöruverslanir eru á Vestfjörðum. Tvær á Ísafirði, ein í Bolungarvík, ein í Súðavík, ein á Bíldudal, ein á Tálknafirði, tvær á Patreksfirði, ein á Reykhólum, ein í Árneshrepp, síðan ein á Drangnesi og ein á Hólmavík sem eru reknar saman (Gularsíður, e.d.-a).

3.1.5 Upplýsingamiðstöðvar og gestastofur

Upplýsingamiðstöðvar má finna víðsvegar á Vestfjörðum. Upplýsingamiðstöð Vestfjarða er landshlutamiðstöð og er staðsett á Ísafirði. Minni svæðismiðstöðvar eru á Hólmavík, Þingeyri, Bolungarvík, Hólmavík og Reykhólum. Aðrar upplýsingamiðstöðvar eru Upplýsingamiðstöð Vesturbyggðar á Patreksfirði, Tálknafirði, Hnjóti í Örylgshöfn og Súðavík (Ferðamálastofa, 2017a).

Engar Gestastofur eru skráðar á Vestfjörðum hjá Ferðamálastofu en Umhverfisstofnun hefur á áætlun að setja upp Gestastofu fyrir friðlandið á Hornströndum.

3.1.6 Dægradvöl og upplifun

Undir flokknum afþreying í gagnagrunni Ferðamálastofu eru 45 aðilar skráðir á Vestfjörðum í hina ýmsu undirflokk, (2017f). Tekið skal fram að teknir voru frá þeim aðilar sem ekki voru skráðir með heimilisfang á Vestfjörðum þó svo þeir séu skráðir undir Vestfirði í gagnagrunni Ferðamálastofu.

Hér kemur listi yfir þá afþreyingu sem er í boði á svæðinu hjá þessum aðilum og innan sviga fjöldi þeirra í hverjum flokk; Taka skal fram að boðið er upp á allskonar dagsferðir og lengri ferðir,

Bátsferðir(13), kajakferðir(8), hvalaskoðun(4), selaskoðun(7), fuglaskoðun(13), gönguferðir(15), hjólaferðir og leigur(4), köfun(1), fjórhjóla og buggiferðir(1), jeppa og jöklaferðir(3), Matarupplifun(1) ljósmyndaferðir(2), lúxusferðir(1) og hestaafþreying(8) og stangveiði(5),

Vetraraþpreying (einungis);

Skíði og gönguskiði(2), vélsleða og snjóbílaferðir(3), norðurljósaskoðun(3) og ísklifur(1). Varðandi vetraraþpreyinguna þá er eitt skíðasvæði með lyftum á Vestfjörðum en það er skíðasvæðið í Tungudal við Ísafjarðabæ. Skíðasvæðið á Ísafirði skiptist í Tungudal þar sem þrjár lyftur eru og stór skíðaskáli og Seljalandsdal þar sem skíðagangan er með troðnum slóðum.

Söfn og sýningar

Samkvæmt 10. gr. safnalaga nr. 141/2011 þurfa söfn að uppfylla viss skilyrði til að skilgreinast sem viðurkennt safn. Samkvæmt lista yfir viðurkennd söfn á Íslandi eru þrjú söfn á Vestfjörðum, Byggðasafn Vestfjarða, Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti og Sauðfjarsetrið á Ströndum (Safnaráð, 2018).

Hins vegar er mikið af allskonar söfnum og sýningum á Vestfjörðum. Mörg eru opin allt árið en eitthvað er um að þau séu aðeins opin yfir sumartímann. Hjá Ferðamálastofu eru 39 aðilar skráð undir flokknum söfn og sýningar (Ferðamálastofa, 2017b).

Mikið er um að sögu Vestfjarða og bæjarfélagana séu gerð skil á þessum söfnum. Dæmi um söguna ber helst að nefna Byggðasafn Vestfjarða á Ísafirði, Safn Jóns Sigurðssonar við Hrafnseyri, Hnjótur- Minjasafn Egils Ólafssonar í Örlygshöfn, Steinhús sýning um Stein Steinarr við Nauteyri og Ósvör Sjóminjasafnið í Bolungarvík.

Fleiri einstök söfn eru líka á svæðinu eins og Skrímslasetrið á Bíldudal, Alþjóðlegt dúkkusafn á Flateyri, Listasafn Samúels í Selárdal og Galdrasýningin á Ströndum.

Náttúran á sinn sess líka eins og Náttúrugripasafn Bolungarvíkur, Sauðfjarsetur á Ströndum og Melrakkasetur Íslands í Súðavík sem gefur íslenska refnum góð skil.

Handverk og minjagripir

Heilmikil gróska er í hverskonar handverki og hönnun á Vestfjörðum. Úrvalið er afar margbreytilegt og óhætt að segja að sköpunargleði Vestfirðinga sé óþrjótandi.

Handverk og hönnunarvöru má nálgast með ýmsum hætti, meðal annars gegnum handverksmarkaði, sérværslanir, í öðrum verslunum eða gegnum listafólkið sjálf.

Hjá Ferðamálastofu eru skráðir sjö aðilar undir flokknum handverk og hönnun, frá öllum svæðum (Ferðamálastofa, 2017g).

Sundstaðir og heitar laugar

17 sundlaugar eru skráðar á Vestfjörðum. Fjórar sundlaugar á suðurfjörðum, sex á norðurhluta og sjö laugar á Ströndum og Reykhólum (Ferðamálastofa, 2017c).

Á Vestfjörðum má einnig finna margar náttúrulaugar, allt frá algjörlega manngerðum laugum og yfir í 100% náttúrulaugar. Flestar eru þessar laugar opnar almenningi en eitthvað er um að heitar laugar séu í einkaeigu. Sumar þessar náttúrulaugar eru skráðar en aðrar eru einungis á vitund heimamanna sem oft vilja halda því þannig.

Dæmi um þessar náttúrulaugar eru Hellulaug við Flókalund, Hörgshlíð í Mjóafirði, heiti potturinn í Heydal og pottarnir á Drangnesi.

Golfvellir

Sex golfvellir og klúbbar eru á Vestfjörðum. Þeir eru staðsettir í Bolungarvík og á Ísafirði, Þingeyri, Bíldudal, Patreksfirði og Hólmavík. Allt níu holu vellir með þar 66-72 (Ferðamálastofa, 2017f).

3.1.7 Viðburðir

Á Vestfjörðum eru margir viðburðir allt árið um kring. Sumir viðburðir eru ætlaðir heimamönnum og fylgifiskum en aðrir viðburðir hafa dregið til sín ferðamenn síðustu ár alls staðar að úr heiminum.

Hérna kemur yfirlit yfir þá viðburði sem eru fastir yfir árið, talið frá byrjun árs;

Hörmungadagar	Hólmavík	Febrúar, þó ekki á hverju ári
Stútungur, þorablót	Flateyri	Janúar/Febrúar
Þorablót Súgfirðinga	Suðureyri	Janúar/Febrúar
Aldrei fór ég suður, tónlistarhátíð	Ísafjörður	Páskar
Skíðavikan	Ísafjörður	Páskar
Fossavatnsgangan, gönguskíðamót	Ísafjörður	Síðasta helgi í apríl
Sjómannadagshátíð	Patreksfjörður	Fyrsta sunnudag í júní
Sjómannadagurinn	Bolungarvík	Fyrsta sunnudag í júní
Skjaldborg kvikmyndahátíð	Patreksfjörður	Hvítasunnuhelgi
Bíldudalsgrænar, bæjarhátíð	Bíldudalur	Júní, annað hvert ár
Götuhatíð Flateyri	Flateyri	Júní
Dýrafjarðardagar, bæjarhátíð	Þingeyri	Fyrsta helgi í júlí
Markaðshelgi, bæjarhátíð	Bolungarvík	Fyrsta helgi í júlí
Hamingjudagar, bæjarhátíð	Hólmavík	Fyrsta helgi í júlí
Bátadagar á Breiðafirði, bæjarhátíð	Reykholar	Fyrsta helgi í júlí
Sæluhelgi, bæjarhátíð	Suðureyri	Júlí
Hlaupahátíð	Norðanverðir Vestfirðir	Júlí
Reykhóladagar, bæjarhátíð	Reykholar	Júlí
Ögurball	Ögur – Ísafjarðadjúp	Júlí
Bryggjuhátíð Drangnesi	Drangnesi	Júlí
Tálknafjör	Tálknafjörður	Júlí
Mýraboltinn, drullubolti	Bolungarvík	Verslunarmannahelgi
Act Alone, leiklistarhátíð	Suðureyri	Önnur helgi í ágúst
Djúpavíkurdagar	Djúpavík	Ágúst
Turtle film festival	Hólmavík	Ágúst
Íslandsmótið í hrútaðómum	Sauðfjársetrið Hólmavík	Ágúst
Bláberjadagar	Súðavík	Mánaðarmót ágúst/sept
Ástarvikan	Bolungarvík	September
Veturnætur, menningarhátíð	Ísafjörður	Oktober

Tafla 8. - Fastir viðburðir yfir árið á Vestfjörðum.

Listinn er ekki tæmandi og eru einnig hátíðir í kringum vissa hátíðisdaga í mörgum bæjarfélögum, eins og t.d. Sjómannadaginn, 17. júní, Þrettándagleði, Þorablót og margt fleiri.

3.1.8 Vegir og vegslóðar

Samkvæmt Vegagerðinni (2016a) skiptast vegir á Vestfjörðum niður í stofnvegi, tengivegi, landsvegi og héraðsvegi, sjá mynd 8.


Stofnvegur er hluti að grunnkerfi samgangna landsins og tengja saman byggðir landsins en hægt er að keyra inn á Vestfirði tvær leiðir um stofnveginn, sjá mynd 8. með rauðum lit.

Stofnvegurinn á Vestfjörðum er hringvegurinn um Hjallaháls, Ódrjúgs- og Klettháls, Vatnsfjörð og Dynjandis- og Hrafnseyrarheiði til Ísafjarðar og inn Djúp yfir Steingrímsfjarðaheiði og Þröskulda. Stofnvegur er frá Flókalundi að Patreksfirði, yfir á Bíldudal og þaðan Bíldudalsveg upp að Dynjandisheiði úr Trostanfirði. Þá er stofnvegur inn Strandir að Þjóðvegi nr 1 í Hrutafirði.

Flokkun Þjóðvega

7.11.2016

- Stofnvegur
- Stofnvegur um hálendi
- Tengivegur
- Landsvegur
- Héraðsvegur



Mynd 8. - Flokkun þjóðvega. Mynd: Vegagerðin.

Stofnvegurinn er mest allur á bundnu slitlagi á Vestfjörðum nema á fimm köflum, kafla á Ströndum, Hjalla- og Ódrjúgsháls, Hrafnseyrarheiði, Dynjandisheiði og Bíldudalsveg. Einnig eru kaflar á stöku stað sem teljast til einbreiðs slitlags t.d. í Seyðisfirði við Ísafjarðadjúp.

Innan stofnvegjar eru jarðgöng um Breiðdals- og Botnsheiði sem tengja Ísafjörð, Suðureyri og Flateyri og um Óshlíðina milli Bolungarvíkur og Hnífsdals/Ísafjarðar. Vinna er hafin við Dýrafjarðargöng sem munu tengja Dýrafjörð og Arnarfjörð og leggja af veginn um Hrafnseyrarheiði, verklok áætluð árið 2020.

Tengivegur er utan þéttbýlis og tengja landsvegi við stofnvegi en einnig vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa, t.d. upp í Árneshrepp. Eitthvað er um að tengivegir séu með bundnu slitlagi en það er ekki algengt. Landsvegir og héraðsvegir eru allir malarvegir.

Héraðsvegir liggja að býlum, kirkjustöðum og opinberum stofnunum og skólum utan þéttbýlis, t.d. er vegurinn yfir á Rauðasand skilgreindur héraðsvegur.

Landsvegir eru vegir yfir fjöll og heiðar og aflagðir byggðavegir á eyðilendum. Landsvegir gera ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirlit og þjónustu, t.d. eins og Kollafjarðaheiðin.

Mikið er af vegslóðum sem ekki eru á skrá, bæði nýtt sem gönguleiðir og einkanota fyrir eigenda jarðar.

3.1.8.1 Umferðatölur á Vestfjörðum

Til að skoða í samhengi fjölgun ferðamanna og umferðar eru hér settar fram þróun á umferðatölum á völdum stöðum á Vestfjörðum. Til viðmiðunar eru sett fram árin 2012-2016.

Horft er til leiða inn á Vestfirði (mynd 9.), Gillastaðarmelar, Hjallaháls, Þröskuldar og Enniháls. Tölur eru fengnar frá Vegagerðinni og settar upp hér út frá vetrar og sumartölum en einnig ársdagsumferð.




Mynd 9. - Staðsetningar mælinga. Mynd: Vegagerðin.

Til útskýringar:

Ársgagssumferð: meðalumferð á dag yfir árið.


Sumardagssumferð: meðalumferð á dag yfir júní, júlí, ágúst og september.

Vetrardagssumferð: meðalumferð á dag yfir janúar, febrúar, mars og desember. (Vegagerðin, 2017).




Mynd 10. - Ársgagssumferð á völdum stöðum.

Á mynd 10. sést meðaltalið yfir árið en aukning hefur verið í umferð allt árið



Mynd 11. - Sumardagssumferð á völdum stöðum.




Mynd 12. - Vetrardagssumferð á völdum stöðum.

Þegar myndir 11. og 12. eru skoðaðar sést hvað umferðin minnkar yfir veturinn, og þá sérstaklega yfir Hjallaháls. Á Ennishálsi virðist verða aukning yfir sumartímamann en veturinn heldur sér nokkuð jafn. Í því samhengi þarf að hafa í huga að veðurfar spilar líka inn í og gæti veturinn 2014 hafa verið erfiður og Þróskuldar lokast oftar og því meiri umferð um Ennisháls.

Talning á áfangastöðum

Sumarið 2016 voru settir upp mælar til að telja fjölda bíla á tilteknum svæðum af Rögnvaldi Ólafssyni og Gyðu Þórhallsdóttur (2017). Verkefnið byrjaði með einum mæli árið 2006 við Laka og hefur verkefnið stækkað með hverju árinu.

Sumarið 2016, í júlí var í fyrsta skiptið sett upp mælingar á Vestfjörðum, við Dynjanda, út á Látrabjarg og yfir á Rauðasand. Fram kom að meðalfjöldi bifreiða á dag á háönn voru 248 bílar sem komu að Dynjanda, 204 að Látrabjargi og 141 bifreið að Rauðasandi.



Mynd 13. - Fjöldi bifreiða sem ók til Rauðasands og Látrabjarg sumarið 2016. Mynd: Rögnvaldur og Gyða.

Fram kom hjá Rögnvaldi og Gyðu að mun fleiri bílar aka út til Látrabjargs en Rauðasand, sjá mynd 13 einnig segja þau;

„Á þjóðvegi 612 í Patreksfirði gerði Vegagerðin skynditalningar sumarið 2015, frá 8. ágúst til 2. september. Ein þeirra mældi umferð norðan Breiðavíkur og mældi því sama vegarkafla og teljari höfunda skýrslunnar. Frá skynditalningunni og teljaranum má álykta um breytingu á umferð að Látrabjargi milli ára 2015 og 2016. Á þessu tímabili (8. ágúst til 2. september) jókst umferð að Látrabjargi um 26% milli ára. Áhugavert er að bera skynditalningu á þjóðvegi 612 norðan Breiðavíkur sumarið 2015 saman við umferð um Kleifaheiði á sama tíma. Um Kleifaheiði fara allir bílar sem eru á leið til Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals. Í ljós kemur að meðan skynditalningin stóð yfir fóru 76% þeirra sem óku um Kleifaheiði út á Látrabjarg. Því má álykta að langmestur hluti umferðar um Kleifaheiði að sumarlagi sé umferð ferðamanna á leið út á Látrabjarg“


3.1.9 Útivistastígar og gönguleiðir

Margar fallegar gönguleiðir eru á Vestfjörðum, hvort sem er í dreif-, eða þéttbýli. Ferðamálasamtök Vestfjarða hafa gefið út alls sjö göngukort fyrir hvert svæði á Vestfjörðum en eru þau góð fyrir göngu-, hjólareiða og hestaferðir. Á kortunum eru yfir 300 gönguleiðir auk upplýsinga um svæðið, en kortin eru til sölu á Upplýsingastöðum á Vestfjörðum og á netinu.

Gönguleiðirnar eru misjafnar en sumar eru auðveldar eftir gömlum vegslóðum og aðrar erfiðar yfir mikinn bratta. Mikið er um gönguleiðir á Hornströndum og er vinsælt í dag að ganga á milli vika í nokkra daga ferðum.

3.1.10 Áningarstaðir og bílastæði

Áningarstaðir 2016	
Flokkun	
●	Áningarstaður (194)
●	Upplýsingaskot (141)
●	Opinn skógur (21)
⚓	Vtb (8)
○	Útskot (134)
🅑	Bílastæði (6)
—	Þjóðvegir



Mynd 14. – Áningarstaðir á Vestfjörðum. Mynd: Vegagerðin.

Vegagerðin býður ferðafólki á þjóðvegum landsins að njóta náttúrunnar á fjölmörgum áningarstöðum sem stofnunin hefur útbúið viðsvegar um landið, sem og Vestfjörðum. Þessir staðir eru skapaðir til að ferðamaðurinn geti staldrað við og skoðað áhugaverða staði á þægilegri og öruggri aðstöðu.

Á sumum þessum stöðum eru söguskilti og oft á tíðum eru þessir staðir staðsettir við góð útivistasvæði þar sem bæði ferðamaðurinn og heimamaðurinn nýtur náttúrunnar.

Í flokkun Vegagerðinnar árið 2016 voru 56 staðir merktir sem áningarstaðir eða og eða áhugaverðir staðir sem og upplýsingaskot (Vegagerðin, 2016b). Má þar nefna Hellishólar á Reykhólum, stálskipið Garðar við Skápadal, Látrabjarg, Dynjandi, Salvogar, varnargarðurinn á Flateyri, Kambsnes við Ísafjarðadjúp, Gjögurviti, Hvalsá í Kollafirði og margt margt fleira, eins og mynd 14. sýnir.

3.1.11 Almenningsgöngur

Rútuáætlunarferðir eru til Vestfjarða með Strætó ehf sem gengur frá Reykjavík til Hólmavíkur (leið 59 frá Borganesi).

Innan Vestfjarða (mynd 15.);

- Áætlunarleið milli Hólmavíkur og Ísafjarðar yfir sumartímann, miðvikudag, föstudag og sunnudag.
- Ísafjarðarbær rekur strætisvagnleiðir innan Ísafjarðabæjar sem ganga alla virka daga allan ársins hring, innan Skutulsfjarðar og Hnífsdals og sérferðir yfir á Suðureyri og síðan Þingeyri og Flateyri.
- Áætlunarferðir eru á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar allt árið
- Áætlunarferðir í takt við flugáætlun Ísafjarðarflugvallar aka líka á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar og út á flugvöll allt árið
- Westfjord Adventures eru með áætlunarferðir milli Ísafjarða og Patreksfjarðar þar sem farið er um Flókalund og Brjánslæk og hinsvegar Brjánslæk, Patreksfjörð, Látrabjarg, Rauðasand og endar aftur á Brjánslæk. Í seinni ferðina þarf að panta fyrirfram. eru báðar þessar ferðir í boði frá 1. júní til 31. ágúst.
- Áætlunarleiðir eru á milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals í takt við flugáætlun Bíldudalsflugvallar og einnig alla virka daga allt árið í takt við vinnutíma.



Mynd 15. - Almenningsgöngur sumar 2017. Mynd: publictransport.is.

- Engar áætlunarferðir eru á milli Vestubbyggðar og Reykhóla og Stranda. Einnig er engin leið í boði frá Hólmavík og upp í Árneshrepp.

Ásamt því að keyra áætlunarleiðir, eru rútur á Vestfjörðum til leigu með bílstjóra í sérverkefni eða fyrirfram áætlaðar ferðir til afþreyingar;

- Á norðanverðu svæðinu eru níu verktakar eða rútuþyrirtæki með bíla sem taka fleiri en 15 manns, þetta eru u.þ.b 22 bílar, stærsti sem tekur 68 manns. Ásamt þessum níu aðilum eru fimm aðilar sem sinna sérferðum á minni bílum sem taka yfirleitt 8-9 manns.
- Á sunnanverðum Vestfjörðum eru þrjú verktakar eða fyrirtæki með bíla sem taka fleiri en 15 manns en þetta eru um fimm bílar og sá stærsti 45 manna.
- Í Strandabyggð er einn aðili sem er með rútur, tvær rútur sem eru fyrir fleiri en 15 manns og stærri rútan tekur 40 manns.

Upplýsingar fengnar frá Heimi Hanssyni, forstöðumanni Upplýsingamiðstöðvar Vestfjarða (munnleg heimild, 19. september 2017).

3.1.12 Bílaleigur

Þrjár stærstu bílaleigur landsins eru með útbú á Vestfjörðum, allar eru þær með útibúi á Ísafirði, auk þess er ein með útibú á Bíldudal og ein á Patreksfirði. Engin bílaleiga er með útbú á Ströndum og í Reykhólahreppi.

3.1.13 Leigubílar

Leigubílar eru á Ísafirði sem sinna bæjarfélaginu og nærumhverfi. Upplýsingar fengnar hjá Guðrúnu Huld Birgisdóttur, sérfræðing í leyfisveitingum hjá Samgöngustofu segja að átta aðilar eru með leyfi til leigubílaaksturs á norðanverðu svæðinu en einn leyfishafi í Vesturbyggð (Munnlega heimild 20. september 2017).

Í skráningum Ferðamálastofu er einungis einn aðili skráður undir leigubílaakstri á Vestfjörðum.

3.1.14 Bifreiðaverkstæði

Níu bifreiðaverkstæði eru skráð á Vestfjörðum miða við almenna leit á vefnum (Gularsíður, e.d.-b). Fjögur á Ísafirði, eitt í Bolungarvík, eitt á Þingeyri, eitt í Súðavík og tvö á Patreksfirði.


3.1.15 Bensínstöðvar

Á Vestfjörðum eru skráðar 18 bensínstöðvar, allt eru þetta sjálfafgreiðsludælur nema á tveim stöðum, á Ísafirði þar sem er bæði dæla og þjónustustöð og á Patreksfirði þar sem er verslun líka. Upplýsingar fengar af heimasíðum fyrirtækjanna 5. júlí 2017, NI, Skeljungur og Olís.

3.1.16 Flug og flugvellir

Þrjú flugvellir eru með áætlunarflug og eru þau öll flogin frá/til Reykjavíkur (mynd 16.). Flugfélag Íslands flýgur til Ísafjarðar tvisvar á dag alla daga ársins. Flugfélagið Ernir flýgur til Bíldudals og Gjögurs. Ernir flýgur til Bíldudals einu sinni á dag sex daga vikunnar. Flogið er til Gjögurs einu sinni á dag tvisvar sinnum í viku á veturnar en einu sinni í viku yfir sumartímann.

Þingeyrarflugvöllur hefur verið notaður sem varaflugvöllur Ísafjarðarflugvallar en hefur aðeins nýst að sumri síðustu ár. Arnór Magnússon, Umdæmisstjóri Isavia á Vestfjörðum segir að vegna þess hve slitlagið er orðið lélegt hefur völlumurinn verið skráður sem malarvöllur frá 1. júní 2016 samkv. flugmálahandbók AIP. Það sumar (2016) voru fimm landingar á vegum Flugfélagsins en engin sem af er sumri 2017, flugfélagið Ernir lenti þó í sumar (2017) á Þingeyrarflugvelli í tengslum við sprengingu Dýrafjarðarganga.




Mynd 16. - Flugvellir með áætlunarflug á Vestfjörðum.

Aðrir minni flugbrautir eru á svæðinu með malar slitlag og nýttar af litlum vélum, þær eru á Hólmavík, Reykhólum og Reykjanesi við Ísafjarðardjúp (Isavia, e.d.).

3.1.16.1 Flugfarþegarfjöldi á Vestfjörðum

Árið 2016 fóru 33.076 farþega um Ísafjarðarflugvöll, 215 um Þingeyrarvöll, 3.333 um Bíldudalsvöll og 397 farþegar um Gjögur.

Þegar þróunin er skoðuð fyrir árin 2012-2016 sést vel fækkun á flugfarþegum til Ísafjarðar en stendur nokkuð í stað á Bíldudalsvöll og aukning á Gjögur, sjá mynd 17.



Mynd 17. - Þróun farþegarfjölda á flugvöllum á Vestfjörðum.

3.1.17 Hafnir og bátastaða

Á Vestfjörðum eru hafnir í öllum bæjarfélögum auk minni hafna í dreifbýli.

16 hafnir eru á svæðinu, fimm á suðursvæðinu, sjö á norðursvæðinu og fjórar á Ströndum og Reykhólum. Ein höfn telst sem einkahöfn. Hafnirnar eru misstórar en sú stærsta Ísafjarðarhöfn. Mikið líf er á höfnunum og eins og sjá má á mynd 18. eru 396 fiskiskip skráð á Vestfjörðum (Hagstofan, 2016).



Mynd 18. - Fjöldi fiskiskipta eftir landssvæðum 2016. Mynd: Hagstofan.

Hafnir - Áætlunarferðir

Áætlunarsiglingar eru inn á Vestfirði, milli Snæfellsnes og sunnanverðra Vestfjarða um höfnina á Brjánslæk. Bíla- og farþegaferja fer frá Stykkishólmi yfir til Brjánslækjar og til baka einu sinni á dag, sex daga vikunnar yfir veturinn en alla daga tvisvar á dag yfir sumarið (1. júní – 31. ágúst). Yfir sumartímamann stoppar ferjan í Flatey á leið yfir Breiðafjörðinn. Fyrirtækið sem sinnir þessu eru með höfuðstöðvar í Stykkishólmi.

Áætlunarbátsferðir innan fjórðungsins eru til Hornstranda og Vigur yfir sumartímamann frá höfninni á Ísafirði og Norðurfirði.

Hjá Ferðamálastofu eru skráð fimm fyrirtæki eru undir flokknum Samgöngur/Ferjur á Vestfjörðum, eitt í Vesturbyggð, eitt í Stykkishólmi, tvö í Ísafjarðabæ og eitt í Bolungarvík (Ferðamálastofa, 2017h). Þessi sömu fyrirtæki sinna sérverkefnum og fyrirfram áætlaðar ferðir til afþreyingar.

Hafnir - Skemmtiferðaskip

Hafnir Ísafjarðarbæjar hafa tekið á móti skemmtiferðaskipum en flest öll koma þau á Ísafjörð og örfá komið á Flateyri og Þingeyri.


3.1.17.1 Fjöldi koma skemmtiferðaskipa til Vestfjarða og farþegar

Mikil aukning hefur orðið á komu skemmtiferðaskipa til Vestfjarða síðustu ár. Ísafjarðarhöfn hefur tekið á móti öllum þessum skipum en flest öll koma þau á Ísafjörð en örfá hafa komið á Flateyri og Þingeyri. Einnig hefur eitthvað verið um að skip hleypi fólki í land við Dynjandisvog, Vigur og Jökulfjörðunum, engar tölur eru til um það.

Árið 2017 komu 95.163 farþegar með 94 skipum til Ísafjarðar. Þegar horft er til þjóðernis voru 29.641 frá Þýskalandi, 23.387 frá Bandaríkjunum og 18.846 farþegar frá Bretlandi. Aðrir 6.694 talsins voru Norðurlandabúar, Hollendingar, Belgar, Spánverjar, Ítalir, Frakkar og Asiubúar.


Fyrir sumarið 2018 hafa 110 skip boðað komu sína til Ísafjarðar og einhver skip boðað komu sína á Patreksfjörð.

Þegar þróun og tölur eru skoðaðar þá sést að aukning á komu skemmtiferðaskipa í Ísafjarðarhöfn er gríðarleg en frá árinu 2012-2017 er 276% aukning (mynd 19.).



Mynd 19. - Fjöldi komu skemmtiferðaskipa Ísafjarðarhöfn 2012-2017.

Einnig má sjá að heildarfjöldi farþega hefur aukist og er yfir meðallagi (mynd 20.).



Mynd 20. - Fjöldi farþega skemmtiferðaskipa Ísafjarðarhöfn 2012-2017.

Upplýsingar fengnar frá Guðmundi M. Kristjánssyni hafnarstjóra Ísafjarðarhafna (tölvupóstur 23. október 2017).

3.1.18 Landbúnaður, veiðar og náttúrunytjar

Nálægð Vestfjarða við gjöful fiskimið er ein af ástæðum þess að sjávarútvegurinn hefur verið og er enn talin meginstoð atvinnulífs á svæðinu. Mikið er veitt af botnfisk allt árið, og þá mest af þorsk. Árið 2016 var landað á Vestfjörðum 38.494 tonn af þorski, 5.055 tonn af ýsu, 4.823 tonn af steinbít og 2.501 tonn af ufsa (Hagstofan, 2017a). Einnig veiðist mikið af rækju yfir veturinn og grásleppu á vorin og síðan eru Sæbjúgu ný á svæðinu og veiðist á sumrin að sögn Einars Hreinssonar sjávarútvegsfræðings hjá Hafrannsóknarstofnun (munnleg heimild, 3. október 2017).

Þari og kalkþörungur eru einnig nýttir í iðnaðarframleiðslu. Í ám og vötnum er veiddur lax og silungur á sumrin. Rjúpan er vinsæl veiði í október og nóvember. Í um áraraðir var svartfuglinn veiddur á vissum tímum og tínsla á svartfuglseggjum á vorin en þó minna síðustu ár (Umhverfisstofnun, e.d.-a).

Síðustu ár hefur landbúnaður verið á undanhaldi á Vestfjörðum. Bændum á Vestfjörðum hefur fækkað umtalsvert meðal annars vegna framleiðslustýringar en þó er landbúnaður hluti af undirstöðum atvinnulífs í nokkrum sveitarfélögum á svæðinu.

Árið 2010 var landbúnaður stundaður á 164 bújörðum á Vestfjörðum með nautgripi, sauðfé, hross, varphænur og svín, sauðfé verandi stærsti flokkurinn. Heildarflatamál lands sem nýtt er undir landbúnað á Vestfjörðum er 1.172 km², sem er rúm 37% af heildarflatarmáli landshlutans. (Byggðastofnun, 2014). Landbúnaður hefur síðustu áratugi breyst mikið á Íslandi sem og Vestfjörðum og hafa ýmsar ólíkar

greinar þróast í átt að landbúnaði og tilheyra honum núna. Má þar til dæmis nefna, garðyrkju og skógrækt.

3.1.19 Friðlýst svæði og fólkvangur

Á Vestfjörðum eru fjögur friðlönd, Flatey og Hrísey í Reykhólahreppi, Hornstrandir sem tilheyra Ísafjarðabæ og Vatnsfjörður í Vesturbyggð. Einnig er Látrabjarg í vinnslu friðlýsingar. Eitt svæði tilheyrir flokknum önnur friðuð svæði en það er Breiðafjörður sem liggur við suðurhluta Vestfjarða, Dalabyggð og Snæfellsnes. Þar eru eyjur og fjörur verndaðar með lögum. Tveir staðir eru í flokknum náttúruvættir, fossinn Dynjandi í Arnarfirði og svæðið í kringum hann og Surtabrandsgil í Vesturbyggð. 41 svæði teljast til náttúrminjar á svæðinu. (Umhverfisstofnun, e.d.-b). Enginn skráður Fólkvangur er á Vestfjörðum hjá Umhverfisstofnun.

3.1.20 Minjar

Mikið er um minjar og aðrar fornleifar sem tilheyra menningu Vestfjarðar til forna til dæmis Flókatóftir við Brjánslæk, forna bæjarstæðið Eyrar á Ísafirði og Klúku, hlaðin baðlaug við Laugarhól í Bjarnafirði. Á Vestfjörðum eru skráðar 61 friðlýstar fornleifar (Minjastofnun, 1990) og 58 friðlýst hús eða mannvirki (Minjastofnun, e.d.).

3.1.21 Menntun og rannsóknir

13 grunnskólar eru á Vestfjörðum. Grunnskólar eru á Reykhólum, Strandabyggð, Kaldrananeshrepp og Árneshrepp. Vesturbyggð rekur tvo skóla, á Patreksfirði og Bíldudal. Grunnskóli er á Tálknafirði, í Bolungarvík og Súðavík. Ísafjarðarbær rekur grunnskóla á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og á Ísafirði.

Einn menntaskóli er á Vestfjörðum, Menntaskólinn á Ísafirði. Í Vesturbyggð er rekin framhaldsdeild en þar getur nemendur af suðursvæði Vestfjarða stundað fjarnám frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði.

Háskólasetur Vestfjarða er staðsett á Ísafirði. Setrið er fjarnámssetur sem þjónar um 100 fjarnemum en það starfrækir einnig meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun, sjávarbyggðafraeði og litla einstaklingsmiðaða námsleið á meistarastigi í sjávarfengdri nýsköpun. Háskólasetrið vinnur náið með rannsóknarstofnunum á Vestfjörðum sem og utan þeirra með meistaranema sína. Þess utan býður Háskólasetrið upp á fjölbreytt sumarnámskeið.

Háskólasetrið stendur fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum af öllum stærðum og gerðum, allt frá stórum alþjóðlegum ráðstefnum á sviði menningar, náttúru og vísinda til smærri óformlegra erinda um allt á milli himins og jarðar. Einnig er Háskólasetrið opið rannsóknarfólki og rannsóknarnemum, sem dvelja á Vestfjörðum vegna rannsóknar sinna. (Háskólasetur Vestfjarða, e.d.).

Í Bolungavík er rekið Rannsóknarsetur Háskóla Íslands þar sem sérstök áhersla er lögð á rannsóknir á haf- og strandsvæðum (Rannsóknarsetur Háskóla Íslands, e.d-a).

Á Ströndum rekur Rannsóknarsetur Háskóla Íslands Þjóðfræðistofu og eru rannsóknir í þjóðfræði í öndvegi hjá setrinu og sérstök áhersla lögð á miðlun og hagnýtingu þjóðfræðilegrar þekkingar (Rannsóknarsetur Háskóla Íslands, e.d-b)

3.1.22 Iðnaður og efnistaka

Iðnaður er í vexti á Vestfjörðum, t.d fiskeldi og síðan eitthvað um nýsköpunarfyrirtæki. Dæmi um þau eru stálsmiðja, fyrirtæki sem sérhæfir sig í smíði vinnsluvéla fyrir fiskiðnað, fyrirtæki sem sérhæfir sig í lækningavörum úr fiskroði og í almennum tæknigreinum. Smáiðnaður er í vexti á Vestfjörðum. Íhlutir í vélar eru framléidd fyrir hátækniðnað, einnig sérhæfa fyrirtæki sig í smíði vinnsluvéla fyrir fiskiðnað. Stærri iðnaður er vinnsla úr kalkþörungum og sjávarþörungum. Einnig er sjávarsaltsuða á tveimur stöðum.

3.1.23 Vatnsvirkjanir og jarðhiti

Orkubú Vestfjarða á og rekur sjö vatnsaflsvirkjanir. Stærst er Mjólkárveikun í Arnarfirði. Jarðhita er einkum að finna á austanverðu svæðinu og er hann nýttur til baða og húshitunar. Ný hitaveita er í undirbúningi á Hólmavík. Hitinn er það lágur að ekki hentar til rafmagnsvinnslu. Enn bjóðast virkjanatækifæri í vatnsafl og jarðvarma. Náttúruböð á Vestfjörðum eru einnig einstök. Þar sem ekki er almenningshitaveita er víðast kynt með rafmagni. Fámennustu sveitir eins og Hornstrandir og Árneshreppur eru afar strjálbýlir og orkuþjónusta er lítil.

3.1.24 Umhverfis og sorpmál

Sveitarfélögin á Vestfjörðum fengu silfur vottun frá umhverfisvottunarsamtökunum EarthCheck fyrir

starfsárið 2017. Voru þetta mikil gleðitíðindi fyrir sveitarfélögin sem höfðu unnið að þessu verkefni síðan árið 2012, mynd 21. Vottunarsamtökin EarthCheck eru alþjóðleg samtök sem hafa höfuðstöðvar í Ástralíu en samtökin eru þróuð af fyrirtæki sem er í eigu



Mynd 21. - Silfurvottun sveitarfélögunum 2017.

ástralískrar ferðamannaþjónustu, ríkis og háskóla. EarthCheck eru einu samtökin sem umhverfisvotta starfssemi sveitarfélaga. Vottunin er veitt fyrir starfssemi sveitarfélögunum níu á Vestfjörðum og eru ýmsir þættir skoðaðir eins og innkaup sveitarfélaga, orkunotkun og nýting, vatnsnotkun og nýting, sorpförgun og endurvinnsla ásamt ýmsum öðrum þáttum (Fjórðungssamband Vestfirðinga, e.d-c). Sveitarfélögin hafa einnig staðið að verkefninu Plastpokalausir Vestfirðir og er það verkefni sprottið út frá umhverfisvottunarverkefninu.

3.1.25 Öryggismál

Almannavarnir

Almannavarnir heyra undir Ríkislögreglustjóra með starfrækta Samhæfingarstöð í Reykjavík. 5 Almannavarnarnefndir eru staðsettar á Vestfjörðum, Almannavarnarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar, Almannavarnarnefnd Bolungarvíkur, Almannavarnarnefnd Ísafjarðar og Súðavíkurhrepps, Almannavarnarnefnd Reykhólahrepps og Almannavarnarnefnd Strandabyggðar.

Hlutverk Almannavarnarnefnda kemur að stefnumótun og skipulagningu almannavarna á sínu svæði og í þeim sitja lögreglustjóra þess umdæmis, sem sveitarfélagið er í, fulltrúum úr sveitarstjórn og þeim fulltrúum sveitarstjórna, sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu hins almenna borgara. Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi (Ríkislögreglustjóri, Almannavarnadeild, e.d.).

Löggæsla


Eitt lögregluumdæmi er á Vestfjörðum og hefur lögreglustjórinn aðsetur á Ísafirði. Aðrar starfstöðvar eru á Patreksfirði og Hólmavík. Lögreglan á Vestfjörðum telur 21 lögreglumann að sögn Hlynns Hafbergs Snorrasonar, yfirlögregluþjóns á Vestfjörðum (munnleg heimild, 9. október 2017).

Sjúkrahús og Heilsugæsla

Þessi flokkur skiptist í tvennt. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sinnir helming fjórðungsins en Strandir og Reykhólahreppur tilheyrir Heilbrigðisstofnun Vesturlands, sjá mynd 22. (Stjórnarráð Ísland, e.d.-a).

Undir Heilbrigðisstofnun Vestfjarða tilheyrir; Heilsugæslumiðstöð og sjúkrahús á Ísafirði, Heilsugæsla og sjúkrahús á Patreksfirði og heilsugæslusel á Tálknafirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík og Súðavík, sjá mynd 20.

Undir Heilbrigðisstofnun Vesturlands tilheyrir; Heilsugæsla og sjúkrarúmi í Hólma­vík og heilsugæslusel á Reykhólum og í Árneshrepp.



Mynd 22. - Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða og Vesturlands. Mynd: Stjórnarráð Íslands.

Slökkvilið og sjúkraflutningar

Níu slökkvilið eru starfrækt á Vestfjörðum, í hverju sveitarfélagi. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar er eina slökkviliðið sem hefur starfsmenn í fullu starfi, annars eru starfsmenn í hlutastarfi, einnig er enginn Slökkviliðstjóri er í Árneshrepp og Kaldrananeshrepp (Mannvirkjastofnun, e.d.).

Samkvæmt Hlyni Hafbergi Snorrasyni, yfirlögregluþjónn á Vestfjörðum og Davíð Rúnari Gunnarssyni, slökkviliðsstjóra Vesturbyggðar eru 6 sjúkrahús á Vestfjörðum. Tveir sjúkrahús á Ísafirði, einn á Þingeyri, tveir á Patreksfirði og einn á Hólma­vík og annast Slökkvilið Ísafjarðar, Vesturbyggðar og Strandabyggðar sjúkraflutninga á svæðinu (munnleg heimild, 9. Október 2017).

Björgunarsveitir

Á Vestfjörðum eru starfræktar 17 björgunarsveitir, sjá mynd 23. Fjórar björgunarsveitir á Ströndum og Reykhólahrepp, fimm sveitir í Vesturbyggð og Tálknafirði og átta sveitir á norðursvæðinu. Stærð þeirra er mismunandi og búnaður.

Björgunarsveitirnar eru allar búnar annaðhvort fólksbifreiðum eða jippum. Snjóþúlar eru staðsettir á Reykhólum, Bolungarvík og Hólma­vík og vélsleðar á flestum stöðum.

Á Vestfjörðum eru tvö björgunarskip, staðsett á Patreksfirði og Ísafirði. Harðbotnabátar eru staðsettir á Brjánslæk, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík, Hnífsdal og Drangsnesi. Slöngubátar eru staðsettir á gamla Patreksfjarðarflugvelli, Tálknafirði og Hólma­vík (Slysavarnafélagið Landsbjörg, e.d.).



Mynd 23. - Staðsetning björgunarsveita á Vestfjörðum. Mynd: Landsbjörg.

Rauði krossinn

Rauði kross Íslands heldur úti sjö deildum á Vestfjörðum með sjálfbóðaliðum og Ísafjarðadeildina verandi sú stærsta.

Deildirnar vinna ýmis verkefni eins og að halda reglulega þjálfun sjálfbóðaliða í neyðarvörnum og fjöldahjálp. Deildirnar halda skyndihjálpanámskeið og halda utan um fataverkefni Rauða krossins. Rauði krossinn stendur einnig reglulega fyrir ýmsum samfélagslegum verkefnum ásamt mörgu öðru (Rauði kross Íslands, e.d.).

Landvarsla

Landvarslan kemur frá Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun hefur tvær starfstöðvar á Vestfjörðum, á Ísafirði og Patreksfirði.


Á Ísafirði starfar einn starfsmaður en hans megin störf eru sérfræðistörf um Hornstrandir og landvarsla á Hornströndum yfir sumartímann. Annar starfsmaður bætist við í landvörslu yfir sumarmánuðina.

Á Patreksfirði starfar einn starfsmaður. Hans störf eru sérfræðistörf um Látrabjarg og friðlýst svæði á sunnanverðum Vestfjörðum, Vatnsfjörð, Surtarbrandsgil, Dynjanda, Flatey og Hrísey og landvarsla yfir sumartímann. Eins og á Ísafirði bætist við annar starfsmaður í landvörslu yfir sumarmánuðina á starfsstöð Patreksfjarðar (Umhverfisstofnun, e.d.-c).

3.2 Markaðsgreining


3.2.1 Þjóðerni

Þjóðerni þeirra sem gistu á Vestfjörðum á árinu 2016 er sýnd á mynd 24., en þar eru gistináttatölum skipt upp í útlendinga og Íslendinga. Yfirleitt eru útlendingar fleiri en þó má sjá að Íslendingar eru fleiri í janúar. Einnig sést að minni munur er á þessum flokkum yfir vetrartímam. Greinilegt er að hlutur erlendra ferðamanna er stór þegar kemur að ferðapjónustunni á Vestfjörðum.



Mynd 24. - Þjóðerni þeirra sem gistu á Vestfjörðum á árinu 2016.


Þegar að þjóðerni útlendinga er skoðuð sést að út frá gestakomu 2016 eru mest af þjóðverjum eins og mynd 25. sýnir.




Mynd 25. - Þjóðerni gesta - gestakomu 2016

Í samhengi er hér sett upp þróun þjóðerna frá árunum 2012-2016. Á mynd 26. eru þjóðerni útlendinga sett upp út frá gistinguótum og á mynd 27. út frá gestakomum.

Mikil aukning hefur orðið í komu Breta og bandaríkamanna. Miðað við gestakomurnar hefur fjöldi þjóðverja nánast staðið í stað en gistinguótum þeirra fjölgað. Einnig má sjá að ferðamönnum frá Japan og Kína hefur fjölgað mikið á síðustu þremur árum.



Mynd 26. - Þjóðerni gesta út frá gistinguótum



Mynd 27. - Þjóðerni gesta út frá gestakomum


Tölur fengnar frá Hagstofu Íslands (Hagstofa, 2017b; 2017d).

3.2.2 Áhugasvið ferðamanna

Nýjasta könnun sem beinist að ferðamönnum sem koma til Vestfjarða er könnun sem gerð var árið 2013 og kemur fyrir í Ferðapjónustugreiningu 2015 og unnin af Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2016).


Mikilvægt er að sambærileg könnun verði framkvæmd sem allra fyrst til að hægt verði að skoða þróunina.

Það sem kemur fram í þeirri könnun að áhugasvið ferðamannsins sem kemur til Vestfjarða er útivist, umhverfisvernd, ljósmyndun og menning og listir, mynd 28.



Mynd 28. - Áhugasvið ferðamanna

Það sem hafði mest áhrif á ferð til Vestfjarða var 94,58% náttúran, sjá mynd 29.



Mynd 29. - Það sem hafði mest áhrif á ferð til Vestfjarða.

Nefna má að nýlega voru gefnar út niðurstöður úr ferðavenjukönnun sem Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir gerði fyrir Rannsóknarmiðstöð ferðamála (2017) og beindist að erlendum gestum á Ísafirði sumarið 2016.

Framkvæmd könnunarinnar tók níu daga og afmarkaðist rannsóknarsvæðið við Silfurtorg að norðan að Neðstakaupstað að sunnan. Tímabil framkvæmdar var 2.-27. ágúst og innan dagsins var könnunin framkvæmd á tímabilinu kl. 9-18. Það gerir það að verkum að svör takmarkast við þá sem voru fótgangandi og ekki þá sem komu að kvöldi og fóru af stað að morgni. Inni í þessu voru nokkrir skemmtiferðaskipadagar og tók Lilja Berglind sumar niðurstöður og skipti upp, um hvort væri að ræða skemmtiferðaskipafarþega eða alla. Erfitt er að alhæfa um niðurstöðurnar og tengja við alla Vestfirði en hins vegar gefur þetta einhverja mynd.

Flestir þátttakenda voru á ferð með fjölskyldu og vinum (80%). Um 6% svarenda voru í hópferð og 13% ferðuðust einir en megin tilgangur heimsóknarinnar til Ísafjarðar var í langflestum tilvika frí eða alls um 91%.

Fram kom einnig að flestir þátttakenda (53%) sögðu heimsókn sína til Ísafjarðar vera hluta af lengri ferð og nefndu ekki aðra ástæðu fyrir vali á áfangastaðnum. Lilja segir að niðurstöðurnar markast af háu hlutfalli farþega skemmtiferðaskipa meðal ferðamanna. Þegar svör þeirra voru undanskilin sögðu 19% gesta ferðina vera hluta af lengri ferð, 18% sögðust vera á ferð um Vestfirði, 17% nefndu sérstaklega náttúruna og fegurð staðarins og 10% nefndu nálægð staðarins við Hornstrandir sem megin ástæðu heimsóknar. Meðal annarra þátta sem nefndir voru sem ástæða heimsóknar voru meðmæli, gönguferð og bátsferð. Einnig kom fram að valið hefði markast af því hversu afskekktur staðurinn var.

Þegar skoðað var hvaða þjónustu /afþreyingu ferðamaðurinn hygðist nýta sér á Ísafirði kom fram að flestir ætluðu að fara í útsýnisferð (sightseeing tour) meðan á dvöl þeirra stóð eða alls um 52% gesta. Um 49% gesta áformuðu að fara á veitinga- eða kaffihús á Ísafirði og 33% ætluðu að taka ljósmyndir. Alls sögðust 29% gesta ætla í gönguferð um svæðið. Eftir því sem aldur gesta hækkaði, lækkaði hlutfall þeirra sem ætluðu í gönguferð. Heimsókn á kaffi- eða veitingahús var nokkuð vinsæl meðal gesta frá Þýskalandi en um 62% þeirra ætlaði að nýta sér þann þjónustupátt. Um 51% gesta frá Bandaríkjunum og 39% Breta ætluðu á kaffi- eða veitingahús meðan á dvöl þeirra stóð. Þegar svörin voru skoðuð með og án farþega skemmtiferðaskipa var munurinn talsverður. Útsýnisferðir, handverkshús og söfn voru vinsælli meðal farþega skemmtiferðaskipa en gönguferðir, sund, bátsferðir og veitingahús vinsælli meðal þeirra sem ferðuðust með öðrum hætti til bæjarins.

3.3 Ímynd svæðis og aðdráttarafl

Í stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu 2016-2020 var aftur staðfest sú sérstaða og þau einkenni sem dregin voru fram í fyrri stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða (Ferðamálasamtök Vestfjarða, 2016).

Þar kemur fram að einn af aðalkostum svæðisins væru nálægðin við náttúruna, en skilgreining sérstöðu Vestfjarða er grunnforsenda þess að byggja upp samkeppnisforskot svæðisins. Það þarf að vera almennur skilningur og sátt um sérstöðu svæðisins, þess vegna var þetta atriði eitt af aðaláherslum svæðisfundna sem haldnir voru í tengslum við uppfærslu stefnumótunarinnar. Þau lykilatriði sem voru dregin fram voru:

Einstök náttúra, friðsæld og öðruvísi upplifun

- Nálægð við einstaka náttúru: Friðlönd, fossar, fjöll, firðir, hreinleiki og dýralíf
- Einstök friðsæld: Afskekkt, fámenni, rólegheit, víðátta og kyrrð
- Öðruvísi upplifun: Við erum ævintýragjörn, sjálfbær, skapandi, menningarleg og dularfull

Áherslur Vestfjarða í markaðssetningu hafa ávallt verið á einstaka náttúru og passar það vel við greiningu á þeim gestum sem eru að heimsækja svæðið eins og sjá má í kaflanum á unda, 3.2.2. áhugasvið ferðamannsins.

Fjölsóttustu áningarstaðir ferðamanna á Vestfjörðum yfir sumartímenn eru Látrarbjarg, Dynjandi og Rauðasandur. Þessir staðar eru reyndar allir með mikla árstíðarsveiflu vegna aðgengis en vegir að þessum stöðum eru ekki með heilsársþjónustu. Aðrir staðir sem töluvert eru heimsóttir eru Hornstrandir, Bolafjall og Vigur, þar sem einnig er mikil árstíðarsveifla. Auk umræddra náttúruþerla er einnig mikið um að ferðamenn séu að heimsækja þorpin allt um Vestfirði enda er þar að finna þá þjónustu sem ferðamenn leita í.

Hin mikla árstíðasveifla í vestfirskri ferðaþjónustu kemur skýrt í ljós þegar nýting gistirýma yfir veturinn er skoðuð. Lenging ferðamannatímabilsins og heilsársferðaþjónusta hefur því verið ein af helstu áherslum í starfi Markaðsstofu Vestfjarða undanfarin ár. Ýtt er undir heilsársferðaþjónustu með markaðssetningu og vörubrúun ásamt lengingu opnunartíma í samstarfi við ferðaþjóna og sveitarfélög.

3.4 Mat á framlagi ferðapjónustu til svæðisins

Til að fá mat á framlagi ferðapjónustu til svæðisins var unnið með uppfærð gögn úr Ferðapjónustugreiningu 2015 fyrir Vestfjarðastofu (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2016).

Greiningin er unnin úr skattagögnum til þess að veita yfirlit yfir fjárhagsstöðu ferðapjónustu á Vestfjörðum og byggir á skattframtölum allra lögaðila á Vestfjörðum sem flokkaður eru sem gisti- eða veitingaaðilar samkvæmt ÍSAT 2008 flokkunarkerfinu, 51 aðilar samtals.

Fjárhagsyfirlit

Hótel,Gististaðir og veitingastaðir	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2010-2016
Tekjur	1.344.411.041 ISK	1.012.566.718 ISK	1.052.594.213 ISK	1.093.845.126 ISK	1.274.941.149 ISK	1.404.457.748 ISK	1.694.679.620 ISK	26%
Laun	214.278.767 ISK	207.275.219 ISK	247.423.506 ISK	278.200.380 ISK	328.719.334 ISK	350.180.238 ISK	439.326.130 ISK	105%
EBITDA	94.871.727 ISK	120.589.800 ISK	112.152.866 ISK	111.643.464 ISK	98.241.086 ISK	105.325.359 ISK	206.604.361 ISK	118%
*Afkoma	- 60.082.423 ISK	293.573.242 ISK	- 47.816.518 ISK	- 56.221.515 ISK	84.435.381 ISK	- 1.544.224 ISK	60.657.534 ISK	
*samanlögð niðurstaða ársreikninga								



Efnhagur	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2010-2016
Eignir	1.205.607.284 ISK	1.207.646.303 ISK	1.420.058.984 ISK	1.202.889.779 ISK	2.461.842.039 ISK	2.439.232.933 ISK	2.515.260.041 ISK	109%
Skuldir	1.802.147.683 ISK	1.158.377.797 ISK	1.381.128.298 ISK	1.213.452.089 ISK	2.343.471.512 ISK	2.286.010.642 ISK	2.264.805.963 ISK	26%
Eigið fé	- 596.540.399 ISK	49.268.506 ISK	38.930.686 ISK	- 10.562.310 ISK	118.370.527 ISK	153.222.291 ISK	250.454.078 ISK	

Tekjuaukning er 26% yfir tímabilið og launagreiðslur hafa rúmlega tvöfaldast.

Afkoman hefur snúist við og EBITDA er tvöfalt hærri. Reksturinn hefur því verið mjög góður á síðastliðnum árum, þrátt fyrir styrkingu krónunnar á árinu 2016

Þá hafa verið talsverðar fjárfestingar og hafa eignir rúmlega tvöfaldast á skoðuðu tímabili.

Rekstrar- og efnahagsfirlit myndrænt



Mynd 30. - Rekstrar- og efnahagsfirlit og efnahagur.

Margfeldisáhrif ferðamanna



Mynd 31. - Áhrif Vestfirskra ferðaþjónustu.

Hafa ber í huga við túlkun á þessari mynd að hér er verið að reyna að draga fram þá neyslu sem ferðamenn sem samanlagt kaupa gistingu og veitingar fyrir tæpan 1,7 milljarð skapa annars staðar í hagkerfinu innan Vestfjarða.

Þessi nálgun byggir á tölfræði frá Hagstofunni þar sem sambærilegar mælingar eru ekki til innan Vestfjarða.

Þá þarf að taka fram að flugrekstur fer fram að mestu leyti utan Vestfjarða. Þá er líklegt að bílaleigutekjur skili sér þar sem bíllinn er tekinn, að meirihluta til á höfuðborgarsvæðinu eða Keflavíkurlugvelli. Innan Vestfjarða er ferðaskrifstofustarfsemi en meirihluti slíkrar neyslu má áætla að verði fyrir utan Vestfirði.

Eftir stendur að það væri hægt að leiða líkur að því að ferðaþjónustan skili a.m.k. 3,2 milljörðum í verðmætum í heild sinni innan Vestfjarða.

3.5 Mat á áhrifum ferðapjónustu á svæðinu




Til að átta sig á hver áhrif ferðapjónustunnar eru á svæðinu eru hér vissir flokkar skoðaðir út frá jákvæðum og neikvæðum áhrifum. Flokkunum eru skipt upp í ytra umhverfi (e. actual) og upplifun heimamanna og ferðamanna.

Þegar skoðuð eru áhrif ferðapjónustunnar þarf einnig að líta á þau áhrif út frá efnahagslegum áhrifum, sem fjallað er um í kafla 3.4 og svo umhverfis, samfélags- og menningarlegra áhrifa. Ekki er til sérstök þolmarkagreining fyrir svæðið í heild en reynt er að rýna í þau gögn sem fundust um málið.

Farið er í þær heimildir sem settar hafa verið fram hér í köflunum á undan en einnig til þess leggja mat á áhrifin hafa nokkrar skýrslur verið skoðaðar. Til að skoða upplifun heimamanna er hér rýnt í nýja skýrslu frá Rannsóknarmiðstöð ferðamála eftir Eyrúnu Jenný Bjarnadóttur (2018). Heimildir eru einnig nýttar úr annari nýrri skýrslu Rannsóknarmiðstöð ferðamála, *Erlendir gestir á Ísafirði sumarið 2016* eftir Lilju Berglindi Rögnvaldsdóttur (2017). Til að skoða álag á staði í umhverfinu er skýrsla Umhverfisstofnunar, *Ástand friðlýstra svæða 2017* (2018b) skoðuð sem og fleiri skýrslur Umhverfisstofnunar. Í flokknum skemmtiferðaskip eru skoðuð gögn sem starfshópur um skemmtiferðaskip vann fyrir Ísafjarðarbæ og kynnti á fundi 15. janúar 2018 sem og skýrsla frá Rannsóknarmiðstöð ferðamála, *Skemmtiferðaskip við Ísland – úttekt á áhrifum* eftir Edward H Huijbens og Kristinn Berg Gunnarsson (2014).

Í töflu 9 sést heildarmat út frá þeim heimildum sem fundust við gerð þessara áætlanar. Atriðin eru skoðuð út frá jákvæð (**græn**) eða neikvæð áhrif (**rauð**). Farið er síðan í hvern flokk fyrir sig í köflum hér á eftir.

Tafla 9. - Mat á áhrifum ferðapjónustunnar á Vestfjörðum.

Mat á áhrifum ferðapjónustunnar á Vestfjörðum					
		Ytra umhverfi	Upplifun heimamenn	Upplifun ferðamenn	athugasemdir
1.	Fjöldi ferðamanna				
2.	Eyðsla ferðamanna				
3.	Umferð og umferðatölur				
4.	Álag á staði í umhverfinu				Flestir staðir eru þó með jákvæð áhrif. Hinsvegar eru staðir þar sem neikvæð áhrif hafa gert vart við sig og því var settur rauður litur. Staðir eins og t.d. Látrabjarg sem og Dynjandi og Surtabrandsgils sem eru á appelsínugulan valista hjá UST, sjá skýringar.
5.	Áningarstaðir				Jákvæð áhrif tilraunaverkefnis Vegagerðarinnar með þurrklósett.
6.	Staðbundin þjónusta og aðstaða				
7.	Skemmtiferðaskip				Mengunarmál og ákveðið álag áreitis sem heimamenn þó sérstaklega á Ísafirði verða fyrir er umhugsunarvert, sjá skýringar.
	Heildaráhrif				Að meirihluta jákvæð áhrif

3.5.1 Fjöldi ferðamanna,

Eins og fram hefur komið voru árið 2016 153.623 gestakomur á Vestfirði sem sköpuðu 1,6 gistinótt (sjá kafla 3.1.2.2 Gestakomur á Vestfjörðum). Miðað við landið í heild hafa Vestfirðir 3,3% hlutdeild af heildar gestakomum yfir landið árið 2016.

Samkvæmt rannsókn og skýrslu Eyrúnar (2018) þykja 59% íbúa Vestfjarða fjöldi ferðamanna hæfilegur á sumrin en þó eru fjórðungur íbúa sem þykja ferðmenn heldur margir (13%) eða allt of margir (10%). Einnig kemur fram að íbúar á Vestfjörðum telja ferðamenn vera of fáa (31%) eða heldur fáa (42%) yfir vetrartímann.

Karlar á Vestfjörðum voru frekar á þeirri skoðun að fjöldi ferðamanna á sumrin væri hæfilegur en konur voru líklegri til að telja ferðmenn of marga.

3.5.2 Eyðsla ferðamanna

Efnahagsleg greining er gerð sérstaklega í kafla 3.4. en það kemur t.d. fram að hægt væri að leiða líkur að því að ferðaþjónustan skili a.m.k. 3,2 milljörðum í verðmætum í heild sinni innan Vestfjarða

3.5.3 Umferð og umferðatölur

Umferðatölur eru ræddar sérstaklega í kafla 3.1.8.1 og gefur þar góða mynd á aukningu umferðar inn á Vestfirði.

3.5.4 Álag á staði í umhverfinu

Friðlýst svæði.

Hér eru skoðaðir staðir á vegum Umhverfisstofnunar,

Umhverfisstofnun gefur út ástandskýrslu árlega um ástand friðlýstra svæða á landinu (2018). Annað hvert ár gefur svo stofnunin út skýrslu sem kallast „rauði listinn – svæði í hættu“ (2017a) sem byggð er á ástandskýrslunni.

- Að vera á lista yfir rauðlituð svæði þýðir að svæði eru í verulegri hættu að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til.
- Appelsínugul svæði þýðir að svæði eru í hættu að tapa verndargildi sínu og þarfnast aðgerða til að snúa þeirri þróun við.

Hér er farið yfir þau svæði á Vestfjörðum sem eru inn í þessum skýrslum;

Dynjandi

Dynjandi var árið 2016 inn á lista Umhverfisstofnu undir appelsínugul svæði en hafði þó farið út af honum 2012. Svæðið var hinsvegar sett aftur inn en Umhverfisstofnun segir að fjölgun ferðamanna hafi verið meiri en gert var ráð fyrir og álag á svæðinu í samræmi við það (Umhverfisstofnun, 2017a).

Samkvæmt ástandskýrslunni (2018b) kemur fram að árið 2017 var landvarsla frá 22. maí til 2. október og farið var í eftirlit á Dynjanda 4-5 sinnum í viku. Sérfræðingur á Patreksfirði fór í eftirlit þrisvar til fjórum sinnum í mánuði í apríl og maí, einu sinni til tvisvar í viku í október og líklega einu sinni í viku í nóvember Einnig kemur fram að „Átak sem farið var í til þess að stýra umferð um svæðið með því að loka aflögu stígum, afmarka og byggja upp göngstíga og loka svæðum sem voru illa farin vegna átroðnings, hafa skilað góðum árangri. Gróður hefur náð sér vel á strik á svæðum sem voru undir miklu álagi. Halda verður áfram uppbyggingu á innviðum til að viðhalda góðu ástandi svæðisins“.

Vinnu er lokið við verndar og stjórnunaráætlun og gildir hún 2015-2024.

Hornstrandir

Á Hornströndum störfuðu tveir landverðir sumarið 2017 samtals í 69 daga í friðlandinu og sérfræðingur friðlandsins í 13 vikur. Þá störfuðu erlendir sjálfbóðaliðar í friðlandinu í 6 daga og skiluðu 30 dagsverkum. Yfir vetrartímam starfar sérfræðingur friðlandsins á skrifstofu Umhverfisstofnunar á Ísafirði.

Í ástandskýrslunni (2018b) segir einnig „Gönguferðamönnum fjölgaði talsvert sumarið 2013, en fækkaði árið eftir. Aukning varð á milli ára sumarið 2015 sem nemur um 20%. Þrátt fyrir erfitt tíðarfar. Stöðug fjölgun er í dagsferðum, ekki síst á Hesteyri. Á Hesteyri er farið að sjá á göngustígum og þarf að fara í úrbætur þar. Hinsvegar er landið í einkaeign og er brýnt að samkomulag náist um framtíð ferðapjónustu á þeim stað áður en farið er í framkvæmdir. Álag á tjaldsvæði og göngustíga hefur aukist allnokkuð og fer sífellt meiri tími í viðhald þeirra“.

Unnið er að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið sem stefnt er að því að ljúka nú á árinu 2018 (Umhverfisstofnun, 2018a).

Surtabrandsgil

Landvörður var á svæðinu frá 20. maí - 2. október 2017. Sérfræðingur á Patreksfirði er með eftirlit utan þess tíma.

Surtabrandsgil hefur færst niður milli flokka samkvæmt lista Umhverfisstofnunar en var inn á rauðu svæði árið 2010 en er komið í appelsínugult svæði árið 2016 (Umhverfisstofnun, 2017a).

Samkvæmt ástandskýrslu (2018b), „Talsvert rask er í Surtabrandsgili af náttúrulegum ástæðum. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Náttúruupplifun, jarðfræði og mannvistarminjar gera svæðið mjög áhugavert. Verndaráætlun er í kynningarferli. Tekist hefur að mestu leyti að koma í veg fyrir eyðileggingu í gilinu af völdum ferðamanna. Ekki varð vart við brottnám steingervinga úr gilinu sumarið 2017“.

Vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Surtabrandsgil er lokið og biður staðfestingar ráðherra (2018a).

Vatnsfjörður

Landverðir voru á svæðinu 5. júní - 4. september 2017. Sérfræðingur á Patreksfirði er með eftirlit á svæðinu utan þess tíma.

Samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar (2018b) er hluti friðlandsins innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr lög nr.54/1995 en hótél, tvö tjaldsvæði og greiðasala er innan friðlandins. Einnig kemur fram að „Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Talsvert álag ferðamanna er á svæðinu í Vatnsfirði. Fiskeldi er í friðlandinu og frágangur á leiðslum og vinnusvæði er óviðunandi. Þrýsta þarf á sveitafélagið að gera athugasemdir við frágang og rusl á svæðinu“.

Flatey

„Hluti Flateyjar á Breiðafirði ásamt nálægum eyjum var friðlýstur árið 1975. Með friðlýsingunni er gróður og dýralíf svæðisins verndað. Friðlandið er mikilvægt varpsvæði sjaldgæfra fuglategunda, t.d. þórshana.“(Umhverfisstofnun, 2018a)

Engin landvarsla er í Flatey en sérfræðingur á Patreksfirði hefur eftirlit með svæðinu og fer tvisvar á ári í eftirlit. Friðlandið er lokað allri umferð 15. maí - 15. júní. Sumarið 2017 fór sérfræðingur bara einu sinni í Flatey, í ágúst. Eftirlit og myndataka í friðlandi og samtali við ábúendur (Umhverfisstofnun, 2018b).

Einnig kemur fram að þegar er vinna hafin við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sem hófst í ágúst 2015. Var þá ákveðið að endurskoða auglýsingu um friðlýsingu svæðisins samhliða þar sem ástæða þótti til að breyta lokunartíma og mörkum svæðisins að mati samstarfshóps og sérfræðinga (2018a).

Önnur svæði sem skoðuð voru sérstaklega.

Látrabjarg og nágrenni

Látrabjarg er númer 307 á náttúruminjaskrá en er ekki friðlýst og hefur Umhverfisstofnun viðhaft lágmarkseftirliti á svæðinu. Látrabjarg hefur verið í undirbúningi friðlýsingarferlis hjá Umhverfisstofnun síðan 2011 en svæðið fór fyrst inn á náttúruverndaráætlun 2004-2008. Áhugi hefur einnig verið á því að stofna þjóðgarð á svæðinu. Það sem strandað hefur á því að Látrabjarg og nágrenni fari í friðlýsingu eða þjóðgarð er sú að svæðið er í eigu fjölmargra aðila sem ekki eru sammála um hvernig standa beri að því að vernda náttúru á svæðinu (Umhverfisstofnun, 2017c). Í lok árs 2017 var staðan þannig að stefnt var að því að taka tillögu Umhverfisstofnunar til umfjöllunar á fundi landeigandafélagsins í byrjun árs 2018, og í kjölfari verður tekin afstaða til áframhaldandi undirbúnings að friðlýsingu svæðisins (Umhverfisstofnun, 2018a).

Samkvæmt skýrslu landvarðar fyrir Látrabjarg sumarið 2017 um landvörslu, ástand innviða og stöðu friðlýsingar á svæðinu (Umhverfisstofnun, 2017c), er svæðið ekki í góðu standi. Fram kemur að þó svo að þorri ferðamanni gangi um bjargið og náttúruna af virðingu hefur svæðið látið verulega á sjá, þar sem mestur ágangur ferðamanna er.

Í því samhengi kom fram að fyrir nokkrum árum gerðu landverðir á Látrabjargi óformlega könnun á hvert ferðamenn sem koma á Bjargtanga fara „það var gert með því að fylgjast með fólki og telja hversu hátt hlutfall þeirra fer upp fyrir Smáhamra og Ritugjá sem er í ca. 450 m fjarlægð frá vita. Stefnið við Ritugjá er góður útsýnisstaður, þar má skoða fuglinn í gjánni sjálfri, vitinn á Bjargtöngum blasir við til vesturs en bergveggurinn og Barðið í austur. Í ljós kom að yfir 70% ferðamanna ganga ekki lengra en að Stefninu. Þungi þeirra tugþúsunda ferðamanna sem árlega sækir staðinn heim er því einangraður á tiltölulega litlum bletti og þar er skortur á innviðum og álagsdreifingu sárastur“. Talar skýrsluhöfundur um að mikil þörf er á stígalagningu og stýringu umferðar á bjargbrún en jarðvegurinn er viðkvæmur og sundurgrafinn (mynd 32. og 33.).



Mynd 32. - Troðningar ofan Ritugjár, mynd tekin í júní 2013. Mynd: Umhverfisstofnun



Mynd 33. - Troðningar ofan við Ritugjár, mynd tekin í ágúst 2017. Mynd: Umhverfisstofnun

Einnig kom fram í skýrslu landvarðar að umgengni flestra gesta hafi verið góð þó undantekningar séu ávallt fyrir hendi og að landeigendur hafi orðið meira varir við þær en landvörður sökum viðveruleysis. Tók skýrsluhöfundur samt fram að „...nokkrum sinnum (haft) afskipti af fólki sem var með hunda á bjarginu þó svo að skilti hangi uppi við bílastæði“ og afskipti af „... fólki sem fór óvarlega á bjargbrún þannig að hætta skapaðist af eða fuglinum stafaði augljóst ónæði af“. Einnig kom fram að „Landvörður týndi upp mikið magn af salernispappír í brekkunum fyrir neðan bílastæðið og í kringum mastur. Einnig virtist vinsælt að leita skjóls við áhaldahús og þar mátti oft finna úrgang, pappír og blautpurkur. Miðað við vindinn sem hreyfist gjarnan á Bjargtöngum má gera ráð fyrir að rusllosun hafi verið talsvert meiri en það sem landvörður náði að safna saman á stopulum ferðum sínum. Líkast til fer það flest á sjó út sem skilið er eftir“.

Talsvert er um utanvegaakstur í Látravík þar sem ferðamenn sóttu í fjöruna og á Bjargtöngum er einnig ummerki um utanvegaakstur við bílastæði þar sem stærð þess annar ekki fjöldanum á þeim tíma þegar flestir heimsækja bjargið (2017c).

Varðandi dýralífið þá kemur fram í skýrslu landvarðar að lundinn sem áður þakti bjargbrúnina við Bjargtanga hafi að miklu leyti hörfað. Hann talar um að sumarið 2017 sáust einhverjir fuglar flesta daga, í mismiklu magni, en að sögn landeigenda hefur lundinn flutt sig um set og honum hefur fjölgað á öðrum og óaðgengilegri stöðum eins og á Látravelli og Bæjarvelli þar sem eru mikil lundaver. Þangað kemst enginn nema fuglinn fljúgandi, eða menn frá sjó. Samkvæmt skýrsluhöfundi segja landeigendur að lundinn fari ekki í holur hafi hann áhorfendur og yfir bjartasta sumartímamann sé ferðafólk á Bjargtöngum nánast allan sólarhringinn. Það geri lundanum ómögulegt að fæða unga sína þar sem hann komist ekki í holur sínar og hafi því komið fram hugmyndir um að loka fyrir umferð göngufólks um bjargið á ákveðnum tíma sólarhrings á varptíma til að veita fuglinum frið (2017c).

Í lokaorðum skýrslunar segir;

Á Látrabjargi er að finna ein stórkostlegustu fuglabjörg í Evrópu. Bjargið er á lista yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði og verndargildi þess er ótvírætt. Ágangur ferðamanna á lífríki og náttúru Látrabjargs hefur aukist mikið og brýnt er að gripið verði til verndarráðstafana strax svo snúa megi við hnignun á bjarginu og í nágrenni þess. Brýnustu verkefni eru að vernda svæðið fyrir ágangi með því að byggja upp innviði, þ.e. að lagfæra bílastæði, leggja göngustíga og ákvarða áningastaði, setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti og setja reglur um umgengni og afmörkun svæða sem ekki á að ganga um. Stórlega þarf að auka á viðveru landvarðar, bæta þarf salernisaðstöðu og mikilvægt er að stefnumarkandi áætlanir séu smíðaðar og settar fram.

Það er mat Umhverfisstofnunar að verndun Látrabjargs sé best komið undir hatti friðlýsingar, ef ekki sem þjóðgarðs þá sem friðlands sem er nægilega stórt til að stýra megi aðkomu og álagi vegna ferðamanna.

Rauðasandur

Umferð yfir á Rauðasand hefur aukist í takt við fjölda ferðamanna en samgöngur þar yfir eru ekki fyrir alla, sjá umferðatölur kafla 3.1.8.1. Vegurinn yfir er brattur, þröngur, malarvegur og mætingar á honum geta verið erfiðar. Enginn vetrarþjónusta er á Rauðasandsvegi og einungis opnað að beiðni sveitarfélagsins þegar mjólkurbílinn kemst ekki yfir, með svokallaðri helmingaþjónustu (Vegagerðin, 2018).

Á Rauðasandi eru þrjú bæir með fasta búsetu, á Melanesi, Stökkum og Lambavatni með samtals 6 íbúa.

Bæjarvaðall, Vesturbyggð (áður Rauðasandhreppur) er stórt sjávarlón austast á sandinum sem er á náttúruminjaskrá nr. 306 en til náttúruminjarskrá teljast fjörur í Bæjarvaðli ásamt Rífi og Melanesrífi. Þar segir að þarna séu viðáttumiklar rauðleitar skeljasandsfjörur og árlón með fjölbreyttu dýralífi (Umhverfisstofnun, e.d.-b.).

Í samtali við Svein Eyjólfsson Tryggvason frá Lambavatni segir hann að fleiri ferðamenn hafa verið að koma síðustu ár. Talaði hann sérstaklega um aukningu sé af svokölluðum camper bílum yfir veturinn sem höfðu ekki verið að koma áður.

Nokkur uppbygging hefur orðið á tjaldsvæðinu við Melanes, þar sem aðgangur er að salernum fyrir gesti og aðra sem eiga leið sína niður beint á sandinn. Hægt er að komast niður á sand frá þremur stöðum en frá Lambavatni þarf að ganga um 1 km en það þarf að vaða stuttan spöl á leiðinni og kemur fyrir að fólk snúi við. Almennar upplýsingar vantar þegar fólk kemur yfir hvert best er að fara til að komast á sandinn eða eftir þjónustu. Eitt kaffihús er opið yfir sumartímann, Franska kaffihúsið

Ekki er til þolmarkarannsókn fyrir Rauðasand frekar en aðra staði á Vestfjörðum en mikilvægt væri að skoða þolmörk samganga og dýralífs við sandinn.

Náttúruleugar

Á Vestfjörðum má finna margar náttúruleugar, allt frá algjörlega manngerðum laugum og yfir í 100% náttúruleugar. Flestar eru þessar laugar opnar almenningi en eitthvað er um að heitar laugar séu í einkaeigu.

Sumar þessar náttúruleugar er vitað um og skráðar einhverstaðar en aðrar eru einungis á vitund heimamanna sem oft vilja halda því þannig. Árið 2009 kom út bók um heitar laugar landsins þar sem gefið var upp gps hnit á þá staði. Mikil umræða skapaðist um hvort rétt væri að gefa út bók með svona ýtarlegum upplýsingum og hvort sumt ætti að vera „falið“.

Fjölgun ferðamanna hefur í för með sér að álag á þessar laugar er orðið meira og umgengni misgóð. Oftast er enginn sem sér um þessa laugar nema þá mesta lagi kíkt við örfá skipti yfir sumartímann. Samkvæmt Jóni Reyni Sigurvinsyni formanni Heilbrigðisnefndar Vestfjarða anna náttúruleugar á Vestfjörðum ekki núverandi umferð ferðamanna en í frétt á visir.is 5. september 2017 segir að náttúruleugar á Vestfjörðum hafi komið mjög illa út úr gerlamælingu HEVF (Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða). Jón Reynir segir ástæðuna vera auknu ásókn í laugarnar og að umgengni við laugarnar hafi farið versnandi samhliða auknum ferðamannastraumi. Fyrir tuttugu árum var ásóknin svo lítil að laugarnar hreinsuðu sig sjálfar en sú er raunin ekki í dag segir Jón Reynir.

3.5.5 Áningarstaðir

Hér er ekki farið í hvern og einn stað en horft á heildarmyndina. Talað er um áningarstaði á vegum Vegagerðarinnar í kafla 3.1.10.

Fyrir sumarið 2017 fór Vegagerðin í tilraunaverkefni með tilstuðlan Stjórnstöðvar ferðamála en sett voru upp 15 þurrsalerni á 15 áningarstöðum á landinu, þar af fjórum stöðum á Vestfjörðum, á Melanesi í Gufufirði, Kirkjuból við Hvalsá, Hvannadalsá og Hvítanesi, mynd 34. Staðir voru valdir út sem hvað lengst voru frá þéttbýlisstöðum eða ferðamannastöðum sem þegar hafa salernisaðstöðu (Stjórnstöð ferðamála, e.d.). Í frétt frá 3. júní 2017 á RÚV.is kemur fram að samkvæmt Vegagerðinni hafi óþrífnaður og ágangur á áningarstöðum Vegagerðinnar verið þónokkur og að ljóst var við slíku ástandi þurfti að bregðast við.



Mynd 34. - Tímabundin salernisaðstaða.
Mynd: Vegagerðin.

Stjórnstöð ferðamála segir að verkefnið hafa gengið vonum framar og árangur verkefnisins ótvíræður. Umgengi batnaði til muna og mörg dæmi voru um staði þar sem mun fleiri stoppuðu á en hafði áður þekkt. Einnig kom fram að viðhorf heimamanna og vegfarenda hafi verið jákvætt og haft orð á því að salernin hafi verið þrífaleg og umgengni góð (Stjórnstöð ferðamála, e.d.).

Samkvæmt Einari Pálssyni forstöðumanni hjá þjónustudeild Vegagerðarinnar þá mun verkefnið halda áfram í sumar og næstu 2 ár. Sömu staðir og áður nema eitthvað í umhverfinu kalli á breytingar með smá tilhliðrun mögulega.

3.5.6 Staðbundin þjónusta og aðstaða

Samkvæmt rannsókn Eyrúnar Jenný (2018) virðist ónæði vegna ferðamanna ekki hafa aukist og áhrif ferðamennsku almennt jákvætt að mati Vestfirðinga. Einnig kom fram í skýrslunni að flestir íbúar töldu að ferðamenn efli verslun í heimabyggð án þess að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu. 65% voru sammála fullyrðingu um að ferðamenn efli verslun í sinni heimabyggð og rúmlega helmingur íbúa (eða 51%) töldu ferðaþjónustuna hafa leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir hefðu nýtt sér.

Fjölbreytt mannlíf stendur upp úr hjá Vestfirðingum þegar kemur að jákvæðum áhrifum ferðaþjónustu segir Eyrún.

Með fjölgun ferðamanna hefur einnig staðbundin aðstaða eins og veitingastaðir og gisting aukist síðustu ár eins og sýnir í kafla 3.4 um efnahagslega greiningu. Þar kemur fram að það hafa verið talsverðar fjárfestingar á síðustu árum og hafa eignir rúmlega tvöfaldast á skoðuðu tímabili.

3.5.7 Skemmtiferðaskip

Gríðarleg aukning hefur verið á komu skemmtiferðaskipa til Vestfjarða, og þá helst til Ísafjarðarbæjar eins sést í kafla 3.1.17.1.

Um stórt málefni er að ræða en hér verður reynt er leggja mat á skemmtiferðaskipin út frá áhrifum á samfélag, efnahag-, og umhverfi.

Seint árið 2016 var tillaga um starfshóp um skemmtiferðaskip samþykkt hjá Ísafjarðarbæ en skilgreint hlutverk starfshópsins var að móta tillögur að stefnu og framtíðarsýn Ísafjarðarbæjar um þjónustu við skip og hafnsækna starfsemi. Sérstök áhersla verður lögð á stefnumótun varðandi komu skemmtiferðaskipa til Ísafjarðarbæjar og samspil þeirra við aðra starfsemi hafnarinnar og þjónustu í sveitafélaginu.

Íbúakönnun vegna skemmtiferðaskipa

Starfshópurinn gerði viðhorfskönnun meðal íbúa bæjarins í september 2017. Könnunin var hluti af gagnaöflun vegna stefnumótunar. Auk hennar hafa verið haldnir fundir með hagsmunaaðilum, hagtölur teknar saman og farið yfir skipulag hafnarinnar.

Viðhorfskönnunin var rafræn og var auglýst á vefjum bæjarins og fréttavefnum bb.is. 548 manns svöruðu könnuninni og af þeim voru flestir búsettir á eyrinni eða efri bænum eða rúmlega 63% og tæplega 21% svarenda voru búsettir í Hnífsdal eða Holtahverfi. Um 12% svarenda voru búsettir í öðrum byggðakjörnum á norðanverðum Vestfjörðum og rúmlega 3% svarenda voru ekki búsettir á svæðinu.

Í niðurstöðum kom fram að um 40% svarenda telja að farþegar skemmtiferðaskipa hafi góð áhrif á bæjarlífið, 35% telja svo ekki vera og 25% telja farþega skipa hvorki hafa góð eða slæm áhrif. Tæplega 60% svarenda telja farþega skemmtiferðaskipa skapa tekjur fyrir Ísafjarðarbæ, rúmlega 50% telja komu skemmtiferðaskipa auka fjölbreytni í atvinnulífi svæðisins og tæp 70% eru ósammála fullyrðingu um að það myndi engu breyta fyrir Ísafjarðarbæ þó skemmtiferðaskip hættu að koma.

Um 90% svarenda eiga einhver samskipti við ferðamenn yfir sumartímam, 40% nokkrum sinnum í mánuði en þónokkuð margir eiga umtalsverð samskipti við ferðamenn. Meirihluti er á því að haust, vetur og vor séu frekar eða alltof fáir ferðamenn í bænum en rúm 70% telja frekar marga eða alltof marga ferðamenn vera í bænum yfir hásumartímam en tæp 23% telja að þá séu ferðamenn hæfilega margir.

Af um 550 svarendum fá 95 sjálfir eða fyrirtæki á þeirra vegum tekjur af komum skemmtiferðaskipa og mjög athyglisvert er að af þeim fá yfir 20 tekjur yfir tveimur milljónum.

33% svarenda telja hæfilega mörg skip heimsækja Ísafjarðarbæ en ívið fleiri telja þau alltof mörg og riflega helmingur svarenda telja þau of mörg eða alltof mörg. Einungis 5% svarenda telja of fá skip koma til Ísafjarðar.

Um 30% svarenda telja farþega skemmtiferðaskipa trufla sitt daglega líf og áhyggjur koma fram í könnuninni um að farþegar skemmtiferðaskipa takmarki aðgengi annarra að þjónustu auk þess sem tæplega 50% svarenda segja farþega skemmtiferðaskipa trufla sig meira en aðrir ferðamenn.

Skiptar skoðanir komu fram í ummælum, sumir töldu að farþegar lífguðu upp á bæjarlífið og að gaman sé að sýna bæinn en aðrir vildu að “farþegar væru betur meðvitaðir um að Ísafjörður er ekki sýning heldur venjulegur bær með daglegu lífi, húsin heimili og vinnustaðir og göturnar samgönguæðar”. Í ummælum komu einnig fram áhyggjur af fjölda skipa og farþega. Fram kom að fjöldi skipa væri minna vandamál en fjöldi farþega þ.e. ekki er mikið mál að taka á móti þremur 600 farþega skipum en móttaka þriggja 3000 farþega skipa á einum degi gæti reynst erfið.

Flestir telja umhverfismál og mengun þá þætti sem mestu máli skipta við stefnumótun vegna móttöku skemmtiferðaskipa, viðhorf íbúa, tekjur hafna og fyrirtækja á svæðinu koma þar á eftir með nokkuð jöfn hlutföll.

Fram kom á kynningarfundum starfshópsins 15. janúar 2018 að niðurstöður könnunarinnar eru gott innlegg í vinnu starfshópsins og sýna vel að margir íbúar Ísafjarðar telja að margt megi betur fara við móttöku skemmtiferðaskipa en eru jafnframt meðvitaðir um að skipin auka fjölbreytni í atvinnulífi og skapa tekjur fyrir einstaklinga, fyrirtæki og höfnina.

Þetta kemur heim og saman við könnun Eyrúnar um upplifun heimamanna (2018) en þar kom fram að Vestfirðingar verða oft varir við ferðamenn í sínu daglega lífi og oftast nær án þess að þeir valdi miklum truflunum. Hinsvegar virðist íbúar á Vestfjörðum finna fyrir ákveðnu álagi vegna komu skemmtiferðaskipa einkum inn á Ísafjörð.

Annað

Samkvæmt rannsókn Lilju Berglindar um upplifun ferðamanna (2017) kom fram að farþegar skemmtiferðaskipa eru stór hluti erlendra ferðamanna á Ísafirði. Rúmur helmingur þátttakenda í könnun Lilju tilheyrðu skemmtiferðaskipum eða 53% svarenda, en könnunin var gerð milli 9-18 á daginn við Silfurtorg á Ísafirði. Ferðahegðun farþeganna skar sig úr að því leyti að dvalartími þeirra var styttri en annara ferðamanna og útgjöld lægri samkvæmt Lilju. Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðist upplifun ferðamanna af dvöl þeirra á Ísafirði vera almennt jákvæð og voru gestir frá Bandaríkjunum heldur ánægðari en aðrir. Farþegar skemmtiferðaskipana nýttu sér helst útsýnisferðir, handverkshús og söfn þegar kom að afþreyingu.

Í skýrslu Edwards Huijbens og Kristins Bergs Gunnarssonar, Skemmtiferðaskip við Ísland – Úttekt á áhrifum (2014), er velt upp nokkrum spurningum út frá samfélagsleg- og efnahagsleg áhrif sem og umhverfisáhrif. Út frá efnahagslegum áhrifum er sett upp spurning um hvaða áhrif hefur koma skemmtiferðaskipa á þjónustuveitendur og verslunareigendur á landi og eru áhrifin mismunandi eftir tegund ferðaþjónustu og staðsetningu? Edward og Kristinn segja;

„Þeir sem bjóða upp á ferðir í landi eða selja varning á borð við minjagripa geta helst átt von á viðskiptum við farþega skemmtiferðaskipa. Ef farþegar fara í skipulagðar ferðir í landi fylgja þeir fyrirfram ákveðinni dagskrá þar sem aðgangseyrir og fæði er innifalið í verði. Reynslan sýnir að lítil gróðavon er fyrir önnur fyrirtæki og söfn (óháð staðsetningu) nema þau komist inn í skipulag skipulagðra ferða. Ef farþegar fara í land fara þeir yfirleitt ekki langt frá skipinu og halda sér að mestu innan tiltekins gönguradíus frá skipinu. Þeir eyða yfirleitt ekki miklu en versla þó einna helst minjagripa“

Það kemur þó fram hjá þeim einnig að 50-60% af farþegum skemmtiferðaskipa til Vestfjarða fara í skoðunarferðir og kaupa t.d. minjagripa, mat og kaffi. Meðaleyðsla er um 12-15 þús. kr. á farþegar og að 30-40% áhafnar fer í land með meðaleyðslu upp á 2.000 kr á mann (miðað við árið 2013).

Það má því áætla að þjónusta næst höfninni og í göngufæri njóti góðs af og að skemmtiferðaskipafarþegar nýti sér hana. Það ytir undir herra þjónustustig og jákvæða bæjarmeningu.

Edward og Kristinn tala einnig um að bein áhrif á komu skemmtiferðaskipa má fyrst og fremst greina hjá sveitarfélögum, sem hafa umsjá með rekstur hafna, og þeim aðilum sem þjónusta skipin beint. Áætlað var að tekjur af skemmtiferðaskipum numu 44% af tekjum hafna Ísafjarðarbæjar árið 2016 (Samband

Íslenskra sveitafélag, 2017). Það eru þá helst þrír hópar, hafnir, birgjar og ferðaskipuleggjendur sem eiga hagsmuna að gæta vegna komu skemmtiferðaskipta og tekna frá þeim og eiga í beinum viðskiptum við þau.

Ísafjarðarhöfn hefur markaðssett höfnina sem áfangastað fyrir skemmtiferðaskip í rúmlega 20 ár og á þeim tíma hefur ferðabjónusta byggst upp í kringum þennan hóp farþega. Til móts við samfélagsleg og umhverfisleg áhrif vegna skipakoma þarf því að meta þá efnahagslegu þætti sem felast í að rúmlega helmingur af tekjum Ísafjarðarhafnar er vegna skipa og umtalsverður fjöldi ferðabjóna hefur tekjur af skipunum. Þeir félagar bera einnig upp spurningu hvort ferðabjónusta við skemmtiferðaskip geti haft áhrif á aðrar tegundir ferðabjónustu;

„Hætta er á að vinsælir ferðamannastaðir sem farþegar skemmtiferðaskipa sækja hvað mest í fái á sig yfirbragð fjölsóttis ferðamannastaðar og fæli aðra ferðamenn frá vegna fjöldans. Hafa verður þó í huga að farþegar skipa koma á mjög afmörkuðum tímum og staldra stutt við. Það er ekki fyrr brugðist verður við umhverfisálagi af þessum gestafjölda að yfirbragð þessara staða gæti breyst, sömuleiðis ef ekkert verður að gert og ásýnd staða eyðileggist af álaginu“.

Það þarf því að hafa í huga þegar kemur að farþegum skemmtiferðaskipana sem koma til Ísafjarðar. Yfirleitt eru farið í skipulagðar ferðir t.d eins og á Dynjanda. Eins og fram kom í kaflanum hér á undan um álag á staði í umhverfinu hefur álag myndast við Dynjanda á vissum tímum.

Fram kom í könnun starfshópar Ísafjarðarbæjar að flestir töldu umhverfismál og mengun þá þætti sem mestu máli skipta við stefnumótun vegna móttöku skemmtiferðaskipa. Það eru því vissar áhyggjur í samfélaginu um þau mál. Edward og Kristinn segja að ekki eru reglur um loftmengun skipta í íslenskum höfnum og engar takmarkanir aðrar en þær sem finna má í alþjóðlegum samþykktum um losun úrgangs. Þeir segja að „Þessum samþykktum hefur verið illa fylgt eftir hér á landi og þær ekki hafa allar verið staðfestar. Skipin menga mikið og frá þeim stafar mikill úrgangur. Nýrri skip menga yfirleitt minna ein hin eldri og skip hinna stóru skipafélaga eru jafnan nýjust“.

Þegar mikil umræða kom í fjölmiðlum í september 2017 um loftmengun skemmtiferðaskipa gaf Umhverfisstofnun út frétt (2017d), þar sem kemur fram;

„Hið rétt er að þau mega brenna annað hvort dísilolíu eða gasolíu og þar sem sú síðarnefnda er mun dýrari má gera ráð fyrir að úti á sjó sé fyrst og fremst verið að brenna dísilolíu. Þegar skemmtiferðaskipin liggja við bryggju gildir hins vegar að þar má einungis brenna gasolíu og nær það raunar til allra skipa. Reyndar mæla reglur svo fyrir að skipum beri að nýta sér rafmagn við þær aðstæður, sé hægt er að koma því við. Umhverfisstofnun fær reglulega upplýsingar frá höfnum landsins um eldsneyti skipa sem hér koma til hafnar og ekkert í þeim gögnum bendir til að skipin séu að brenna svartolíu við bryggju, enda er það ólöglegt eins og fyrr segir“.

EKKI hefur verið gerð mengunarmæling við Ísafjarðarhöfn en umræða hefur verið um það og vonast til að hægt væri að fara í þau mál sumarið 2018.

Landtaka í friðlandi Hornstranda, við Dynjanda og Látrabjarg

Í skýrslu landavarðar Látrabjargar (2017c) kemur fram að nokkuð hefur borið á komum skemmtiferðaskipa síðustu sumur og segir landvörður að það sé tilfinning landeigenda að sú umferð hafi aukist mikið sumarið 2017. Landvörður talar um áhyggjur þess að almennt skipulag eða reglur um siglingar og landtöku skemmtiferðaskipa við Íslandsstrendur sé ekki fyrir hendi.

Landvörður segir einnig; „Látrabjarg er mikilvæg varpstöð margra fuglategunda og nokkrar þeirra ná alþjóðlegum verndarviðmiðum. Skip kasta gjarnan akkerum stutt undan bjargi og



Mynd 35. - Skemmtiferðaskip við Látrabjarg. Mynd: Jón Pétursson af RÚV.is

ferja svo fólk að landi á litlum gúmmibátum eftirlitslaust. Það má leiða líkum að því að í einhverjum tilfellum sé um landtöku að ræða þó erfitt sé að fylgjast með því af bjarginu og ekki er eftirlit frá sjó fyrir að fara“.

Það kemur fram í skýrslu landvarðar að landeigendafélagið við Látrabjarg hafi sent ábendingu til Umhverfis og auðlindaráðuneytið um truflun af völdum skemmtiferðaskipa undir Látrabjargi, mynd 35. Í frétt um málið á RÚV.is í júlí 2017 sem Halla Ólafsdóttir fréttakona skrifa segir;

„Landeigendafélagið við Látrabjarg er meðal þeirra sem hafa lýst yfir áhyggjum af ferðum skemmtiferðaskipanna en við Látrabjarg fara skipin gjarnan undir bjargið og jafnvel er farið á léttabátum í land. Jón Pétursson er formaður Bjargtanga, landeigendafélagsins á Látrabjargi. „Við landeigendur höfum aldrei fengið neina ósk um samstarf við þessi skip, þeir hafa aldrei reynt að hafa samband við einn eða neinn. Þeir gera það sem þeim sýnist.“ Jón segir að skipunum fjölgi með ári hverju, nú séu þau fjögur sem fari að bjarginu allt að vikulega. Landeigendafélagið hefur sent umhverfisráðuneytinu bréf svo skýra megi reglur um ferðir skipanna, nálægð við bjargið og landtöku. „Og við erum bara núna að fá ráðuneytið til að hjálpa okkur að setja reglur um hversu nálægt þessi skip mega koma.“ Jón segir mikið í húfi: „Ef það verður mengunarslys þá er allt lífríkið undir.“

Í fréttinni kemur einnig fram að til dæmis eru skipin að taka land í friðlandi Hornstranda, Dynjandisvogi, við Látrabjarg og í Flatey á Breiðafirði. Sturla Páll Sturluson, tollvörður á Ísafirði hafði þó talið að langstærstur hluti skipanna hafi þá þegar fengið tollafgreiðslu í fyrstu höfn. Í undantekningartilvikum fá skip leyfi til að koma við annars staðar áður en komið er til tollafgreiðsluhafnar en eftir tollafgreiðslu í fyrstu höfn hefur tollgæslan ekki afskipti af skipunum.

Í annari frétt á RÚV.is frá árinu 2015 sem Halla Ólafsdóttir fréttakona einnig skrifar, segir;

Andrea Harðardóttir var stödd í húsi sínu í Hornvík, þegar hún varð vör við vélarnið árla morguns. „Þá blasir við okkur skemmtiferðaskip úti á vikinni, ekki stórt skip, en stórt þarna. Og við veitum því athygli að það sigla bátar, inn á sand, og frá sandinum í átt að skipinu aftur.“ Farþegar skipsins voru ferjaðir í land og spókuðu sig þar um stund.

Andrea segir að komur skemmtiferðaskipa á Hornstrandir séu nokkuð algengar og fjölgi samhliða auknum fjölda skemmtiferðaskipa við landið. Skipin koma einnig að landi á Hesteyri og í Aðalvík. Þótt þeir farþegar sem helst heimsækja friðlandið séu af minni gerð skemmtiferða þá geta þeir farþegar hlaupið á hundruðum.

Samkvæmt upplýsingum frá Tollgæslunni þá er ekkert sem bannar komur skipanna, svo lengi sem að þau hafi fengið tollafgreiðslu í fyrstu höfn. Andrea segir ýmsar spurningar hafi vaknað og bendir á að ef eitthvað kemur uppá þá er mjög langt í næstu bjargir. Hún bendir á að þessi hópur ferðafólks er mjög ólíkur gönguhópunum sem helst heimsækja friðlandið á Hornströndum. Andreu finnst mikilvægt að vitneskja sé um komur þessara skemmtiferðaskipa sem og að einhversskonar stýring sé á umferð: „Ekki bara svo að landeigendur geti verið í friði með húsum sínum, heldur vegna þess að það er farið að sjá á landinu.“

Í samhengi er hér sett fram skýrsla Þórnýar Barðardóttur hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála, „...það er bara, hver á að taka af skarið“? Móttaka skemmtiferðaskipa við Norðurland - niðurstöður viðtalsrannsóknar (2017). Í Niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að þessi skip valda togstreitu, sérstaklega þar sem þau taka land á óbyggðum svæðum. Þórný segir einnig;

„Þær heimsóknir ganga þvert gegn ferlum sem annars gilda um móttöku og þjónustu við skemmtiferðaskip. Skipin greiða ekki gjöld til hafnarsjóða né heldur kaupa farþegar þeirra afþreyingu eða þjónustu á heimsóknasvæðum. Það þýðir að heimsóknum þeirra fylgja ekki tekjur auk þess sem eftirlitslausum heimsóknum fylgja áskoranir sem erfitt virðist að takast á við. Þá sýna niðurstöður rannsóknar fram á að nær ógerlegt sé að veita upplýsingar til skipanna um hvað þeim er yfirhöfuð leyfilegt, þar sem enginn viti það í raun“.

Þórný segir í lokaorðum að það sé mikilvægt að stjórnvöld og hagsmunaaðilar taki höndum saman um að setja fram skýra stefnumörkun og regluverk um heimsóknir skemmtiferðaskipa og þjónustu við farþega þeirra hér á landi.

3.6 Stefnumótun og markaðsmál

Ferðapjónusta er atvinnugrein sem snertir flesta þætti íslensk samfélags og opinber stefnumótun stjórnvalda á flestum sviðum hefur því áhrif á greinina.

Í kafla um stefnumótun er farið í hvort opinber áætlunargerð (á landsvísu eða eingöngu á Vestfjörðum) tali um ferðapjónustu í sínum áætlunum. Tekið er síðan fyrir í kafla um markaðsmál hvaða atriði geta haft áhrif á þessa áætlanir.

3.6.1 Stefnumótun

3.6.1.1 Áætlanir á landsvísu

Á vef stjórnarráðsins stjórnarrad.is, er listi með tenglum á útgefnar stefnur og áætlanir. Listinn er ekki tæmandi en hér er farið yfir hvaða áætlanir og stefnur hafa helst tengsl við ferðapjónustu og hver ber ábyrgð á þeim. Einnig er skoðað hvort talað er um ferðapjónustu í þessum áætlunum en áætlanirnar eru lögbundnar nema annað sé tekið fram. (stjórnarrad.is, e.d.-b).

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

- Samgönguáætlun 2015-2018 (samþykkt 2016).
- Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2015-2026 (ekki afgreidd).

Tengsl við ferðapjónustu eru mikil þar sem góðar samgöngur eru nauðsynlegar fyrir ferðapjónustuna sem og öryggismál í kringum þær. Talað er um ferðapjónustuna í fyrri áætlun en í nýju þingsályktunartillögunni er sér kafli um ferðapjónustu.

- Byggðaaætlun 2014-2017 (samþykkt 2014).

Byggðapróun og ferðapjónusta á landsbyggðinni er nátengd. Talað er um þróun gjaldtöku af ferðamönnum í áætluninni.

- Fjármálaáætlun: Sveitarfélög og byggðamál.

Eins og fram hefur komið eru ferðapjónusta og byggðamál nátengd. Aðeins minnst á ferðapjónustu í þessum hluta.

Umhverfis- og auðlindaráðherra

- Landsáætlun - Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Vernd og nýting landsvæða er nátengd ferðapjónustu. Mikið er talað um ferðapjónustuna og er t.d. markmið áætlunarinnar (lög nr. 20/2016) að „...móta og samræma stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum vegna álags af völdum ferðamennsku og útivistar...“.

Í drögum að landsáætlun 2018 er tiltekið að „vinna þarf áfram með hugmyndafræði ferðamannasvæða í samhengi landsáætlunar, m.a. með hliðsjón af því hvernig svokallaðar áfangastaðaáætlanir þróast.“ Þá er lagt til að „sveitarfélög leiti leiða til að samræma gerð áfangastaðaáætlana (DMP) og gerð aðalskipulags við landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum“ (Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, 2018).

- Rammaáætlun.

Nýting náttúru er nátengd ferðapjónustu. Aðeins er minnst á ferðapjónustu.

- Skógar á Íslandi: Stefna á 21. öld.

Ekki lögbundin. Talað er um ferðapjónustuna í áætluninni þar sem talað er um að skógrækt stuðlar að auknum möguleikum í ferðapjónustu.

- Náttúruminjaskrá – í vinnslu.
- Stefnumörkun í loftslagsmálum (2007-2050).

Ekki er talað um ferðaþjónustu en það má segja að loftslagsmál, samgöngumál og ferðaþjónusta sé nátengd og þessir málaflokkar hafa því áhrif hver á annan.

- Fjármálaáætlun: Umhverfismál.

Umhverfismál og ferðaþjónusta er nátengt. Fjallað er um ferðaþjónustu í þessum hluta áætlunarinnar.

Dómsmálaráðuneytið

- Löggæsluáætlun (2016-2019) – í vinnslu.
- Fjármálaáætlun: Almanna- og réttaröryggi.

Fjallað er um ferðaþjónustu í þessum hluta fjármálaáætlunar og þá t.d. varðandi vaxandi álags á landamæragæslu.

Dómsmála- og forsætisráðuneytið

- Stefna í almannavarna- og öryggismálum ríkisins 2015-2017.

Aðeins fjallað um ferðaþjónustu og þá aukningu á skipaumferð. Ekki lögbundin.

Ríkislögreglustjórnin, Almannavarnadeild

- Viðbragðsáætlun Almannavarna.

Þegar talað er um tengsl við ferðaþjónustuna er hægt að tala um að viðbragðsáætlanir taka til atburða sem geta haft áhrif á ferðamenn jafnt sem heimamenn.

Skipulagsstofnun

- Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Landsskipulagsstefna er ekki lögbundin. Skipulagsmál, landnotkun og ferðaþjónusta er nátengt. Sérkafla um ferðaþjónustu í kafla um skipulag miðhálandis Íslands og fjallað er um skipulag áfangastaða ferðamanna, kortlagningu mannvirkja og þjónustu og mat á þörf fyrir uppbyggingu ferðaþjónustumannvirkja.

Einnig er rætt um ferðaþjónustu í kafla um samgöngur, í kafla um skipulag í dreifbýli, í kafla um sjálfbært skipulag þéttbýlis og í kafla um svæðisbundna skipulagsgerð.

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra

- Ferðamálaáætlun 2011-2020.

Áætlun um meginmarkmið í ferðamálum, ekki lögbundin.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

- Framtíðarsýn og stefnumótun fyrir ferðaþjónustu á Íslandi – í vinnslu.
- Fjármálaáætlun: ferðaþjónusta (2018-2022).

Áætlun um markmið í ferðaþjónustuna. Lögbundin en þessi liður áætlunar fjallar allur um ferðaþjónustu.

- Fjármálaáætlun: Markaðseftirlit neytendamál og stjórnsýsla atvinnamála og nýsköpunar (2018-2022).

Talað er um ferðaðjónustu í þessum hluta.

- Fjármálaáætlun: Orkumál (2018-2022).

Talað er um ferðaðjónustu í þessum hluta en hægt er að tala um ferðaðjónustu og samgöngumál sem nátengd t.d. uppbygging innviða líkt og hleðslustöðva fyrir samgöngutæki.

Minjastofnun

- Stefna Minjastofnunar Íslands.

Ferðaðjónustan tengist á þann hátt að ferðaðjónusta getur verið á svæði þar sem að forleifar og menningarminjar er að finna og jafnvel nýtt þær.

Velferðaráðuneytið

- Fjármálaáætlun: Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahús (2018-2022).
- Fjármálaáætlun: Sjúkrahúsþjónusta.

Eins og aðrir þá þurfa ferðamenn að sækja heilbrigðisþjónustu. Talað er um ferðaðjónustu í þessum tveim hluta áætlunarinnar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- Menningarstefna (gefin út 2013).

Talað er um ferðaðjónustu en ferðamenn njóta og sækja Ísland heim vegna menningar. Ekki lögbundin stefna.

3.6.1.2 Skipulag sveitafélaga á Vestfjörðum

Samkvæmt lögum skal skipulagáætlanir huga að þáttum sem varða m.a. umhverfisvernd, atvinnuþróun og auðlindanýtingu, ásamt því að mörkuð sé stefna sem varðar þróun byggðar og landnotkun. Þrenns konar skipulagsáætlanir er um að ræða: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

Til útskýringar;

Aðalskipulag (e. master plan): skipulagsáætlun fyrir tiltekið sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitastjórnar um landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu (Skipulagslög nr. 123/2010, 2., 1. liður).

Deiliskipulag: skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli (Skipulagslög nr. 123/2010, 2., 7. liður).

Svæðisskipulag (e. regional planning) skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem talin er þörf á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga (Skipulagslög nr. 123/2010, 2., 22. liður).

3.6.1.2.1 Aðalskipulag

Til að skoða hver staðan er á aðalskipulagi varðandi ferðaðjónustu er hér vitnað ms-ritgerð Guðrúnar Dóru Brynjólfsdóttur, *Skipulag, staða og stefnumótun ferðaðjónustu í aðalskipulagi sveitarfélaga á Íslandi* (2016).

Samkvæmt Guðrúnu Dóru (2016) eru af níu sveitafélögum fjögur með sérkafla um ferðaðjónustu í efnisyfirliti í sínum aðalskipulögum.

- Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025.
- Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020.

- Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.
- Aðalskipulag Kaldrananeshrepps 2010-2030.

Í aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 eru sett fram stofnmarkmið vegna þjónustu m.a.:

- að stefnt verði að eflingu ferðaþjónustu og athuguð verði viss samhfæfing í rekstri ferðaþjónustu.
- að tekið verði undir stefnu stjórnvalda um að auka hlut ferðaþjónustu í landinu, bæði með tilliti til fjölda ferðamanna og tekna í þessari atvinnugrein.

Einnig eru sett fram níu markmið varðandi ferðaþjónustu og rætt um ferðaþjónustu í kafla um byggðaforsendur (Teiknistofa Benedikts Björnssonar, 2010).

Samkvæmt Guðrúnu Dóru er Aðalskipulag Bolungarvíkur 2008-2020 (Teiknistofan Eik, 2010) og Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 (Teiknistofan Eik, 2009) frekar svipaðar. Báðar áætlanir hafa töflu sem sýnir landnotkun m.t.t. ferðaþjónustu þar sem talað er um tiltekin svæði og þau ákvæði sem þeim er sett. Ferðaþjónustan er skilgreind í kafla undir atvinnu og þar undir samfélag sem er eitt af markmiðum og leiðarljósum skipulagsins. Tilgreind er sérstök stefna um ferðaþjónustu og markmið. Í Aðalskipulagi Bolungarvíkur stendur;

- „*Aðalskipulagið leggi grunn að öflugri og sjálfbærri ferðaþjónustu, þ.e. ferðaþjónustu sem hámarka ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg og menningarsöguleg gæði svæðisins*“.
- Einnig segir „*. . . Til að ná frekari árangri í ferðaþjónstu og til þess að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem norðanverðir Vestfirðir geta boðið upp á fyrir ferðamenn er mikilvægt að efla samvinnu ferðaþjónustuaðila og sveitarfélaga, bæði við stefnumörkun og skipulagning atburða*“.

Þau sveitafélög sem hafa ekki ferðaþjónustu í efnisyfirliti í sínum aðalskipulögum tala þó eitthvað um ferðaþjónustu.

- Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018.
- Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018.
- Aðalskipulag Strandabyggðar 2008-2020.
- Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.
- Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.

Flest hafa þau það sameiginlegt að vera komin að endurnýjun.

Guðrún Dóra skrifar að í fjórum þeirra, Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 (Landmótun, 2008), Aðalskipulagi Strandabyggðar 2008-2020 (Landmótun, 2011), Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps (Landmótun, 2006a) og Aðalskipulag Vesturbyggðar (Landmótun, 2006b) er talað um að eitt af markmiðum er „*að styrkja stöðir og auka vægi ferðaþjónustu á svæðinu sem byggir á sérstöðu svæðisins og fjölga gistimöguleikum*“. Um svipaðar greinagerðir er að ræða þar sem þær eru gerðar af sama aðila og á nokkrum stöðum er fjallað um ferðaþjónustu. Í aðalskipulagi Strandabyggðar er kafla um dreifbýli þar sem fjallað er um landbúnaðarsvæði og ferðaþjónustu tengda því. Verið er að vinna nýtt aðalskipulag fyrir Súðavíkurhrepp en í nágildandi; Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018 (Teiknistofa arkitekta – Gylfa Guðjónsson og félagar ehf., 2002), koma fram nokkur meginmarkmið og skipulagsforsendur í kafla um atvinnumál þar sem aðeins er fjallað um ferðaþjónustu í tengslum við verslun og þjónustu.

3.6.1.3 Svæðisskipulag

Sveitafélög á Vestfjörðum

Sveitafélög á Vestfjörðum eru í umræðu og vinnu að sameiginlegu svæðisskipulagi eða áætlun fyrir Vestfirði undir *Svæðisskipulag fyrir Vestfirði – Atvinnumál vaxtagreina með áherslu á sjálfbærni og náttúvernd* en þar kemur ferðaþjónustan inn. Gerð var greinagerð, *Stefnumörkun sveitafélaga á Vestfjörðum – fyrstu skref* (Fjórðungssamband Vestfirðinga, e.d.-a), um tillögu um efni svæðisskipulagsins og í henni segir;

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum leggja áherslu á að efla ferðapjónustu. Þannig vilja þau nýta þann vöxt sem einkennt hefur greinina á landsvísi síðustu ár til eflingar svæðinu, bæði með fjölgun starfa og auknum hagvexti. Nokkur fjölbreytni er í áherslum sveitarfélaganna. Fjallað er um náttúrutengda ferðapjónustu, menningartengda, sjávar tengda og tækifæri sem felast í auknum komum skemmtiferðaskipa til Vestfjarða. 22 aðalskipulagsáætlanir vestfirskra sveitarfélaga eru samhljóma um að uppbyggingu ferðapjónustu eigi að byggja á sérstöðu svæðisins, náttúru, menningu og sögu. Þau telja mikilvægt að varðveita þessa sérstöðu og þannig styrkja greinina. Rætt er um að hámarka þurfi ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna en að ekki megi ganga á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.

Einnig kemur fram að ferðapjónustan byggist upp í takt við lögmál sjálfbærrar þróunar en verkefnið umhverfissvottun Vestfjarða undirstrikar enn frekar þessa sýn vestfirskra sveitarfélaga.

Í því verkefni hafa sveitarfélög á Vestfjörðum samþykkt að skilgreina sig og aðgreina frá öðrum svæðum sem umhverfissvænt og sjálfbært samfélag þar sem áhersla er lögð á að vernda sögu, minjar og landslag fyrir komandi framtíð. Sveitarfélögin hvetja fyrirtæki, íbúa og opinberar stofnanir á svæðinu að feta sömu braut og þannig auka jákvæð áhrif á markaðssetningu hverskonar afurða er koma frá svæðinu. Í aðalskipulagsáætlunum er fjallað um tengsl ferðapjónustu við aðrar greinar og aðra landnotkun. Ferðapjónusta getur styrkt þær, svo sem landbúnað og þjónustu ýmis konar. Uppbygging innviða gagnast ferðapjónustu en einnig getur öflug ferðapjónusta ytt undir að innviðir byggist hraðar upp. Sveitarfélögin leggja áherslu á að tiltæk séu svæði og lóðir í dreifbýli og þéttbýli fyrir starfsemi sem tengist ferðapjónustu. Þannig er reynt að styrkja greinina og stuðla að jákvæðri þróun svæðisins.

Í Minnisblaði frá apríl 2017 kemur fram að 4. maí 2016 voru þessi drög samþykkt og send til sveitarfélagana til umsagnar. Í minnisblaðinu kom fram að eftir samtölin leiddi það í ljós að vilji var hjá sveitarfélögunum að fara í þessa vinnu (Fjórðungssamband Vestfirðinga, e.d.-b). Nú er því í gangi vinna við formsatriði til að hefja gerð svæðisskipulags.

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar

Strandabyggð og Reykhólahreppur hafa með Dalabyggð unnið að sameiginlegu svæðisskipulagi, Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 unnið af Alta Ráðgjafafyrirtæki.

Í nýjstu útgáfu frá janúar 2018 sem auglýst var til athugasemda eða ábendinga, kemur fram að tilgangur með svæðisskipulaginu er að sveitarfélögin þrjú móti og festi í sess sameiginlega framtíðarsýn á þróun svæðisins í þeim tilgangi að styrkja atvinnulíf og byggð. Eitt af markmiðum með þessu svæðisskipulagi er „Sterkari ímyndar svæðisins og aukins aðdráttarafls gagnvart ferðamönnum, nýjum íbúum, fyrirtækjum og fjárfestum – með því að skýra sérkenni svæðisins og marka stefnu sem styrkir þau og nýttist jafnframt fyrirtækjum í ferðapjónustu og öðrum atvinnugreinum til vörubrúnar og markaðssetningar“ (Alta, 2018).

Í svæðisskipulaginu er sér kafli um ferðapjónustu þar sem sett eru fram fimm markmið;

- Ferðapjónusta eflist sem heilsársatvinnugrein og sem hliðargrein með öðrum greinum.
- Í boði verði margskonar möguleikar til að njóta einstaks landslags og lífríkis svæðisins og komast í snertingu við mannlíf þess og sögu.
- Við vörubrún og markaðssetningu verði sótt í þekkingu íbúa, auðlindir, landslag, sögu og menningu svæðisins. Saga og sérkenni hlunnindabúskapar verði sérstaklega dregin fram.
- Stuðlað verði að góðum menntunarmöguleikum á svæðinu og fjölgun sérfræðistarfa og starfa í skapandi greinum.
- Sterk tengsl verði á milli ferðapjónustu, landbúnaðar, sjávarnyrtja og menningarstarfsemi.

Og síðan leiðir að þeim markmiðum út frá sóknarsviðum, umhverfi og auðlindir, framleiðsla og starfsemi og síðan menning og þekking (Alta, 2018).

3.6.1.4 EarthCheck

Sveitarfélögin níu á Vestfjörðum fengu vottun fyrir starfsárin 2016 og 2017 frá Áströlsku umhverfissvottunarsamtökunum EarthCheck. Þar áður hlutu þau Benchmarking viðurkenningu fyrir

starfsárin 2013, 2014 og 2015. Vottunarsamtökin EarthCheck eru alþjóðleg samtök sem hafa höfuðstöðvar í Ástralíu, samtökin eru þróuð af fyrirtæki sem er í eigu ástralskrar ferðamannþjónustu, ríkis og háskóla. EarthCheck vottunarkerfið byggir á hugmyndafræði Dagskrár 21 um ábyrga stjórnun og sjálfbæra þróun og var þetta verkefni þróað með stuðningi Alþjóða ferðamálaráðsins og Alþjóða ferðamálasamtakanna í Ástralíu árið 1994. EarthCheck eru einu samtökin sem umhverfsvotta starfssemi sveitarfélaga (Fjórðungssamband Vestfirðinga, e.d-c).

Lína Björg Tryggvadóttir verkefnisstjóri verkefnisins hjá Vestfjarðastofu segir að þegar sveitarfélögin fá vottun þá er starfssemi sveitarfélagana sjálfra skoðuð og vottuð, þ.e starfssemi stofnana og þeirra verkefna sem sveitarfélögin standa að. Það þýðir að sveitarfélögin sjálf fá vottunina en ekki fyrirtæki eða óháðar stofnanir innan sveitarfélaga, heldur starfa þau í vottuðu samfélagi. Lína Björg segir að það sé óhætt að segja að tækifæri felist í því fyrir ferðapjónustufyrirtæki og framleiðslufyrirtæki að starfa í vottuðu samfélagi þar sem það gefur nýja möguleika í kynningu og markaðssetningu á landssvæðinu, en mikil vitundarvakning hefur orðið síðustu ár varðandi umhverfi og sjálfbærni og líta ferðamenn æ meira á þann þátt þegar ferðalög eru skipulögð.

Til þess að fá vottunina og halda henni þurfa sveitafélögin að skila árlega mælanlegum upplýsingum um frammistöðu sína á eftirfarandi sviðum og skulu þau stefna að stöðugum úrbótum, sérstaklega þar sem frammistaðan er ekki metin framúrskarandi.

- Losun gróðurhúsalofttegunda
- Orkunýting, orkusparnaður og stjórnun.
- Stjórnun ferskvatnsauðlinda.
- Verndun og stjórn vistkerfa.
- Stjórnun félagslegra og menningarlegra áhrifa ferðapjónustunnar.
- Skipulag og þróun svæða undir ferðapjónustu.
- Félagshagfræðilegur ávinningur svæðisins af ferðapjónustu.
- Verndun loftgæða og stjórnun hávaða.
- Stjórnun fráveitumála og ofanvatns.
- Lágmarkun úrgangs, endurnýting og endurvinnsla.
- Geymsla og notkun efna sem eru skaðleg umhverfinu.
- Verndun menningarminja.

Upplýsingar fengnar frá Línu Björg Tryggvadóttur, verkefnastjóra Vestfjarðastofu.

3.6.1.5 Ferðamálasamtök Vestfjarða

Ferðamálasamtök Vestfjarða hafa nýverið gefið út nýja stefnumótun, stefnumótun vestfirskrar ferðapjónustu fyrir árin 2016-2020. Ferðamálasamtökin unnu með Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og Markaðsstofu Vestfjarða að vinnu að uppfæra stefnu sem gefin var út 2010-2015. Í þessari nýju stefnu voru einnig settur upp listi yfir nauðsynlegar aðgerðir sem Ferðamálasamtök Vestfjarða ætla að beita sér fyrir á komandi árum.

Áhersla stefnunar er öflug ferðapjónusta með undirflokkum;

- Gæðamál
 - Veitt verði ráðgjöf til ferðapjóna varðandi Vakann og innleiðing gæðakerfa
 - Aukinn verði stafræn hæfni.
 - Ferðapjónar þurfa að sýna fram á mikilvægi ferðapjónustu sem kjarna atvinnugrein.
- Markaðssetning
 - Markaðsstofa Vestfjarða ásamt ráðgjafaráði þess vinna heildstæða markaðsáætlun fyrir komandi ár og kynna þær á fundum á svæðinu.
 - Markaðsstofa Vestfjarða í samstafi við Ferðamálasamtök Vestfjarða vinni að auknum sýnileika Vestfjarða. T.d á ferðasýningum.
- Grunngerð ferðapjónustu á Vestfjörðum
 - Þrýstvinna gangvart stjórnvöldum og sveitafélögum varðandi samgöngur og almenningsþjónstu. Lögð verði áhersla á:

- Uppbygging ferðamannavega,
 - Vetrarþjónustu á vegum,
 - Merkingar og upplýsingaskilta,
 - Göngustígakerfi.
- Samvinna
 - Stofnaður verði samstarfshópur sem mun vinna að innleiðingu og eftirfylgni stefnumótun vestfirskrar ferðþjónustu. Hópurinn verður skipaður helstu hagsmunaaðilum í ferðþjónustu.
 - Unnið verði að því að koma áherslum stefnumótunar vestfirskrar ferðþjónustu sem áhersluþáttum í Uppbyggingasjóð Vestfjarða.
 - Að unnin verði stefnumótandi stjórnunaráætlun (Destination Management Plan) fyrir öll svæði Vestfjarða með aðkomu hagsmunaaðila.
- Rannsóknir og þróun
 - Framkvæmdar verði endurteknar greiningar á stöðu ferðamála í fjórðungum.
 - Veitt verði viðskiptaþróunarráðgjöf til verkefna sem byggja á einkennum svæðisins þar sem lögð verður áhersla á afþreyingu, upplifun og viðburði.
 - Þolmörk vinsælla áfangastaða verði rannsakað í samráði við hagsmunaaðila, þessi vinna muni eiga sér stað í tengslum við stefnumótandi stjórnunaráætlari (DMP).
- Heilsársferðþjónusta
 - Lögð verði sérstök áhersla á að auka framboð á afþreyingu og skipulagðri ferðamennsku að vetrarlagi. Þetta verði m.a gert með samvinnu við vetrarviðburði sem geta laðað til svæðisins ferðamenn.

(Ferðamálasamtök Vestfjarða, 2016).

3.6.2 Markaðsmál

Þegar stefnumótun og áætlanir eru unnar er reynt að horfa á alla þá þætti sem hafa áhrif á markaðinn. Þetta eru margir þættir, sem bæði hafa bein og óbein áhrif. Yfirleitt koma þessir þættir utan frá sem erfitt er að hafa stjórn á og því eina sem ferðþjónustan og markaðurinn getur gert er að aðlagast breyttum aðstæðum. Dæmi má nefna eins og hrúnið 2007-08 en þá urðu einmitt miklar breytingar og varð ferðþjónustan að aðlagast. Það dæmi er einmitt talað um í grein eftir þá Ringbeck og Pietsch *How to succeed as a tourism destination in a volatile world* frá 2013 en þar er sett upp mynd sem skýrir hvaða innri og ytri breytingar eða hvatar hafa á samkeppnishæfni ferðþjónustu (mynd 36.).


Þeir félagar Edward Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson koma líka fram með áhrifaþætti í bók sinni *Ferðamál á Íslandi* (2013). Þar tala þeir um innri og ytri áhrifaþætti ferðþjónustunnar frá grunni Weaver og Lawton frá árinu 2002. Edward og Gunnar taka saman 12 ytri áhrifaþætti og 10 innri þætti sem hafa áhrif á ferðalög fólks sem hafa síðan bein áhrif á vöxt og viðgang ferðþjónustunnar og áfangastaðarins. Þeir tengja saman þessa þætti við kerfi Neil Leiper sem setti fyrstur fram grunnþætti ferðþjónustunnar um samspil upprunamarkaðar og áfangastaðar frá 1979. Það verður þó ekki farið dýpra í skilgreiningar Leipers hér en skoðaðir þessir 12 ytri áhrifaþættir Edwards og Gunnars og þeir tengdir saman við áhrifaþætti Ringbeck og Pietsch með áfangastaðinn Vestfirðir sem umfjöllunarefni.

Ytri áhrifaþættir

Pólitik og **pólitískur óstöðuleiki** skiptir miklu um hvort fólk geti ferðast eða byggt áfangastaði. Þegar horft er á pólitik hafa t.d ákvarðanir stjórnvalda um byggðaaætlun, samgöngu- og fjármálaáætlun mikil áhrif. Fyrir áfangastað eins og Vestfirði eru samgöngu- og byggðamál stór hluti af því hvort hægt sé að byggja upp áfangastað eða ekki.

Lýðfræði segir um samsetningu mannfjöldans og breytingar á honum eftir aldri, kyni, menntun, tekjum og öðrum mælanlegum breytum. Edward og Gunnar segja að hér á landi og á okkar helstu markaðsvæðum verður fólk sífellt eldra og efnaðra en út frá þeim þáttum er líklegra að ferðalög Vesturlandabúa aukist áfram sem og nýir hópar sem komast í álnir annar staðar. Ringbeck og Pietsch tala einnig um **hækkandi meðalaldur** og hvaða þrýsting það setur á breytingar innan ferðþjónustunnar varðandi hreyfigetu, húsnæðismál og afþreyingamöguleika. Það þarf því að huga að þeim breytingum þegar kemur að markaðssetningu Vestfjarða sem áfangastað.

Lög og reglur hafa mikil áhrif á ferðalög. t.d. var Schengen samkomulag ríkja Evrópu mikil lyftistöng fyrir ferðþjónustu eins og loftferðasamningar og stefnur stjórnvalda hafa mikil áhrif hvort ferðamaðurinn komist til landsins. Það hefur því bein áhrif á það hvort ferðamaðurinn komi á Vestfirði.



Mynd 36. - Áhrifaþættir samkeppnishæfni ferðþjónustu.

Viðskiptablokkir vísa í samninga milli fyrirtækja, jafnvel í ólíkum löndun. Dæmi samtök flugfélaga eða innan ferðaskrifstofa. Gististaðir á Vestfjörðum eru til dæmis með samninga við ferðaskrifstofur erlendis og þegar breytingar verða á þessum samningum myndast hvort sem er jákvæð eða neikvæð áhrif á áfangastaðinn. Einnig verður að hafa í huga að fá stór fyrirtæki hafa byggt upp starfsemi á Vestfjörðum hvort sem er í hótél- eða ferðaskrifstofugeiranum. Til dæmis er ekkert hótél ícelandair hótela með heilsársstarfsemi á Vestfjörðum, Fosshótél á Patreksfirði og Hótél Edda á Ísafirði eru einungis með sumarstarfsemi svo dæmi séu nefnd.

Loftslagsbreytingar opna nýja áfangastaða og loka öðrum. Dæmi hjá Edward og Gunnari eru t.d. um komur skemmtiferðaskipa sem hefur fjölgað mikið og þau verða sífellt stærri því auðveldara er nú að sigla um norðurhöf. Undir þetta gæti flokkast **náttúruvá** en öfgar í veðurfari vegna loftslagsbreytinga hafa áhrif á ferðalög. Fyrir Vestfirðir er snjóflóðahætta nokkuð algeng og hefur því áhrif á samgöngur að vetrarlagi.

Öryggismál hafa mikil áhrif á ferðalög. Ringbeck og Pietsh tala um **hryðjuverk** en aukin hryðjuverkaógn kemur með hertari öryggisgæslu. Edward og Gunnar tala um breyting á lýðfræðilegri samsetningu ferðamanna og þá að ferðamaðurinn er að eldastog ekki eins léttur á fæti. Einnig skapa loftslagsbreytingar nýjar ögranir í öryggismálum t.d. í tengslum við ferðir skemmtiferðaskipa á norðurslóðum og þá í kringum Vestfirði.

Félagsfræði safnheiti sem snýr að væntingum ferðafólks og einkennum þess samfélags sem mótar hugmyndir um það sem er eftirsóknarvert. Þessir **straumar og stefnur** hafa mikil áhrif á áfangastaði og ferðalög fólks. Dæmi um jákvæðar breytingar væri vaxandi umhverfisvitund á vesturlöndum sem hefur áhrif á náttúruferðamennsku, sem eins og hefur komið fram er ört vaxandi á Vestfjörðum. Hverskonar slíkar breytingar hafa áhrif á Vestfirði sem heild.

Hagræn þróun og efnahagslægð er einn stærsti áhrifaþáttur á ferðalög fólks. Þeir félagar Edward og Gunnar segja frá því að ferðalög ekki síst milli landa, eru munaður sem kemur á eftir nauðsynjavörum. Við samdrátt og hrun dregur þá úr ferðalögum. Á þeim tíma dregur einnig úr uppbyggingu en aftur á móti þegar að þensla er eykst geta fólks til að ferðast. Fyrir Vestfirðir sem áfangastað hefur þetta mikil áhrif. Þegar samdráttur er fer fólk í styttri ferðir og þá ekki eins langt þannig að dreifing ferðamanna frá Suðvestur hluta landsins minnkar.

Fjármagnsmarkaðir hafa áhrif á markaðinn því ef ekki er lánsfé að hafa eða trú markaða á greinina er í lagmarki þá er lítið fjárfest eða byggt upp af nýjum áfangastöðum. Dæmi má nefna að fyrir nokkrum árum var enn erfiðara að fá lánsfé fyrir fjárfestingar á landsbyggðinni eins og Vestfjörðum því fjármagnsmarkaðir höfðu ekki trú á ferðapjónustu þar.

Alþjóðaviðskipti lúta að því hve auðvelt er að stunda viðskipti þvert yfir landamæri, t.d greiðslur með alþjóðlegum kreditkortum. Hérna hefur **gengi og verðbólga** líka mikil áhrif og þá á hvort ferðamaðurinn komi yfirhöfuð til Íslands og þá til Vestfjarða.

Tækni og tölvu- og snjalltækjavæðing felst í þeim tækjum sem við skipuleggjum ferðir okkar og ferðumst með. Breytingar á tækni t.d. langdrægari flugvélum opnar nýja markaði á báða boga. Fram kemur í Edward og Gunnari að internetið hefur augljóslega gjörbreytt forsendum og tækifærum fólk til að ferðast. Að sama skapi einnig auðvelt áfangastöðum og ferðapjónustuaðilum að koma sér á framfæri. Í MS ritgerð eftir Sigríði Ó. Kristjánsdóttir (2016) eru skoðuð tengsl ferðapjónustu og stafrænnar tækni, notkun fyrirtækja í ferðapjónustu á stafrænni tækni, viðhorf þeirra til hennar og helstu hvatar og hindranir varðandi hagnýtingu tækninnar rannsökuð. Fram kemur að í niðurstöðum verkefnisins, bendir allt til þess að til staðar sé stafræn gjá og að einungis þriðjungur fyrirtækja í ferðapjónustu hafi nægilega mikla tæknilega getu til að ná beint til hins upplýsta ferðamanns eftir þeim stafrænu leiðum sem slíkir ferðamenn velja í auknum mæli. Þetta á við áfangastað eins og Vestfirði þar sem netsamband er erfitt á vissum stöðum og geta ferðapjóna í mörgum tilfellum takmörkuð til að hagnýta tæknina. Upplýsingatækni er hin mikla bylting framtíðar segja Edward og Gunnar.

Samgöngur eru forsendur allrar ferðapjónustu og ef ekki er til leið á áfangastaðinn er hann í raun ekki til. Samgöngur eru því höfuðatriði fyrir bæði gesti og þá sem vilja byggja upp ferðapjónustu. Erfiðleikar og erfiðar samgöngur út frá árstíðum, flugi eða lélegra vega hafa því mikil áhrif markaðinn fyrir áfangastað eins og Vestfirði. Í kafla um samgöngur og ferðapjónustu hjá Edward og Gunnari vitna þeir í Stephen Page (2009) þar sem þeir setja fram með hvaða hætti samgöngur almennt hafa áhrif á þróun áfangastaðar. Page segir að samgönguinnviðir séu ferðamennsku nauðsynlegir til vaxtar, ófullnægandi innviðir geta hamlað vexti. Þetta er því mikilvæg forsenda til hafa þegar skoðaður er áfangastaður eins og Vestfirðir.

3.7 SVÓT-greining

SWOT áfangastaðarins Vestfirðir

Hverjir eru styrk og veikleikar áfangastaðarins Vestfirðir, hver eru tækifærin fyrir áfangastaðinn og hvaða ógnir staða að honum ?

	Jákvæð	Neikvæð
Innra umhverfi og í núinu	Styrkleikar: <ul style="list-style-type: none"> Náttúrufegurð Fámenni Óspillt náttúra „Óbyggðin“ Kyrrðin 	Veikleikar: <ul style="list-style-type: none"> Vantar betra skipulag Vantar grunngerð svo sem salerniraðstöðu Samgöngur í allri sinni heildarmynd Fjarlægð frá hringvegi
Ytra umhverfi og framtíðin	Tækifæri: <ul style="list-style-type: none"> Eigum mikið inni, stórt svæði hlutfallslega fáir ferðamenn Fjölbreytt landslag og ólíkar perlur sem hægt er að nýta betur ef grunngerð lagast og skipulag verður betra Frumleiki í matargerð Menning og saga Vetrarferðamennska 	Ógnir: <ul style="list-style-type: none"> Samgöngur Lítill og hæg uppbygging Stór skemmtiferðaskip Hátt verðlag Náttúrhamfarir (snjóflóð) Fólksfækkun Hugafar suðvesturhornsþjónustuaðila og íbúa

Mynd 37. - SVÓT greining áfangastaðarins Vestfirðir.

SVÓT greining var unnin að hluta til af Svæðisráði áfangastaðaáætlunar á Vestfjörðum.

Styrkleikar: Náttúran er þar í aðalhlutverki þar sem orð eins og náttúrufegurð, óspillt náttúra og óbyggðin kom fram. Einnig hafa Vestfirðir mikinn styrk í fámenni og kyrrðinni.

Veikleikar: Vantar betra skipulag og til staðar er nokkur neikvæðni varðandi salernisaðstöðu og samgöngur í allri sinni heildarmynd. Veikleikinn kemur líka fram í fjarlægð frá hringvegi nr. 1.

Tækifæri: Helstu tækifæri felast í að við eigum mikið inni, stórt svæði og hlutfallslega fáir ferðamenn. Fjölbreytt landslag og ólíkar perlur sem hægt er að nýta betur ef grunngerð lagast og skipulag verður betra. Einnig leynist tækifæri í frumleika Vestfjarða í matargerð, vetrarferðamennsku og menning og sögu.

Ógnir: Helstu ógnir eru samgöngur og lítill og hæg uppbygging. Einnig stór skemmtiferðaskip, hátt verðlag og náttúrhamfarir eins og sjóflóð. Það er fólksfækkun ógn og hugafar suðvesturhornsþjónustuaðila og íbúa.

3.8 PESTLE-greining

Hér er skoðað hvert umhverfið ferðajónustunnar er innan hins pólitíska-, samfélagslega-, efnahagslega-, tæknilega- og lagalega umhverfis en einnig innan náttúru og umhverfi.

Pólitíska umhverfið:

Tíðar kosningar á undanförunum árum hafa skapað töluverða óvissu í pólitísku umhverfi Íslands en í aðdraganda þeirra hefur töluvert verið rætt um ferðajónustu. Almenn ríkir jákvætt viðhorf til ferðajónustunnar meðal stjórn málaflókka sem eru sammála um að þörf er á uppbyggingu innviða og að vel sé stutt við þessa mikilvægu atvinnugrein.

Eitt helsta deilumál síðasta kjörtímabils var hækkun virðisaukaskatts á ferðajónustuna. Þessi áform hafa nú verið lögð til hliðar og lagt hefur verið til að skoða aðrar leiðir til gjalddtöku. Afstaða almennings gagnvart gjalddtöku og rétt landsmanna til að ferðast óheft um landið hefur verið töluvert í umræðunni. Í stefnu ríkisstjórnarinnar er ráðgert að ljúka við þá vinnu sem er hafin við að leysa úr árekstrum almannaréttar og ferðajónustu. Þar kemur einnig fram að á kjörtímabilinu verði mörkuð langtíma stefna um ferðajónustu í samvinnu við hagsmunaaðila með sjálfbærni að leiðarljósi. Þessi vinna er hafin, en hópur þvert á ráðuneyti vinnur nú að stefnu ríkisins í ferðajónustu. Þá er áformað að setja lög um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðajónustu sem leysa munu af hólmi núgildandi lög um skipan ferðamála (Stjórnarráð Íslands, 2017).

Samfélagslega umhverfið:

Ferðajónusta getur haft áhrif á nær alla þætti samfélagsins sem er ein af lykilstoðum sjálfbærrar ferðamennsku.

Áhrif ferðajónustu á húsnæðismarkaðinn hefur verið mikið í umræðunni. Ný löggjöf um heimagistingu tók gildi þann 1. janúar 2017, en helstu markmið með löggjöfinni voru að bregðast við miklum fjölda leyfislausrar gistingar. Áhrif Airbnb á íslenskan húsnæðismarkað hefur skapað neikvæðar umræðu en niðurstöður rannsóknar Seðlabanka Íslands benda til þess að árleg hækkun raunverðs íbúðarhúsnæðis sem rekja megi til aukinna umsvifa Airbnb á síðustu þremur árum sé um 2%. Þessi hækkun er um 15% af heildarhækkun íbúðarverðs á sama tíma (Seðlabanki Íslands, 2018).

Könnun sem Rannsóknarmiðstöð ferðamála vann árið 2017 sýnir að níu af hverjum tíu landsmönnum telja ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífs og að ferðajónustan sé mikilvæg í heimabyggð. Könnunin sýndi að meirihluti Íslendinga telur fjölda ferðamanna á Íslandi á sumrin hæfilegan en um fjórðungur telur fjöldann þó vera of mikinn. Könnunin sýndi einnig að í flestum landshlutum sjá landsmenn ferðajónustuna sem blómstrandi atvinnugrein sem eflir byggð, auki fjölbreytni í mannlífi, atvinnuháttum og þjónustu á svæðinu vegna fjöldans sem heimamenn njóta góðs af. Vísendingar um neikvæða áhrifaþætti koma þó einnig fram. Þannig er nokkuð stór hópur landsmanna hræddari nú en áður við að keyra á vegum úti og margir kannast við að forðast nú að sækja heim ákveðna fjölsóttu ferðamannastaði (Ferðamálastofa, 2018).

Efnahagslega umhverfið:


Ferðajónustan hefur gengt lykilhlutverk í bata íslenska efnahagskerfisins eftir hrun bankanna 2008. Vöxtur greinarinnar hefur verið gríðarlegur undanfarin ár, en ýmis teikn eru nú á lofti um að hægt hafi á vextinum þó svo að fjölgun ferðamanna hér á landi sé enn hlutfallslega meiri en í mörgum samanburðarlöndum.

Efnahagsaðgerðir stjórnvalda síðustu ár hafa haft ýmis jákvæð áhrif á efnahagslífið. Má þar helst nefna lagabreytingar til losunar gjaldeyrishafta, sem tók gildi í áföngum í október 2016 og janúar 2017. Eftir þá breytingu má segja að fjármagnshöft séu nánast með öllu afnumin.

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt var í febrúar 2018 var hámarki hagvaxtartímans náð seinni hluta árs 2016, en eftir það hafi tölur sýnt að heldur minni hagvöxtur hafi verið árið 2017 en áður var talið og það sama er líklegt að gildi um árið 2018. Seðlabankinn telur þetta endurspeglar hækkun raungengis og „aðlögun ferðajónustunnar að sjálfbærum vexti eftir hraðan vöxt undanfarin ár“.

Talningar Ferðamálastofu á brottförum frá Keflavíkurflugvelli sýna að hlutfallsleg fjölgun farþega er lægri frá 2016 til 2017 (24,2%) en frá 2015 til 2016 (40,1%). Tekið skal fram að þó hægt hafi á straumnum fjölgað ferðamönnum til Íslands ennþá hlutfallslega meira en til helstu nágrennalanda.

TOURISM LIFECYCLE



Mynd 38 - Þróun líftíma ferðamanna, Butler 1980.

Ýmsar ástæður hafa verið taldar upp fyrir hægari fjölgun ferðamanna og hægari vexti ferðaþjónustunnar en þar má helst nefna styrkingu íslensku krónunnar, aukna neyslu innanlands og ýmsar breytingar á lykilmörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu (s.s. vegna Brexit) en vöxtur á Bretlandsmarkaði fór úr 30% milli ára 2015 og 2016 niður í 1,9% vöxt milli ára 2016 og 2017. Ef litið er til ferðamálafræðanna s.s. kenningar Butlers (1980) um þróun líftíma ferðamanna (Butler's Tourism Area Life Cycle) má ætla að breytingar sem þessar séu hluti af eðlilegri þróun áfangastaða. Af myndinni hér til hliðar má ætla að Ísland sé nú að færast ofar á kúrfuna þar sem hægist á vexti og meiri stöðugleiki tekur við. Um leið veur kenningin athygli á mikilvægi þess að

gripið sé til aðgerða til að viðhalda þeim stöðugleika svo ekki taki við hnignun.

Tæknilega umhverfi:

Veraldarvefurinn og stóraukin notkun snjalltækja hefur opnað nýja möguleika fyrir ferðaþjónustuna, þá sérstaklega hvað varðar markaðssetningu staða. Samfélagsmiðlar gera fyrirtækjum og áfangastöðum kleift að senda markvissari skilaboð til vænlegra kaupenda s.s. hópa áhugafólks um ljósmyndun, fjallgöngur, fuglaskoðun um allan heim og auka tækifæri til að nálgast þá á fjölbreyttan hátt. Að sama skapi deilir fólk sjálf myndum af upplifunum sínum sem um leið verða hvati fyrir aðra að upplifa þær líka.

Áhrif samfélagsmiðla geta líka verið neikvæð, til dæmis þegar athygli er vakin á stöðum sem ekki eru í stakk búinir til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Þetta á sérstaklega við ef þekktir einstaklingar með milljónir fylgjenda birta af sér myndir á ákveðnum stöðum sem aðdáendur reyna svo að líkja eftir. Slíkar myndir og myndbönd geta í sumum tilvikum hvatt til óábyrgrar ferðahegðunar og því er mikilvægt fyrir áfangastaði að fylgjast vel með því sem í gangi er á samfélagsmiðlum hverju sinni. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir áfangastað eins og Ísland þar sem viðkvæm náttúra er helsta aðdráttarafið.

Íslandsstofa hefur með mjög góðum árangri nýtt sem veraldarvefinn til markaðssetningar á Íslandi síðustu ár og með því laðað að fjöldann allan af ferðamönnum frá hinum ýmsu mörkuðum.

Þegar til landsins er komið eru góðar síma- og nettengingar afar mikilvægur þáttur í að stuðla að frekari dreifingu ferðamanna um landið og ýta undir vörubróun. Á landi eins og Íslandi þar sem veður eru oft válynd, færð erfið og önnur náttúruvá eins og eldgos og flóð stöðugt yfirvofandi er mikilvægt öryggisatriði að búa yfir tækjum og tölum til að koma mikilvægum öryggisupplýsingum á framfæri við ferðamenn. Slysavarnarfélagið Landsbjörg/Safetravel hefur unnið afar gott starf hvað þetta varðar og heldur áfram að vinna að bættum öryggismálum ferðamanna í samstarfi við helstu hagaðila.

Ennþá vantar þó töluvert upp á að hið opinbera nýti tæknina í þaula til að koma upplýsingum á framfæri við ferðamenn þegar þeir eru komnir til landsins og má segja að Ísland sé nokkuð á eftir sínum helstu samanburðarlöndum hvað það varðar m.a. hvað varðar nýtingu framfara í útvarpstækni, net- og símasamband á vegum og notkun leiðsögukerfa til samskipta. Flest þessara atriða eru í stöðugri skoðun en skortur á fjármagni og skilvirkari stefnumótun hafa hægt á framþróun.

Lagalega umhverfið:

Lagalegt umhverfi á Íslandi hefur mikil áhrif á ferðaþjónustu, enda snertir hún flest svið samfélagsins. Horfið hefur verið frá hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, en sú ákvörðun var afar umdeild. Þess í stað verða aðrar leiðir til gjaldtöku skoðaðar á næstu misserum. Ný löggjöf um heimagistingu tók gildi þann 1. janúar 2017, en helstu markmið með löggjöfinni voru að bregðast við miklum fjölda leyfislausrar gistingar. Áformað er að setja lagasetningu vegna innleiðingar tilskipunar ESB um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Þá er einnig áformað að setja lög um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðaþjónustu sem leysa munu af hólmi núgildandi lög um skipan ferðamála. Lagalegir þættir geta haft mikil áhrif á ferðaþjónustu og því er mikilvægt að rödd ferðaþjónustunnar heyrist og að samtal við stjórnvöld sé mikið og gott.

Náttúra og umhverfið:

Hrein og ósnert náttúra er eitt helsta aðráttarafl Íslands og ein helsta ástæða þess að ferðamenn sækja landið heim. Í drögum að Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum eru sett fram drög að stefnu stjórnvalda í þessum efnum til að bregðast við auknum fjölda ferðamanna sem sækja landið heim, enda náttúran einn helsti grundvöllur ferðaþjónustunnar (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2018) Núverandi ríkisstjórn hefur einnig boðað metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum og þar er ekki síður mikilvægt að fjalla um hlut ferðaþjónustunnar, til dæmis varðandi samgöngur (Stjórnarráð Íslands, 2017). Neytendur eru sífellt meðvitaðir um umhverfis- og loftslagsmál og því mikilvægt að Íslendingar vinni að því að gera enn betur í þessum málum og viðhaldi góðu orðspori sínu. Ferðamenn sem sækja Ísland heim geta flestir fundið upplifanir og ferðir við sitt hæfi. Þetta fjölbreytta landslag þýðir þó einnig að hættur leynast víða og því mikilvægt að ferðaþjónustuaðilar séu með öryggismál í lagi.

3.9 GAP-greining

Nú þegar búið er að setja fram stöðugreiningu á áfangastaðnum bæði út frá veik- og styrkleikum og frá stöðunni í dag og markaðnum er hér sett fram GAP greining. Hvaða upplýsingar vantar eða hvað vantar okkur ennþá að vita ? Hvaða breytingar þurfum við að gera til að varan okkar áfangastaðurinn, þjónustan og upplifunin verði sem best? Síðan tökum við á spurninguna hvaða færni vantar okkur og/eða hvaða færni væri hægt að betrumbæta?

Með þessum spurningum eru hér settar fram hugmyndir af því hvað væri hægt að gera.

HVAÐA FÆRNI VANTAR OKKUR EÐA ER HÆGT AÐ BETRUMBÆTA SEM ÞARF AÐ VERA TIL STAÐAR?

Starfsþjálfun fyrir allar starfsgreinar

Hvernig? **Efla svæðisbundið nám tengd ferðaþjónustu**

Auka sjálfstraust minni rekstraraðila

Hvernig? **T.d með auka stafræna getu með námskeiðum**

Auka gæði í þjónustu, auka vitund um Vakann

Hvernig? **Aðstoða rekstraraðila að fara í Vakann**

HVAÐA BREYTINGAR ÞURFUM VIÐ AÐ GERA TIL AÐ ÁFANGASTAÐURINN, ÞJÓNUSTAN OG UPPLIFUN VERÐI SEM BEST?

Halda í persónulega þjónustu

Hvernig? **Ráða heimafólk eða þjálfra aðkomna í sögu og einkenni svæðisins**

Leggja áherslu á að það sé gaman að vinna í ferðaþjónustu

Hvernig? **T.d í gegnum markaðsetningu**

Vera með ekta eða upprunalegt

Hvernig? **Fræðsla og tenging við hönnunarheiminn**

Öryggi og upplýsingagjöf

Hvernig? **Halda áfram fræðslu til starfsmanna og ferðamanna.
Nota Vakann og Safetravel.**

Samstarf þjónustuaðila

Hvernig? **Efla enn frekar Ferðamálasamtök Vestfjarða og ýta undir að fólk skrái sig í Markaðsstofu Vestfjarða.**

HVADA UPPLÝSINGAR VANTAR EÐA HVAD VANTAR OKKUR ENÞÁ AÐ VITA?

Svæðisbundar rannsóknir

Polmarkarannsóknir á ýmsum stöðum á Vestfjörðum, auka samstarf við Rannsóknarmiðstöð Ferðamála.

Upplýsingar um væntingar ferðamanna sem koma, upplifun þeirra á svæðinu og álit á hverju hann leitar að. Einnig hvernig ferðamenn koma. Samstarf við Íslandsstofu.

Reglulegar íbúakannanir um áhrif ferðaþjónustunar og þeirra viðhorf. Samstarf t.d við Vestfjarðastofu.

Upplýsingar um ferðaþjónustufyrirtækin

Auka gæði upplýsinga á netinu með reglulegri athugun og hjálpa rekstraraðilum með að benda á hvað vantar – t.d opnunartíma.

3.10 Helstu áskoranir

Þegar allt hefur verið skoðað hvaða atriði eru það sem hafa helst áhrif á óstöðuleika? Hérna ertu settar fram helstu áskoranir sem áfangastaðurinn Vestfirðir standa frammi fyrir.

Vestfirðir teljast til jaðarsvæða, en um leið og lagningu hringvegarins lauk tengdi hann flestar byggðir landsins saman og færði þær „nær“ innbyrðis en einnig um leið skerpti hann á stöðu Vestfjarða sem jaðarsvæðis. Vestfirðir eru utan hringsins á táknrænan og bókstaflegan hátt. Hér er haldið áfram að vitna í Edward Huijbens og Gunnar Jóhannesson í bókinni Ferðamál á Íslandi (2013). Setja þeir upp töflu „áskoranir í uppbyggingu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum“ þar sem þessi atriði eru; Árstíðasveifla, fjarðlæðir og aðgengi – samgöngur, troðningur vegna takmarkaðra innviða, kröfur um kyrrð, frið og viðernisupplifun, takmörkuð stjórn heimafólks yfir hvernig grein þróast og möguleikar til kynningar og markaðssetningar takmarkaðar.

Þetta á ágætlega við miðað við þær helstu áskoranir sem Vestfirðir standa frammi fyrir en þær þrjár stærstu eru;

Árstíðarsveiflur

Árstíðarsveiflur hafa mikil áhrif. Eins og staðan eru núna er mikil áskorun að lengja tímabilið og ýta undir vetrarferðamennsku.

Samgöngur

Í samhengi við árstíðarsveiflur er hægt að skoða samgöngur, sem eru mikil áskorun fyrir ferðaþjónustuna á Vestfjörðum. Fram kom í kaflanum um markaðsmál 3.6.2. hvað samgöngur hafa mikil áhrif á markaðinn og hve samgöngur eru mikil forsenda allrar ferðaþjónustu. Samgöngur eru því höfuðatriði fyrir bæði gesti og þá sem vilja byggja upp ferðaþjónustu. Á Vestfjörðum hafa erfiðir vegir verið ferðaþjónustunni og samfélaginu til vandræða, t.d. eins og vegur um Gufudalssveit/Teigskógur, vetrarþjónusta við Árneshrepp og nú nýjasta bið eftir Dynjandisheiði sem á ekki að byrja á fyrr en að Dýrafjarðagöng verða tilbúin. Ekki á þetta bara við um samgöngur á landi en einnig hefur flugið verið erfitt og þá helst á norðanverðum Vestfjörðum. Mikið ákall er eftir nýju flugvallarstæði við Ísafjörð þar

sem takmarkanir eru margar við núverandi flugvöll. Má benda á að þegar lýtur að heimamönnum kom fram í skýrslu Eyrúnar Jenný Bjarnadóttur að Vestfirðingar skáru sig að mörgu leyti frá öðrum landsmönnum þegar kom að mati á ástandi hina ýmsu innviða t.d. höfðu Vestfirðingar langmestar áhyggjur af almenningssamgöngum og ástandi vegakerfis (2018). Eru því samgöngur ein af helstu áskorunum sem Vestfirðir standa frammi fyrir.

Troðningur vegna takmarkaðra innviða

Fram kom í kafla 3.5 um mat á áhrifum ferðaþjónustunnar á svæðinu að vissir staðir eru komnir að þolmörkum þegar kemur að álagi á náttúruna. Er bara brot af stöðum skoðir en ætla má að fleiri staðir eru við það að lenda í vandræðum. Það er í viss áskorun að ná að stöðva þá þróun eða koma í veg fyrir að hún verði á öðrum stöðum.

4 Framtíðarmarkmið

Sett er hér fram framtíðarsýn, um hvar Vestfirðir vilja vera eftir þrjú ár. Er þessi sýn unnin upp úr gögnum sem komu frá vinnuhópum á opnum fundum sem haldnir voru á svæðinu en einnig úr vinnu við stefnumótun vestfirskrar ferðaþjónustu (Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, 2016).

4.1 Framtíðarsýn

Sameiginleg sýn til næstu 3ja ára;

„Vestfirðir eru sjálfbær gæðaáfangastaður þar sem arðbær ferðaþjónusta er rekin í sátt við umhverfi og samfélag. Hringvegur 2 og kerfi göngu- hjóla- og hlaupaleiða gefur gestum kost á að njóta sérkenna svæðisins, ægífagurrar náttúru og heilstæðra þorpsmynda allt árið um kring“.

4.2 Tengsl við aðra áætlunargerð

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem snertir flesta þætti íslensk samfélags og opinber stefnumótun stjórnvalda á flestum sviðum hefur því áhrif á greinina. Áfangastaðaáætlanir landshlutanna taka á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæða auk þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugaðar er að fara við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun ferðaþjónustunnar innan svæðisins. Því er mikilvægt að áfangastaðaáætlanir landshlutanna séu uppfærðar í takt við helstu stefnumótunarverkefni og áætlanir ríkis og sveitarfélaga og að sama skapi sé litið til áfangastaðaáætlana þegar opinber stefna stjórnvalda er unnin.

Ferðaþjónustan hefur snertifleti við margar þeirra áætlana sem unnar eru á landsvísu og því afar mikilvægt að litið sé til áfangastaðaáætlana s.s. við gerð samgönguáætlunar, byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu og stefnumótunar ríkisvaldsins fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Þá er einnig mikilvægt að áfangastaðaáætlanir landshlutanna og Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vinni saman og séu uppfærðar í takt við hvor aðra.

Til þess að tengja saman þessar áætlunargerðir og framtíðarsýn Vestfjarða er mikilvægt að svæðisbundið DMO eða áfangastaðasamtök sé fyrir verkefnið á Vestfjörðum. Þó svo að hluti af aðgerðum og áætlunum sé ekki í höndum stjórnar áfangastaðaætlunar er þörf fyrir stýrihóp sem heldur utan um og tengir áætlunargerð sveitafélaga og stjórnvalda.

4.3 Meginmarkmið

Hér er tekin stóra myndin af þeim stefnumótandi markmiðum út frá framtíðarsýninni.

Meginmarkmið með sjálfbærni að leiðarljósi:

- Uppbygging gæðaáfangastaðar
- Öflugt samstarf hagaðila sem leggur grunn að gæða ferðaþjónustu
- Samstaða um umhverfi og samfélag
- Bættar samgöngur
- Viðhald sérkennis svæðis og náttúru
- Heilsársferðaþjónusta
- Heildstæðar þorpsmyndir
- Rannsóknir, þróun og nýsköpun

4.4 Starfsmarkmið

Hér er farið í þau starfsmarkmið út frá þessum meginmarkmiðunum. Starfsmarkmiðin eru skipt upp eftir Vestfirðir í heild og síðan svæðin sjálf, norðursvæði, suðursvæði og Strandir og Reykhólar. Út frá þessum markmiðum kemur sjálf aðgerðaráætlunin í kafla 5.5.

Fyrir Vestfirði sem heild

1. Hringvegur 2 - Uppbygging á öruggum samgöngum sem henta ferðþjónustu og flutningum með áhersla á að ljúka hringvegi 2 um Vestfirði.
 - Undirbúa hringtengingu Vestfjarða sem verður til með Dýrafjarðargöngum og vegi yfir Dynjandisheiði. Efla þarf í því samhengi heilsársferðþjónustu á svæðinu bæði með stefnumótun, vöruþróun og kynningu.
2. Heilsársferðþjónusta – Efling heilsársferðþjónustu. Þróa og vekja athygli á og auka sölu á ferðum til Vestfjarða með sérstaka áherslu á lengingu ferðamannatímabilsins.
3. Uppbygging ferðþjónustu í bæjarkjörnum - Uppbygging ferðþjónustu í bæjarkjörnunum og vinna við stefnumótun ferðþjónustu í þorpunum. Áhersla á þróun afþreyingar hvort sem er með selda afþreyingu eða sem ferðamenn geta nýtt sér sjálfir eins og hönnun á öflugum kerfi göngu,- hjóla og hlaupaleiða.
4. Skemmtiferðaskip, stjórnun, stýring og aðgengi - Rammi verður settur um stjórnun, stýringu og aðgengi skemmtiferðaskipa á Vestfjörðum fyrir árið 2020.
5. Öflugt samstarf og gæði – Auka gæðavitund og samstarf ferðþjóna og auka starfræna hæfni og tæknilega getu ferðþjóna.
6. Efla áhugaverða sögustaði - Efla áhugaverða sögustaði með lengri opnunartíma sem og uppbyggingu sem varðar uppsetningu sýninga og aðgengi
7. Þjónusta við ferðamannavegi - Endurskoðun á þjónustu á vegum þar sem áfangastaður er í sókn.

Hér er farið í hvern áfangastað út frá svæðiskiptingu. Hér er unnið með uppbygging áfangastaða með sín sérkenni þar sem náttúran fær að njóta sín í samlyndi við ferðamenn.

Norðursvæði

1. Dynjandi – Heildarskipulag svæðis við áfangastaðinn Dynjanda.
2. Bolafjall – Heildarskipulag Bolafjalls sem áfangastað.
3. Skemmtiferðaskip á Ísafirði - Skipulags-, hönnunar- og framkvæmdavinna til að móta aðkomu farþegar skemmtiferðaskipa og fyrstu upplifun þegar í land er komið.
4. Hvítanes og Litlibær í Ísafjarðadjúpi – Bætt aðkoma ferðamanna að Hvítanesi og Litlabæ með áherslu á samspil náttúru og öryggis ferðamanna við þjóðveginn.
5. Hornstrandir og Jökulfirðir – Greining á núverandi stöðu og stefnumótun um þróun friðlandsins sem áfangastaðar.
6. Heildarskipulagning á Tungudal, Seljalandsdal og Hnífum - Hönnun á alhliða útivistarsvæði sem innihaldi skíða-, göngu-, hlaupa- og hjólaleiðir með útsýnisstöðum og þjónustuhúsi.
7. Minnibakki – Skálavík – Uppbygging Minnibakka og Skálavíkur sem áfangastaða með aðgengi að salernum og bættum samgöngum.
8. Hornstrandarstofa – Uppbygging gestastofu á Ísafirði

Suðursvæði

1. Látrabjarg – Unnið að framtíðarlausn með heildarskipulagningu Látrabjargs sem áfangastaðar.
2. Minjasafnið að Hnjóti – Nauðsynlegt er að byggja upp og bæta aðgengi að Minjasafninu að Hnjóti og efla það þannig sem áningarstað ferðamanna.
3. Táknafjarðarhreppur – Uppbygging áfangastaða í Táknafjarðarhreppi.
4. Rauðasandur – Heildarskipulagning Rauðasands sem heilsársáfangastaðar.
5. Garðar BA – Uppbygging áningarstaðar.
6. Listasafn Samúels í Selárdal – Áframhald á viðeigandi uppbyggingu safnsins með aðstöðu fyrir gesti, veitingar og búð. Bæta þarf aðgengi að safninu.
7. Sundlaugin í Krossholti – Uppbygging í kringum sundlaugina í Krossholti á Barðaströnd.

Strandir og Reykhólar

1. Áningarstaðir í Reykhólasveit – Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
2. Áningarstaðir í Strandabyggð - Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
3. Kaldalón – Uppbygging Kaldalóns sem áfangastaðar með tengingu við Drangajökul.
4. Árneshreppur – Uppbygging fleiri áningarstaða, hönnun og kortlagning.
5. Pottarnir á Drangsnesi – Uppbygging pottana á Drangsnesi sem áningarstað.
6. Heilsársvegur í Árneshrepp – Öruggar heilsársamgöngur í Árneshreppi.

5 Stefna og aðgerðaáætlun

5.1 Hvernig ferðapjónustu viljum við?

Ferðapjónustu með náttúru og menningu sem helstu áherslusvið.

- Náttúruferðamennska (e. nature-based tourism)
- Sjálfbær ferðamennska (e. sustainable tourism)
- Upplifunarferðamennska (e. experience tourism)
- Menningar og arfleiðarferðamennska (e. culture and heritage tourism)
- Matarferðamennska (e. food/culinary tourism)

Stefnan er að á Vestfjörðum verði ekki massa ferðapjónusta en megin áhersla á að byggja upp ferðapjónustu fyrir gesti sem eru tilbúnir að dvelja lengur og borga fyrir gæði.

5.2 Helstu markaðir

Hér er nýst við nýjustu markhópagreiningu Íslandsstofu (2017) en Íslandsstofa hefur greint hvaða markhópar eru ákjósanlegir fyrir íslenska ferðapjónustu og nefnt þá, en þeir eru Lífsglaði heimsborgarinn (e. The Fun-loving Globetrotter), Sjálfstæði landkönnuðurinn (e. The Independent Explorer) og Makindalegi menningarvitinn (e. The Cultural Comfort Seeker).

Markhóparnir hafa verið greindir út frá lífsháttum, persónugerð og hvernig þeir mæta þörfum og markmiðum íslenskrar ferðapjónustu. Í grunninn eru þetta ferðamenn með hærri tekjur, ferðast oft, leita stöðugt eftir nýjum upplifunum og áfangastöðum, vilja tengjast menningu og heimafélki og bera virðingu fyrir umhverfinu sem þeir fara um. Þó er margt ólíkt milli þessara hópa sem einkennir þær upplifanir sem hóparnir sækjast eftir og lífshætti þeirra.


Hér er farið ýtarlega í markhópagreiningu Íslandsstofu út frá þessum hópum.

Lífsglaði heimsborgarinn: (grænn litur)

Hlutdeild af ferðamönnum 36%

Úthverfur, skapandi og opinn fyrir nýjungum og félagsskap. Forvitinn að eðlisfari og vill ögra sjálfum sér með því að upplifa framandi náttúru og menningu, en þó án þess að setja sig í óþarfa hættu. Hann vill sjá hvernig fólk á ólíkum stöðum hagar lífi sínu og gefur sér tíma til að upplifa og skynja

- Ferðast utan sumarmánaða
- Virkur ferðalangur
- Líklegur til að koma aftur
- Er umhugað um náttúru og náttúruvernd
- Tilbúin/n að borga fyrir gæði, þjónustu og vörur
- Varkár að eðlisfari og sækist í leiðsögn og gæðavottanir
- Er viljug/ur til að ferðast lengra og heimsækja smærri samfélög



Mynd 39. - lykilorð lífsglaða heimsborgarans

Sjálfstæði landkönnuðurinn: (blár litur)

Hlutdeild af ferðamönnum 17%

Eiginleikar sjálfstæða landkönnuðarins er að hann vill ekki hefðbundið frí eða vera heftur í of skipulagðri dagskrá heldur það sem er framandi og nýtt. Kýs að ferðast í fámennum hópi þar sem ekta íslensk upplifun skiptir miklu máli. Sækist eftir að læra um menningu og sögu áfangastaðarins og ferðast með umhverfisvænum hætti.

- Er viljug/ur til að ferðast lengra og heimsækja smærri samfélög
- Ferðast utan sumarmánaða
- Virkur ferðalangur
- Líklegur til að koma aftur
- Er umhugað um náttúru og náttúruvernd




Mynd 40. - Lykilorð sjálfstæða landkönnuðarins.

Makindalegi menningarvitinn: (rauður litur)

Hlutdeild af ferðamönnum 17%


Ævintýragjarn innan skynsamlegra marka. Ferðast í „núinu“ og sækist eftir að upplifa staðarandann og menninguna frá fyrstu hendi. Kýs þægindi og þjónustu.

- Virkur ferðalangur
- Sækist í menningu
- Tilbúin/n að borga fyrir gæði, þjónustu og vörur
- Varkár að eðlisfari og fer sér ekki á voða




Mynd 41. - Lykilorð makindalega menningarvitans

Á mynd 42 má sjá hvaða þætti hver markhópur setur í forgang



Mynd 42. - Hvaða þættir hver markhópur setur í forgang. Mynd: Íslandsstofa.



Mynd 43. - Hlutdeild ferðamanna eftir hverjum markhóp. Mynd: Íslandsstofa.

Á mynd 43. má sjá hvað hver hlutdeild er út frá hverjum markhóp. Hin sjálfstæði landkönnuðurinn tilheyrir þeim markaði sem Vestfirðir leita mest til og er sjálfstæði landkönnuðurinn með 17% hlutdeild af ferðamönnum. Skilgreining hans kemur heim og saman við greiningar Vestfjarða. Á svæðið hafa komið náttúruunnendur til að dást að náttúrunni og ferðast um á eigin vegum. Þeir vilja skoða og ferðast um landið og eru tilbúinir að leggja smá krók á leið sína til að komast á afskekktu staði. Þeir gera sér grein fyrir að ekki sama lúxus sé í boði og á höfuðborgarsvæðinu. Gistingin er kannski ekki þriggja stjörnu en hægt er að fá einstaka upplifun.

Markhóparnir þrír eru reyndar að mörgu leiti líkir og þá má líka finna ákveðna samlegðaráhrif með „Lífsglaða heimsborgaranum“ en einn munur á þessum tveim hópum er þegar kemur að því hversu tilbúinir þeir eru í líkamlega örvun. Vestfirðina hafa nefnilega líka heimsótt virkt útivistarfólk sem að er

tilbúið að leggja töluvert á sig til að upplifa stórbrotna náttúru landsins og er útivist stór hluti af lífsstíl þessa hóps (Fjallaskíði, Kayakferðir, Fossavatnsganga).

Helstu markaðir Vestfjarða eru því þýsku- og enskumælandi lönd.

5.3 Möguleikar svæðisins

Til þess að átta sig á hvað þarf að bæta til að áfangastaðurinn Vestfirðir verði sem samkeppnahæfastir og sinni þörfum þess markhóps sem einblínt er á eru hér settir fram punktar sem hafa komið fram hér. Einnig er horft til virðisikeðju viðskiptavinarins.

Í dag stýrir varan sem er í boði á staðnum markaðnum og með því að betrumbæta vöruna geta Vestfirðir orðið samkeppnishæfari. Taka skal fram að þetta er ekki algilt, sumstaðar er þetta í lagi en til að Vestfirðir í heild geti unnið saman þarf að hjálpast að hámarka gæði áfangastaðarins.

Upplýsingar

- Skýrar og vel framsettar, hvort sem er á netinu eða við komu.
- Hagnýting netsins við miðlun upplýsinga
- Upplýsingamiðlun miði við þarfir gesta

Framsetning efnis

- Að ferðaþjónustuaðilar taki þátt í að móta og séu meðvitaðir um stefnu Vestfjarða í markaðsmálum
- Ferðaþjónar og sveitarfélög nýti efni Markaðsstofnunar og skilaboð séu samhæfð.

Gæði

- Hvort sem er á gæði vöru eða starfsemi rekstaraðila skiptir miklu í ásýnd
- Að tileinka sér gæðastaðla eins og Vakann hjálpar til við framsetningu á vöru

Lengd opnunar

- Til að ferðatímabilið eigi möguleika á að lengjast þarf að huga að opnunartíma þjónustunnar, hvort sem er gistingastaðir, veitingastaðir eða afbreyting.
- Tryggja lágmarksþjónustu í þéttbýliskjörnum allt árið (gisting, veitingar, afbreyting)

Fleiri vörur

- Aukið samstarf ferðaþjóna innan Vestfjarða við þróun ferða
- Aukið samstarf þarf við stóra ferðaheildsala og smásala um sölu á Vestfirskum ferðamöguleikum

Samgöngur

- Þjónusta við vegi í takt við ferðaþjónustu
- Merkingar á vegum og áningastöðum
- Hringvegur 2 skilgreindur
- Réttar upplýsingar um færð á vegum, opnanir og vetrarlokanir á helstu vefum

Betri tæknileg þekking

- Tryggja þarf fræðslu til ferðaþjóna og uppfærslu tæknilegrar getu
- Ferðaþjónar kunni að skrá sig t.d. á Google Maps og helstu sölusíður
- Hægt sé að bóka helstu ferðavörur á netinu
- Ferðaþjónar séu sýnilegir með góðar og uppfærðar upplýsingar um fyrirtæki sín á netinu

Umhverfisvitund

- Grænu skrefin í ferðaþjónustufyrirtækin
- Fyrirtæki í Vakanum eru með umhverfisviðurkenningu
- Ferðaþjónar þekki umhverfsvottun Vestfjarða og kynni á vefjum sínum

5.4 Lágmarkun neikvæðra áhrifa

Í kafla 3.5 er farið i mat á áhrifum ferðaþjónustunnar á svæðinu. Þar farið yfir jákvæð og neikvæð áhrif á mismunandi þætti. Það helsta sem kom frá því að viss svæði eru með neikvæða þætti á;

- Ágengi á umhverfisþætti sem hægt væri að lágmarka neikvæð áhrif með friðlýsingum eða sterkari regluverki um þá staði. – uppbygging áningarstaða
- Aðrir umhverfisþættir komu fram og þá um skemmtiferðaskip, úr frá mengun og landtöku. Hægt væri að mæla mengunina til að fá það á hreint en varðandi landtöku er breyting á regluverki og frekari skoðana þörf.
- Átroðningur ferðamanna sem leiðir til þess að íbúar verða neikvæðir í garð þeirra. Fram kom sú neikvæð áhrif út frá vissum skipadögum á Ísafirðir en nú þegar er komin á stað vinna með starfshópi á vegum Ísafjarðarbæjar til að skoða þau mál.

Út frá óvissuþáttum er hægt að minnst á meira aðgengi á nýja staði, t.d. með opnun Dýrafjarðaganga og lagfæringu á Dynjandisheiði opnast sá kafla að vetrarlagi með meira aðgengi að Dynjanda. Það þarf því skipulagningu og að hugsa fram í tímann til að lágmarka neikvæð áhrif sem gæti orðið.

Einnig þarf að til að lágmarka neikvæð áhrif með að skoða reglur og stefnur hvað varðar húsbíla eða svokallaða camper bíla. Mikil aukning hafi verið á komu þeirra og þá oft lagt yfir nótt á stöðum sem ekki teljast sem gististaðir. Einnig hefur komið fram aukning t.d á Rauðasand að vetri til.

5.5 Aðgerðaáætlun

Aðgerðaáætlun er unnin eftir starfsmarkmiðum í kafla 4.4 og er skipt upp eftir Vestfirðir, norðursvæði, suðursvæði og Reykhólar og Strandir.

5.5.1 Vestfirðir allir

Verkefni 1.	Undirbúningur hringvegur 2
Markmið	Undirbúa hringtengingu Vestfjarða sem verður til með Dýrafjarðargöngum og vegi yfir Dynjandisheiði. Efla þarf heilsársferðþjónustu á svæðinu bæði með stefnumótun, vörubróun og kynningu.
Stutt verkefnalýsing	Ferðþjónustan á Vestfjörðum hefur talað fyrir því að Vestfjarðahringurinn sem verður til með gerð Dýrafjarðarganga og vegi yfir Dynjandisheiði verði skilgreindur sem Hringvegur 2. Vinna þarf stefnumótunarvinnu fyrir þessa ferðamannaleið sem og vörubróun með áherslu á ferðir utan háannar.
Ábyrgðaraðilar	Markaðsstofa Vestfjarða.
Samstarfsaðilar	Ferðamálasamtök Vestfjarða, ferðþjónar á svæðinu, sveitarfélögin á Vestfjörðum.
Fjármögnun	Kostnaður: Ekki vitað. Hver fjármagnar: Ábyrgðaaðilar finna fjármögnun.
Árangursmælikvarðar	Samstarf og skuldbinding ferðþjóna. Vinnulag við aðrar ferðamannaleiðir skoðaðar (t.d. Arctic Coast Way). Ferðamannaleið skilgreind og þróuð.
Lokaafurð	Komin verði skilgreind ferðamannaleið sem er hringvegur nr.2 með þétt net afþreyingar og þjónustu.
Tímarammi	2018-2022.

Verkefni 2.	Heilsársferðapjónusta - Þróun og kynning ferðapakka
Markmið	Þróa og vekja athygli á og auka sölu á ferðum til Vestfjarða með sérstaka áherslu á lengingu ferðamannatímabilsins.
Stutt verkefnalýsing	<p>Hafin er vinna með ferðapjónum á svæðinu um að draga saman vörur og þjónustu í ferðapakka sem leggja áherslu á vor og haust annarsvegar og vetur hinsvegar. Verkefnið felst í að klára vinnu við þessa vörupakka í samstarfi við ferðapjóna á svæðinu. Í framhaldi þarf að kynna ferðapakkana fyrir ferðaskrifstofum á höfuðborgarsvæðinu enda ljóst að megin þorri þeirra ferða sem seldar eru til Vestfjarða eru seldar í Rvk.</p> <p>Töluverð vinna fer í að kynna Vestfirðina sem raunhæfan möguleika fyrir ferðamenn utan háannar enda gætir ákveðinna fordóma í garð Vestfjarða og samgangna inn á og innan svæðisins.</p>
Ábyrgðaaðilar	Markaðsstofa Vestfjarða.
Samstarfsaðilar	Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur á svæðinu.
Fjármögnun	<p>Kostnaður: Ekki vitað.</p> <p>Hver fjármagnar: Ábyrgðaaðilar finna fjármögnun.</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Fundir með ferðapjónum til að draga saman hugmyndir af ferðapökkum.</p> <p>Þrír nýir vörupakkar þróaðir og beint að skilgreindum markhópum.</p> <p>Vörupakkar kynntir.</p> <p>Vörupakkar settir í sölu.</p>
Lokaafurð	Vörupakkar sem komnir eru í sölu hjá ferðaskrifstofum á svæðinu sem og stærri ferðaskrifstofum á höfuðborgarsvæðinu.
Tímarammi	2018-2020.

Verkefni 3.	Uppbygging ferðapjónustu í bæjarkjörnum
Markmið	Uppbygging ferðapjónustu í bæjarkjörnunum og vinna við stefnumótun ferðapjónustu í þorpunum. Áhersla á þróun afþreyingar hvort sem er seld afþreying eða sem ferðamenn geta nýtt sér sjálfir eins og hönnun á öflugum kerfi göngu-, hjóla og hlaupaleiða, sem einnig mun nýtast ferðapjónum til að byggja sínar vörur á.
Stutt verkefnalýsing	Uppbygging og þróun afþreyingar innan þorpanna á Vestfjörðum, var þar horft til afþreyingar sem ferðamenn gætu nýtt sjálfir en jafnframt ferðir og afþreyingu sem ferðaskipuleggjendur gætu selt. Töluvert framboð er á afþreyingu á norðanverðum Vestfjörðum en á mörgum stöðum er hún mjög árstíðabundin. Það er því horft til þess að vinna með öllum þorpunum við að koma af stað og tengja betur saman þá afþreyingu sem er til staðar og stuðla þannig að því að ferðamenn dveljist lengur á staðnum.
Ábyrgðaaðilar	Markaðsstofa Vestfjarða.
Samstarfsaðilar	Sveitarfélögin á Vestfjörðum, ferðapjónar á svæðinu.
Fjármögnun	Kostnaður: Ekki vitað. Hver fjármagnar: Ábyrgðaaðilar finna fjármögnun.
Árangursmælikvarðar	Afþreying í þorpunum á Vestfjörðum kortlögð. Greina á hvaða afþreyingu vantar á hverjum stað. Hönnun skoðuð á kerfi göngu-, hjóla- og hlaupaleiðum. Fundir með ferðapjónum á svæðinu. Hugsanlegt demo verkefni í einhverju þorpunum. Skilgreining áningarstaða í þorpum og bæjum Fjöldi tilbúinna ferða eða afþreying til sölu. Dregin saman afþreyingarmöguleikar.
Lokaafurð	Ferðir og afþreying jafnt fullmótaðar ferðir til sölu en einnig afþreying sem ferðmenn geta gert á eigin vegum út frá grunni öflugum göngu-, hjóla- og hlaupaleiðum.
